

# **SKÝRSLA**

## **nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum**

**Félags- og tryggingamálaráðuneytið  
apríl 2009**



# EFNISYFIRLIT

FORMÁLI.....	5
INNGANGUR.....	6
HELSTU TILLÖGUR.....	8
1 SIFJAMÁL OG FÉLAGSLEG STAÐA BARNA.....	12
1.1 Staða barna samkvæmt ákvæðum barnalaga.....	12
1.1.1 Rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur, 2008.....	12
1.1.2 Barnalög á Íslandi.....	15
1.1.3 Norrænn réttur.....	17
1.1.3.1 Finnland.....	17
1.1.3.2 Svíþjóð.....	18
1.1.3.3 Danmörk.....	19
1.1.3.4 Noregur.....	20
1.1.4 Sjónarmið um einstök álitamál.....	22
1.1.4.1 Faðerni.....	22
1.1.4.2 Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá.....	23
1.1.4.3 Sjálfvirk forsjá stjúp- og sambúðarforeldris.....	24
1.1.4.4 Aðgangur forsjárlausra foreldra að upplýsingum.....	25
1.1.4.5 Umgengni.....	25
a) Mál um umgengni rekin fyrir dómstólum.....	25
b) Heimild til að úrskurða/dæma umgengni 7 daga af 14.....	26
c) Umgengni við stjúpforeldra.....	26
d) Umgengni við ömmu og afa.....	27
e) Kostnaður við umgengni.....	27
f) Umgengnistálmanir.....	28
1.1.4.6 Tvöfalt lögheimili barns.....	29
1.1.4.7 Heimild foreldris til að breyta lögheimili barns.....	30
1.2 Félagsleg staða barna í ólíkum fjölskyldum.....	31
1.2.1 Uppeldisaðstæður og velferð barna tengjast fjölskyldugerð – Sigrún Júlíusdóttir, Háskóla Íslands.....	31
1.2.2 Helmingur foreldra fer ekki með lögheimili barna eftir skilnað – Lúðvík B. Jónsson, Félag um foreldrajafnrétti.....	34
1.2.3 Félagsleg staða einstæðra foreldra samkvæmt reynslu af starfi Félags einstæðra foreldra – Laufey Ólafsdóttir.....	38
1.2.4 Stjúpfjölskylda er hið venjulega fjölskylduform margra barna: Félagsleg staða stjúpfjölskyldna – Valgerður Halldórsdóttir.....	41
1.2.5 Þjónusta við börn í ólíkum fjölskyldum.....	48
1.2.5.1 Spurningar um þjónustu hins opinbera við börn í ólíkum fjölskyldum.....	48
1.2.5.2 Samantekt um svör og viðbótarupplýsingar.....	48
1.3 Tillögur nefndarinnar.....	51
1.3.1 Faðerni.....	51
1.3.2 Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá.....	51
1.3.3 Sjálfvirk forsjá stjúp- og sambúðarforeldris.....	52
1.3.4 Aðgangur forsjárlausra foreldra að upplýsingum.....	52
1.3.5 Mál um umgengni rekin fyrir dómstólum.....	53

1.3.6 Heimild til að úrskurða/dæma umgengni 7 daga af 14 .....	53
1.3.7 Umgengni við stjúpfóreltra .....	53
1.3.8 Umgengni við ömmu og afa.....	54
1.3.9 Kostnaður við umgengni .....	54
1.3.10 Umgengnistálmanir .....	54
1.3.11 Tvöfalt lögheimili barns .....	55
1.3.12 Heimild foreldris til að breyta lögheimili barns .....	55
<b>2 FRÆÐSLA OG RÁÐGJÖF TIL BARNAFJÖLSKYLDNA.....</b>	<b>57</b>
2.1 Fjölskyldufræðsla og ráðgjöf óháð fjölskyldugerð .....	57
2.2 Fjölskyldufræðsla til verðandi foreldra .....	58
2.3 Sambúðarslit – skilnaður .....	58
2.4 Stjúpfjölskyldur .....	59
2.5 Hvar á fræðsla/stuðningur að fara fram?.....	60
2.6 Skólasamfélagið .....	60
2.7 Netsíða.....	61
<b>3 FJÁRMÁL BARNAFJÖLSKYLDNA .....</b>	<b>62</b>
3.1 Inngangur .....	62
3.2 Rannsókn Hagstofu Íslands.....	62
3.2.1 Ráðstöfunartekjur .....	63
3.2.2 Neyslueining.....	63
3.2.3 Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.....	63
3.3 Neysluviðmið – skýrsla frá viðskiptaráðuneyti.....	64
3.4 Komið verði til móts við efnalitlar barnafjölskyldur .....	65
3.5 Meðlög .....	65
3.6 Áhrif kreppunnar á vinnu nefndarinnar við fjármál barnafjölskyldna .....	66
3.7 Barnatryggingar.....	66
3.7.1 Núverandi kerfi .....	68
3.7.1.1 Barnabætur .....	68
3.7.1.2 Mæðra- og feðralaun .....	69
3.7.1.3 Barnalífeyrir .....	69
3.7.1.4 Viðbót atvinnuleysisbóta vegna barna .....	70
3.7.1.5 Námsmenn.....	70
3.7.2 Einstæðir foreldrar.....	71
3.7.3 Hjón og sambúðarfólk.....	75
3.8 Ábendingar um skiptingu aðstoðar við rúma umgengi .....	81
FYLGISKJAL I: Rannsókn Hagstofu Íslands.....	82
FYLGISKJAL II: Dagskrá málþings um fjölskyldumál .....	114

## FORMÁLI

Í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna, sem samþykkt var á 134. löggjafarþingi, skipaði félagsmálaráðherra þann 9. nóvember 2007 nefnd til að fjalla um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra. Nefndinni var jafnframt falið að fjalla um réttarstöðu stjúpföreltra og aðstæður þeirra. Skyldi meginverkefni nefndarinnar vera að kanna fjárhagslega og félagslega stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og stjúpföreltra, að skipuleggja og vinna að söfnun upplýsinga um þessa hópa foreldra og stöðu þeirra, að fara yfir réttarreglur sem varða hópana og gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um hugsanlegar úrbætur í málefnum þeirra á grundvelli löggjafar og/eða tiltekinna aðgerða.

Í nefndina voru skipuð:

Ágúst Ólafur Ágústsson, skipaður af félagsmálaráðherra, formaður,  
Björk Vilhelmsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ellý Erlingsdóttir til vara,  
Dögg Pálsdóttir, skipuð af félagsmálaráðherra,  
Helga Þórisdóttir, tiln. af menntamálaráðuneyti, Guðni Olgeirsson til vara. Helga Þórisdóttir hætti síðan störfum í menntamálaráðuneyti og var Guðni Olgeirsson því tilnefndur í nefndina,  
Jóhanna Gunnarsdóttir, tiln. af dóms- og kirkjumálaráðuneyti,  
Laufey Ólafsdóttir, tiln. af Félagi einstæðra foreldra, Katrín Theodórsdóttir til vara,  
Lúðvík Börkur Jónsson, tiln. af Félagi um foreldrajafnrétti, Heimir Hilmarsson til vara,  
Páll Ólafsson, tiln. af Félagssráðgjafafélagi Íslands, Þorsteinn S. Sveinsson til vara,  
Sigríður Jónsdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg, Ellý A. Þorsteinsdóttir til vara. Sigríður hætti í nefndinni 1. september 2008 vegna leyfis frá störfum,  
Sigrún Júlíusdóttir, tiln. af Háskóla Íslands, Jóhanna R. Arnardóttir til vara,  
Sjöfn Þórðardóttir, tiln. af Heimili og skóla, Helga Margrét Guðmundsdóttir til vara,  
Valgerður Halldórsdóttir, tiln. af Félagi stjúpfjölskyldna, Marín Jónasdóttir til vara.

Magnús S. Magnússon, skrifstofustjóri félagsmálasviðs Hagstofunnar, var tengiliður Hagstofunnar við nefndina varðandi gagnaöflun og úrbætur í gagnavinnslu.

Nefndin hafði tvo starfsmenn, Hrefnu Friðriksdóttir sem þá var lögfræðingur Barnaverndarstofu, síðar lektor í sifjarétti við Háskóla Íslands, og Þorgerði Benediktsdóttur, lögfræðing í félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Nefndin færir Magnúsi Magnússyni og öðrum þeim starfsmönnum Hagstofu Íslands, sem veittu nefndinni ómetanlega aðstoð við upplýsingar og gagnaöflun og unnu rannsókn í tengslum við nefndarstarfið, sínar bestu þakkir.

Í störfum nefndarinnar við gerð tillögu sinnar um hið nýja kerfi, barnatryggingar, sem komi í stað barnabóta o.fl., var leitað aðstoðar við útreikninga o.fl. hjá Sigurði Guðmundssyni á efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis og Arnaldi Sölva Kristjánssyni, Háskóla Íslands. Er þeim þökkun vandasöm störf.

## INNGANGUR

Meginverkefni nefndarinnar var að kanna fjárhagslega og félagslega stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og stjúpfareldra, að skipuleggja og vinna að söfnun upplýsinga um þessa hópa foreldra og stöðu þeirra, að fara yfir réttarreglur sem varða hópana og gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um hugsanlegar úrbætur í málefnum þeirra á grundvelli löggjafar og/eða tiltekinna aðgerða.

Þar sem viðfangsefni nefndarinnar var umfangsmikið var henni fljótlega skipt í þrjá vinnuhópa. Einn fjallaði um sifja- og barnarétt og félagslega stöðu barna, annar um fjárhagsleg málefni barnafjölskyldna og sá þriðji um stuðning og fræðslu við barnafjölskyldur. Vinnuhóparnir voru skipaðir með eftirfarandi hætti:

*Félags og sifjahópur:* Ágúst Ólafur Ágústsson, Dögg Pálsdóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Lúðvík Börkur Jónsson, Páll Ólafsson, Sigrún Júlíusdóttir, Sjöfn Þórðardóttir og Valgerður Halldórsdóttir. Starfsmaður hópsins og formaður hans var Hrefna Friðriksdóttir.

*Fræðsluhópur:* Guðni Olgeirsson, Páll Ólafsson, Sigrún Júlíusdóttir, Sjöfn Þórðardóttir og Valgerður Halldórsdóttir sem jafnframt var formaður starfshópsins.

*Fjárhagshópur.* Björk Vilhelmsdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Lúðvík Börkur Jónsson og Sigríður Jónsdóttir. Sigríður Jónsdóttir hætti í nefndinni í september 2008. Starfsmaður var Þorgerður Benediktsdóttir. Formaður til 1. september 2008 var Sigríður Jónsdóttir en síðar Ágúst Ólafur Ágústsson. Með fjárhagshópnum unnu framan af Magnús Magnússon og fleiri starfsmenn Hagstofu Íslands. Á síðari stigum í nefndarstarfinu unnu Sigurður Guðmundsson fjármálaráðuneyti og Arnaldur Sölvi Kristinsson Háskóla Íslands með fjárhagshópnum.

Hóparnir þrír, félags- og sifjahópur, fjármálahópur og fræðsluhópur, unnu hver á sínu sviði, en lögðu í lokin verk sín fyrir nefndina.

Nefndin í heild sinni hélt 19 fundi. Fjármálahópur hélt 14 fundi, félags- og sifjahópur 19 fundi og fræðsluhópur 9 fundi. Heildarfjöldi nefndar var 61 fundur.

Nefndin átti mikið og gott samstarf við Hagstofu Íslands. Hagstofan hefur útbúið gagnagrunn um feður og mæður, en þar er að finna upplýsingar um einstaklinga sem hafa eignast börn á árabílinu 1989–2008 skipt niður eftir hjúskaparstöðu. Að beiðni nefndarinnar vann Hagstofa Íslands að rannsókninni „Tekjur og efnahagur barnafjölskyldna árið 2007. Rannsókn á ráðstöfunartekjum, eignum og skuldum eftir sambúðarstöðu foreldra og því hvar börn þeirra búa“ sem kom út árið 2008. Efni úr rannsókninni er tekið upp í skýrsluna, en rannsóknin í heild er birt sem fylgiskjal 1 með skýrslunni.

Í tengslum við nefndarstarfið vann Sigrún Júlíusdóttir prófessor rannsókn um viðhorf og reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá eftir lagabreytingu 2006 er nefnist „Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda“ (2008) sem skýrt er frá í skýrslu þessari. Ítarleg grein um rannsóknina er væntanleg í Tímarit lögfræðinga.

Nefndin hélt í október 2008 málþing um fjölskyldumál á Íslandi undir yfirskriftinni „Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi?“ Þar var fjallað um félagslega, lagalega og fjárhagslega stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum. Nefna má fráskilda foreldra með sameiginlega eða skipta forsjá barna sinna, fjölskyldumynstur þar sem annar eða báðir aðilar sem til hennar stofna eiga börn úr öðrum samböndum, einstæða foreldra, forsjárlausa foreldra, stjúpfjölskyldur o.s.frv. Áherslur á málþinginu beindust að aðstæðum barna eftir mismunandi fjölskyldugerðum, út frá félagslegri, fjárhagslegri og lagalegri stöðu. Fram kom meðal annars að rannsóknir sýndu að þegar á heildina væri litið ættu börn einstæðra foreldra undir högg að sækja í samanburði við börn sem búa með eða njóta daglegs atlætis beggja foreldra.

Að lokum vill nefndin taka eftirfarandi fram: Eftir því sem vinnu nefndarinnar vatt fram þótti nauðsynlegt að taka viðfangsefnið víðari tökum en heiti nefndarinnar ber með sér samkvæmt skipunarbréfi ráðherra. Nefndin fjallaði því ekki einvörðungu um einstæða og forsjárlausa foreldra og stjúpforeldra, og börn þeirra, heldur um barnafjölskyldur almennt. Bera kaflaheiti í skýrslu þessari þau efnistökin raunar með sér, þ.e. sífjamál og félagsleg staða barna, fræðsla og ráðgjöf til barnafjölskyldna og fjármál barnafjölskyldna. Síðan þegar kreppan reið yfir þjóðina haustið 2008 tók starf nefndarinnar mið af því þannig að þyngst áhersla var lögð á lágar tekjur barnafjölskyldna fremur en fjölskyldugerð. Ber kaflinn um fjármál barnafjölskyldna þess skýr merki eins og þar er sérstaklega tekið fram.

# HELSTU TILLÖGUR

## Sifjamál og félagsleg staða barna

Greidd voru atkvæði um einstaka tillögur, verður hér gerð grein fyrir fjölda atkvæða en um nánari afstöðu einstakra nefndarmanna vísast til kaflans í skýrslunni um þessi efni, bls. 50–54.

### *1. Faðerni*

Átta nefndarmenn telja rök standa til þess að maður sem telur sig föður barns geti höfðað ógildingar-/vefengingarmál þegar um feðrað barn er að ræða.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaefni frekar.

### *2. Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá*

Sjö nefndarmenn telja rök standa til þess að færa íslenska löggjöf til samræmis við norræna og evrópska löggjöf sem heimila dómara að dæma sameiginlega forsjá barns gegn vilja annars foreldris enda þjóni það hagsmunum barnsins. Þessi nefndarmenn eru þó sammála um að setja þurfi skýra fyrirvara í þessu sambandi.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaefni frekar. Einn nefndarmanna er sammála þessari afstöðu og gerir að auki frekari fyrirvara.

### *3. Sjálfvirk forsjá stjúp- og sambúðarforeldris*

Sjö nefndarmenn telja rök standa til þess að afnema sjálfvirka forsjá stjúp- og sambúðarforeldris.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaefni frekar. Einn nefndarmanna er sammála þessari afstöðu en gerir að auki frekari fyrirvara.

### *4. Aðgangur forsjárlausra foreldra að upplýsingum*

Sex nefndarmenn telja rök standa til þess að forsjár- og forsjárlausir foreldrar hafi sama rétt til aðgangs að skriflegum upplýsingum um barn sitt.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaefni frekar. Einn nefndarmanna er sammála þessari afstöðu en gerir að auki frekari fyrirvara. Einn nefndarmanna telur að réttur forsjár- og forsjárlausra eigi að vera sá sami að jafnaði og gerir ákveðna fyrirvara í því sambandi.

### *5. Mál um umgengni rekin fyrir dómstólum*

Átta nefndarmenn telja rök standa til þess að bæta málsmeðferð umgengnismála hjá sýslumönnum og opna fyrir heimild foreldra til að reka mál sem eingöngu snýst um umgengni fyrir dómstólum.



Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaeftni frekar.

#### *6. Heimild til að úrskurða/dæma umgengni 7 daga af 14*

Sjö nefndarmenn telja rök standa til þess að sýslumenn og dómara fái heimild til að ákveða umgengni 7 af 14 dögum. Einn nefndarmanna er sammála þessu með ákveðnum fyrirvörum.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaeftni frekar.

#### *7. Umgengni við stjúpfóreltra*

Sjö nefndarmenn telja rök standa til þess að barn eigi rétt á umgengni við stjúpfóreltra og sýslumenn fái heimild til að úrskurða um umgengni við stjúpfóreltra eftir skilnað eða sambúðarslit við fóreltra. Einn nefndarmanna er sammála þessu en bendir einnig á rétt barna sem hafa verið rangfeðruð.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaeftni frekar.

#### *8. Umgengni við ömmu og afa*

Átta nefndarmenn telja rök standa til þess að barn njóti rýmri umgengnisréttar við ömmu og afa en nú er og sýslumenn fái rýmri heimild til að úrskurða um umgengni við þau.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaeftni frekar.

#### *9. Kostnaður við umgengni*

Sjö nefndarmenn telja rök standa til þess að báðir fóreltra beri almennt kostnað af umgengni en komi til ágreinings skuli taka tillit til tiltekinna sjónarmiða. Einn nefndarmanna er sammála þessu með ákveðnum fyrirvörum.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaeftni frekar.

#### *10. Umgengnistálmanir*

Fimm nefndarmenn telja nauðsynlegt að endurskoða barnalögin og tryggja að unnt verði að grípa til skilvirkari úrræða vegna tilefnislausra umgengnistálmana. Þrír nefndarmanna eru sammála þessu með ákveðnum fyrirvörum.

Þrír nefndarmenn vænta þess að sérstök nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði þetta álitaeftni frekar.

#### *11. Tvöfalt lögheimili barns*

Sjö nefndarmenn vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði reglur um búsetu barns, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

Þrír nefndarmenn telja rök standa til þess að foreldrar fái heimild til að skrá lögheimili barns hjá þeim báðum innan sama sveitarfélags og sama eða samliggjandi skólahverfis þegar það á við.

Einn nefndarmanna er á móti því að barn geti átt tvö lögheimili en fylgjandi því að skoða megi réttarstöðu umgengnisforeldris sem barn hefur rúma umgengni við, með tilliti til bóta, trygginga og annarra réttinda.

#### *12. Heimild foreldris til að breyta lögheimili barns*

Sex nefndarmenn vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði reglur um flutning barns innan lands, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

Fjórir nefndarmenn telja rök standa til þess að foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman verði báðir að samþykkja breytingu á lögheimili barns innan lands ef flutningur er til þess fallinn að torvela umgengni. Komi til ágreinings verði unnt að kveða upp úrskurð um heimild til að breyta lögheimili barns.

Einn nefndarmanna er á móti því að umgengnisforeldri þurfi að samþykkja lögheimilisflutning barns en telur rétt að leggja þá skyldu á báða foreldra að tilkynna slíka flutninga með tilteknum fyrirvara, hafi það veruleg áhrif og valdi röskun á umsaminni umgengni.

### **Fræðsla og ráðgjöf til barnafjölskyldna**

1. Tryggt verði gott aðgengi að fjölskylduráðgjöf og hún veitt ókeypis eða niðurgreidd sem hluti af almennri velferðarþjónustu.

2. Að brugðist verði við breyttu atvinnuástandi og fjölskyldur studdar þar sem annað eða báðir foreldrar eru án atvinnu og þeim veitt ráðgjöf og fræðsla um möguleg áhrif atvinnuleysis á fjölskyldulíf.

3. Allir foreldrar fái upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja því að fara með forsjá barns.

4. Foreldrafræðslu til verðandi foreldra í sambúð/hjónabandi verði eflað þar sem meðal annars er fjallað um samskipti, samþættingu einkalífs, tómstunda og atvinnu.

5. Upplýsingar og fræðsla verði tryggð bæði verðandi einhleypum mæðrum og feðrum, meðal annars um mikilvægi tengsla barns við báða kynforeldra og rétt þess til samvasta.

6. Að gerð verði breyting á 42. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, á þann veg að fagaðilum á sviði fjölskylduráðgjafar verði bætt við þá aðila sem tilgreindir eru í núverandi lögum.

7. Að þeir aðilar sem hyggjast slíta sambúð/hjúskap með börn verði skyldaðir að fara í að lágmarki eitt til tvö viðtöl til að fá fræðslu og ráðgjöf hjá fagaðila um samskipti eftir skilnað óháð því hvort þeir eru sammála eða ekki. Sé um ósamkomulag að ræða er markmiðið að kanna mögulega sáttaleið milli maka og/eða styrkja foreldrasamvinnu eftir skilnað og er þá þörf á að viðtölin geti verið allt að fimm. Sérfræðingur getur verið félagsráðgjafi, fjölskylduráðgjafi,

prestur, sálfræðingur, dómari, lögmaður eða annar sá sem hefur menntun til. Ávallt skal hafa barnið í forgrunn. Slík viðtöl jafngilda sáttaumleitan presta komi til hjúskaparslita. Skulu viðtölin vera þeim að kostnaðarlausu eða með lágmarksgjaldtöku.

8. Að viðkomandi aðilum sé boðin fræðsla og ráðgjöf varðandi sérstöðu stjúpfjölskyldunnar með það að markmiði að efla velferð barna í stjúptengslum og fjölskyldur þeirra.

9. Að foreldra-/stjúpforeldra- og fjölskyldufræðsla verði veitt víða þannig að aðgengi verði sem best. Opinberir aðilar eins og heilsugæsla og félagsþjónusta, félagasamtök eins og Félag einstæðra foreldra, Félag stjúpfjölskyldna, Félag um foreldrajafnrétti sem og einkaaðilar ættu að geta annast slíka fræðslu.

10. Að fjölskylduráðgjöf verði gerð aðgengileg þar sem því er við komið innan leik-, grunn- og framhaldsskóla eða í tengslum við þá. Sérstaklega er mikilvægt er að beina *upplýsingum, fræðslu og félagsráðgjöf* til foreldrahóps leikskólanna, sérstaklega í ljósi þess að ung börn, þriggja til fimm ára eru viðkvæm fyrir röskun og missi foreldratengsla, þó aðstoð sé brýn á öllum aldurskeiðum.<sup>1</sup>

11. Lagt er til að við skráningu barns í grunnskóla verði notað staðlað skráningarblað þar sem á að taka fram báða kynforeldra barns, óháð forsjá eða lögheimili, ásamt upplýsingum um fjölskyldugerð.

12. Tryggja skal báðum foreldrum aðgang að skráðum upplýsingum um barn og stjúpforeldra í þeim tilvikum sem þeir fara með forsjá þess. Upplýsingar um lykilorð að skráningarkerfi skóla verið sent á bæði heimili barns.

13. Lagt er til að a.m.k. hluta starfsfólks skóla verði tryggður aðgangur að fræðslu og ráðgjöf varðandi ólíkar fjölskyldugerðir. Þessir aðilar eru þeir sem eru í mestum tengslum við börn og ungmenni og geta verið mikilvægir stuðningsaðilar við börn, foreldra og stjúpforeldra.

14. Lagt er til að gerð verði netsíða í samstarfi við viðeigandi félagasamtök með upplýsingum um mismunandi fjölskyldugerðir, réttindi og skyldur foreldra og fræðslu varðandi þennan málaflokk.

### **Fjármál barnafjölskyldna**

Nýtt kerfi, barnatryggingar, komi í stað barnabóta, barnalífeyris, mæðra- og feðralauna.

---

<sup>1</sup> Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008.

# 1 SIFJAMÁL OG FÉLAGSLEG STAÐA BARNNA

## 1.1 Staða barna samkvæmt ákvæðum barnalaga

Starfshópurinn ræddi mikið um meginatriði barnalaga, sérstaklega forsjá, búsetu og umgengi. Barnalög eru á verksviði dóms- og kirkjumálaráðherra og á fundi starfshópsins þann 15. október 2008 tilkynnti fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra að ráðherra hefði ákveðið að láta fara fram endurskoðun á ákvæðum laganna um forsjá o.fl. Starfshópurinn telur þessa endurskoðun tímabæra og fagnar henni. Hópurinn taldi engu að síður mikilvægt að fjalla nokkuð rækilega í skýrslu þessari um ýmis atriði barnalaga sem hafa verið til umræðu á undanförunum árum og rædd hafa verið í starfshópnum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir tilteknum ákvæðum barnalaga á Íslandi og fjallað aðeins um norrænan rétt.

### 1.1.1 Rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur, 2008

Hér á eftir er samantekt um rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur á reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá foreldra með börnum sínum eftir skilnað tímabilið júlí 2006–júlí 2008, eftir að lög um sameiginlega forsjá sem meginreglu tóku gildi.

#### **Forsendur**

Rannsóknin var unnin út frá þeirri vitneskju að forsjár- og samvistamál eru áhrifavaldur um líðan og velferð barna. Í öðru lagi var áhugavert að fylgja eftir fyrri rannsóknum um þetta efni og kanna hvort skipan og viðhorf til forsjármála væri svipuð og áður hafði komið fram um sameiginlega forsjá eða hefði breyst til hins betra eða verra. Í þriðja lagi var tilgangurinn að afla upplýsinga um sýn og viðhorf skilnaðarforeldra til nokkurra álitamála er varða löggjöf, meðal annars um skipan mála og lausnir við ágreiningi, en líkar niðurstöður myndu geta komið að gagni fyrir stefnumótun, þjónustu og úrræðaþróun auk hugsanlegs rökstuðnings fyrir breytingum á löggjöf í málaflokknum.

Rannsóknin *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra* (SJ og NKS, 2000), um reynsluna af sameiginlegri forsjá eftir að hún varð möguleg samkvæmt lögum 1992, sýndi að sú skipan gaf góða reynslu að mati meiri hluta foreldra (58%, bls. 47). Ein mikilvægasta niðurstaðan þar var jafnframt sú að foreldrasamvinna varð jákvæðari, foreldraábyrgð varð jafnari og minna var um tortryggni milli foreldranna/kynjanna og kynslóðatengsl, þ.e. tengslin beggja vegna, voru síður rofin.

#### **Aðferð og framkvæmd rannsókna**

Í júlí 2006 voru samþykkt lög um sameiginlega forsjá foreldra með börnum sínum sem meginregla við skilnað og sambúðarslit. Gagnasöfnun rannsókna á þessari tveggja ára reynslu er nýlokið. Skal nú greint stuttlega frá undirbúningi og framkvæmd rannsóknarinnar og sagt frá nokkrum völdum atriðum úr frumniðurstöðunum sem tengjast samvistum barna og foreldra við skilnað.

Rannsóknin var unnin í samvinnu við sýslumanninn í Reykjavík og styrkt af nokkrum aðilum, meðal annars af dómsmálaráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti auk Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Upplýsingar um öll skráð skilnaðarmál, (sambúðar- og lögskilinna) á þessu

tímabili voru fengnar hjá sýslumanninum í Reykjavík. Rannsóknin nær þannig til heildarþýðis, 1.042 foreldra sem sóttu um skilnað til Sýslumannsins í Reykjavík 2006–2008. Svörun var 61% og lítið um innra brottfall, en óhætt er að fullyrða að það er vísbending um trúverðugleika. Fáir, 8%, neituðu þátttöku (flestir erlendis eða erlendir), en ekki náðist í 31%. Það kann að skýrast af því að fyrsta kastið eftir skilnað er oft búseturót á fjölskyldum og því erfitt að ná til foreldra á formlega skráðum heimilisföngum/síma.

### **Nokkur atriði úr niðurstöðum**

Mæður 56% svöruðu betur enn feður 44%. Meðalaldur svarenda var 37 ár. Athygli vekur að þótt þetta sé hópurinn sem skildi eftir að sameiginleg forsjá varð aðalregla þá hafa 8% ennþá forsjá á hendi annars foreldris.

### *Lögheimili*

Í þessum hópi sögðu 92% börnin eiga lögheimili hjá móður en 8% hjá föður (ef börn voru fleiri en eitt miðaðist svarið við yngsta barn). Þetta er svipað og áður en sameiginleg forsjá varð meginregla (SJ og NKS, 2000 bls. 61).

Þegar á heildina er lítið virðist almenn sátt, 88%, mjög eða frekar sátt, vera um ákvörðun sem foreldrar tóku um lögheimili barns. Mæður voru marktækt sáttari, 95%, en feðurnir sem í 80% tilvika voru mjög eða frekar sáttir með skipan lögheimilis en 13% þeirra voru mjög eða frekar ósáttir. Aðeins lítil hluti mæðra, 4%, var mjög eða frekar ósáttur.

Spurt var um hversu hlynnt eða andvíg foreldrar voru gagnvart því að geta samið um að barn eigi skráð lögheimili hjá báðum og voru 73% mjög (50%) eða frekar (23%) hlynnt því að sá möguleiki væri fyrir hendi og þá enn frekar (74%) meðal þeirra sem voru með sameiginlega forsjá en í þeim tilvikum þar sem forsjáin var hjá öðru foreldri. Þau tilvik voru 8% og þá nær alltaf hjá móður, 7,6%).

*Af þessu má ráða að foreldrar séu almennt sáttir við ákvörðun sína um lögheimilisskipan barna sinna en jafnframt eru gefin skýr boð, þ.e. meiri hluti foreldra, eða  $\frac{3}{4}$ , er hlynntur því að geta samið um að barn eigi tvö lögheimili.*

### *Samræður og samningagerð um samvistir*

Langflestir, eða að meðaltali 93% beggja kynja, sögðu samræður og samninga hafa verið hluta af ákvörðunarferlinu. Tæpur þriðjungur, 27%, sagðist hafa haft samráð við börnin, ívið frekar þegar forsjá er sameiginleg en þó er munur ekki tölfræðilega marktækur. Um 85% komu sér saman um fast fyrirkomulag samvista og var fyrirkomulaginu almennt fylgt. Þetta á enn frekar við, 92%, meðal foreldra með sameiginlega en þar sem forsjá var á hendi annars foreldris, 80%.

Meiri hluti, eða 62%, vildi þar engu breyta en 35% óskuðu meiri samvista við börnin en samið hafði verið um, og var það töluvert algengara meðal fedra, 55%, en mæðra, 20%.

Dvalar- og samvistamynstri barna og foreldris sem það ekki hafði lögheimili hjá var mismunandi háttað, en meðal þeirra 24% sem sögðu börnin dvelja jafnt hjá báðum foreldrum var viku-viku fyrirkomulag algengast, 86%, en 3% af þeim höfðu 2:2 vikur. Um 42% höfðu lengdar helgar en restin eftir hentugleikum eða annað. Aðeins 44% sögðu sérstakt fyrirkomulag um jóla/áramót og

skipti forsjárskipan ekki máli í því efni. Sitt á hvað fyrirkomulag með ýmsum afbrigðum var oftast nefnt.

#### *Ályktun foreldra um sátt barna og ömmu/afa beggja vegna*

Spurt var hversu sátt foreldrar teldu börnin og afa/ömmu vera við fyrirkomulag samvistanna. Meiri hluti, 87%, taldi bæði börnin og afa/ömmu beggja vegna vera mjög eða frekar sátt og voru foreldrar með sameiginlega forsjá líklegri (86%) til að telja svo vera í öllum þeim tengslum, en síður þegar forsjá var á einni hendi (77%).

*Þessi svör endurspeglar að þegar forsjá er sameiginleg virðast foreldrar frekar komast að sameiginlegri niðurstöðu gegnum samræður og fylgja henni og vildi meiri hluti þar engu breyta en rúmlega þriðjungur, og þá einkum feður, óskaði meiri samvasta við börnin en samið hafði verið um. Athygli vekur sú niðurstaða að 24% segja börnin dvelja jafnt hjá báðum foreldrum. Hjá þessum fjórðungi svarenda sögðu langflestir að hinar jöfnu samvistir felist í svokölluðu „viku-viku“ fyrirkomulagi en lítill hluti að það séu tveggja vikna skipti. Algengast virðist vera að stuðst sé við „sitt á hvað“ reglu bæði um hátíðir og önnur leyfi. Foreldrar beggja vegna töldu í yfirgnæfandi tilvikum börnin og ömmur/afa vera sátt við skipan mála.*

*Nokkur þekking bæði úr rannsóknunum og ráðgjöf er fyrir hendi um reynslu af jafnri búsetu barna hjá foreldrum. Frumniðurstöður þriggja-kynslóða-viðtalsrannsókna sem nú er unnið að virðast þegar á heildina er litið sýna vísbendingar um að mestu skipti: (a) búseta, nálægð heimila (b) snurðulaus samvinna og traust milli foreldra, (c) fjölskylduheldni eða sem minnst rofin tengsl og (d) þroski barns og tilfinningatengsl við foreldra (hæfni til að skilja og aðlagast).*

#### *Ráðgjöf*

Rúmur fjórðungur (26%) hafði sótt ráðgjöf fagaðila og 20% lögfræðiaðstoð í skilnaðarferlinu. Hins vegar töldu 46% þörf á ráðgjöf bæði við ákvörðunartöku, framkvæmd og eftir skilnað. Aðeins örlítill hluti fór í dómsmál vegna forsjármála, 2%. Mun almennara 94% (60% mikla en 34% nokkra) er að foreldrar telji þörf á fræðslu og sértækri ráðgjöf fyrir stjúpfjölskyldur og þá frekar mæður en feður.

*Hér kemur fram mun meiri áhersla, eða hjá tæpum helmingi svarenda, á þörf fyrir ráðgjöf og upplýsingar en í fyrri rannsókn þar sem 26% töldu mjög eða frekar mikla þörf (SJ og NKS, 2001, bls. 42). Nær allir svarendur töldu þörf á sértækri ráðgjöf fyrir stjúpfjölskyldur.*

#### **Um viðhorf til íhlutunar yfirvalda í forsjármálum.**

##### *Forsjárágreiningur.*

Voru 77% mjög (41%) eða frekar (36%) hlynnt því að dómari geti dæmt sameiginlega forsjá ef foreldrar eru ósammála, og var það álit skýrt algengara meðal feðra, tæp 90% á móti 66% meðal mæðra. Þegar skoðað er eftir forsjá voru 79% meðal þeirra sem hafa sameiginlega forsjá mjög eða frekar hlynnt því, en 54% í hópnum þar sem forsjá var hjá öðru foreldrinu.

##### *Tálmun umgengni.*

Nær allir foreldrar (96%) voru mjög eða frekar hlynntir því að foreldri grípi til formlegra aðgerða með því að leita til yfirvalda ef annað foreldri tálmar samvistum við barn og þá feður ákveðnar en mæður.

### **Þeir sem hlyntir voru formlegum aðgerðir svöruðu álitinu á nokkrum slíkum:**

*Dagsektir til ríkissjóðs.*

Um 54% foreldra voru ekki hlynt því að gripið yrði til dagsekta sem greiddar væru til ríkissjóðs og hér var ekki munur á kynjunum.

*Barnið sótt af yfirvöldum.*

Um 60% foreldra voru ekki hlynt því að barnið væri sótt af yfirvöldum, mæður ákveðnar (82%) en feður (72%).

*Ráðgjöf sýslumanns.*

Fram kom að um 30% foreldranna höfðu þegið upplýsingaráðgjöf hjá sýslumanni en nær allir (96%) voru hlyntir slíkri aðstoð sem formlegri aðgerð við tálmun umgengni og var þar ekki munur á kynjunum.

*Aðstoð barnaverndar.*

Sömuleiðis var mikill meiri hluti, 84%, hlyntur aðstoð barnaverndar og var heldur ekki munur þar á kynjunum.

*Svör foreldra af báðum kynjum um íhlutun yfirvalda eru skýr og þegar á heildina er litið eru þau jafnvel skýrari en vænta mátti. Þau sýna líkt og jafnvel sterkar en rannsóknin Áfram foreldrar (SJ og NKS, frá 2000) að foreldrum er mest í mun að vernda börnin og tryggja tengsl þeirra við báða foreldra. Þetta er í samræmi við það sem nýlegar erlendar rannsóknir sýna að sú slagsíða sem lengst af hefur verið í tengslum skilnaðarbarna við föðurfjölskyldu sbr. fyrri íslenskar niðurstöður (Ungt fólk og fjölskyldugildi, SJ, 2006 og 2007), er að breytast meðal annars með því að fjölskylduheldni raskast síður þegar samvistir við foreldra eru jafnari. Þegar foreldrar tjá svo skýrt viðhorf sín um þörf á almennri ráðgjöf og einnig aðstoð yfirvalda til þess að tryggja börnum rétt til samvista við báða foreldra þegar um tálmun í því efni er að ræða, hlýtur það að heyra til friðar sömu yfirvalda að bæta úr með öflugri leiðbeiningum, ráðgjöf og stuðningi frá hæfu fagfólki. Í þeim tilvikum þegar ágreiningur eru milli foreldra þjónar öll aðstoð mikilvægum tilgangi til að draga úr skaðsemi fjölskyldurofs fyrir börn. Sú staðreynd að aðeins 2% foreldra sækja nú rétt sinn með formlegri forsjárdeilu kallar á að sérstakur gaumur sé gefinn þeim hópi með sértækri aðstoð, ráðgjöf, aðhaldi og eftirfylgd. Það hefur ótvírætt forvarnagildi því það mun ekki aðeins firra þau börn sem hlut eiga að máli miklum sársauka og skaða heldur hefur það einnig þjóðhagslegt gildi að draga úr fyrirsjáanlegum samskiptaerfiðleikum þeirra í framtíðareinkalífi og þeim samfélagsvanda sem slíku kann að fylgja.*

### **1.1.2 Barnalög á Íslandi**

Íslensku barnalögin eru nr. 76/2003. Þar var um að ræða heildarendurskoðun eldri laga frá árinu 1992. Sifjalaganefnd ráðuneytisins samdi frumvarpið sem varð að lögunum og höfð var hliðsjón af þeim alþjóðlegu samningum og samþykktum sem Ísland er aðili að og varða málefni á sviði barnaréttar. Einnig var meðal annars litið til áfangaskýrslu sérstakrar forsjárnefndar sem ráðherra skipaði til að kanna reynslu af sameiginlegri forsjá, úrræði laga til að þvinga fram umgengni o.fl. Nýju barnalögunum var lítillega breytt síðar árið 2003 og einnig voru gerðar nokkrar breytingar árin 2006 og 2008.

Í íslenskum barnalögum hefur verið lögð vaxandi áhersla á sameiginlega forsjá. Lögin hafa í áratugi gert ráð fyrir að foreldrar í hjónabandi eða sambúð fari sameiginlega með forsjá barns meðan sambandið varir en framan af var gert ráð fyrir að við skilnað eða sambúðarslit yrði forsjáin að falla til annars þeirra. Í barnalögum frá árinu 1992 var fyrst gert ráð fyrir þeim möguleika að foreldrar sem ekki byggju saman gætu samið um að fara sameiginlega með forsjá barns. Gert var ráð fyrir að foreldrar semdu einnig um hvar barnið ætti að eiga lögheimili. Gengið var út frá því að sameiginlega forsjáin grundvallaðist á samstarfi og samvinnu foreldra og var ekki möguleiki að úrskurða í ágreiningsmálum foreldra, til dæmis um umgengni og meðlag. Við setningu nýrra barnalaga árið 2003 var þessu breytt og ákveðið að styrkja sameiginlegu forsjána með því að gera foreldrum kleift að krefjast úrskurðar sýslumanns í ágreiningsmálum um umgengni og meðlag, svo og dómstóla í tengslum við rekstur forsjárdeilumáls fyrir dómi. Sameiginlega forsjáin var enn styrkt með lagabreytingu árið 2006 þar sem gert er ráð fyrir að foreldrar fari áfram sameiginlega með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit nema annað sé ákveðið. Enn er gert ráð fyrir að foreldrar ákveði hjá hvoru barn þeirra eigi lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Fyrir setningu nýju barnalaganna árið 2003 og við breytinguna árið 2006 voru ræddar hugmyndir um frekari breytingar, til dæmis að heimila dómara að dæma sameiginlega forsjá en dóms- og kirkjumálaráðuneytið taldi ekki rétt að leggja þetta til og var lögum ekki breytt í þessa veru. Árið 2007 var lagt fram á Alþingi þingmannafrumvarp til breytinga á barnalögum sem gerði meðal annars ráð fyrir að dómari gæti hafnað því að slíta sameiginlegri forsjá og dæmt sameiginlega forsjá að kröfu foreldris í ákveðnum tilvikum. Frumvarpið fól í sér ýmsar aðrar breytingartillögur, svo sem um feðrun, jafna umgengni og jafna skiptingu kostnaðar við umgengni, ákvörðun um flutning lögheimilis og aðgang að upplýsingum um barn, en eins og algengt er með þingmannafrumvörp dagaði það uppi í allsherjarnefnd.

Dómstólar á Íslandi geta samkvæmt framansögðu ekki ákveðið að forsjá skuli vera sameiginleg gegn vilja foreldra og geta ekki ákveðið hjá hvoru foreldranna barn eigi að hafa lögheimili. Um það verður að vera samkomulag milli foreldra.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum ákvæðum barnalaga til viðbótar sem starfshópurinn hefur rætt og jafnframt vikið að norrænum rétti til samanburðar. Ekki er um tæmandi yfirlit að ræða, hvorki varðandi íslenskan rétt né hinn norræna. Í kafla 1.3 er að finna álit og tillögur starfshópsins varðandi þessi atriði.

Í barnalögum er kveðið á um að stjúpforeldri fari með forsjá stjúpbarns í tilteknum tilvikum. Þannig öðlast stjúpforeldri barns sjálfkrafa forsjá stjúpbarns síns þegar það gengur í hjúskap með foreldri þess, þ.e. ef foreldri barnsins fer á þeim tíma eitt með forsjána. Sama á við þegar foreldri, sem fer eitt með forsjá, skráir sambúð sína og sambúðarmaka í Þjóðskrá, þá fær sambúðarmaki sjálfkrafa forsjá barns, en þó ekki fyrr en að liðnu ári frá skráningunni. Í báðum tilvikum er um að ræða að foreldrið og stjúp- eða sambúðarforeldrið fara sameiginlega með forsjána en þessi forsjá varir aðeins meðan hjúskapur eða sambúð varir.

Foreldrar sem fara með forsjá barns ráða persónulegum málefnum þess og hafa því eðli máls samkvæmt aðgang að öllum gögnum og upplýsingum um barnið sem ekki er sérstaklega ákveðið að leynt skuli fara. Byggir þetta í raun á sjónarmiðum um rétt aðila til aðgangs að gögnum. Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns er með öðru sniði og í barnalögum er sérstaklega kveðið á um að forsjárlaust foreldri eigi rétt á að fá upplýsingar frá forsjárforeldrinu um hagi barnsins en jafnframt að það eigi rétt á að fá upplýsingar um barnið frá leikskólum,



skólum, sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálayfirvöldum o.fl. Hér er átt við munnlegar upplýsingar samkvæmt því sem segir í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að þeim lögum sem heimild þessa geyma. Undir vissum kringumstæðum er stofnunum heimilt að synja foreldri um upplýsingar en þá má bera synjunina undir sýslumann sem ákveður hvort upplýsingarnar skuli veittar eða ekki. Þá má ef sérstaklega stendur á og að ósk forsjarforeldris svipta hitt heimild til að fá upplýsingar um barn.

Barnalögin ganga út frá þeirri hugmynd að barn eigi fasta búsetu hjá öðru foreldri sínu. Þannig segir til dæmis að foreldrar skuli í samningi um sameiginlega forsjá ákveða hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði hafa fasta búsetu. Af þessu leiðir að sýslumaður úrskurðar ekki gegn vilja foreldris að barn hafi umgengni í sjö daga í senn aðra hverja viku. Foreldrar geta á hinn bóginn samið um slíka umgengni og að barnið þá í raun búi að jöfnu hjá báðum en barn getur aðeins samkvæmt gildandi lögum átt lögheimili hjá öðru.

Foreldri sem barn á lögheimili hjá (sameiginleg forsjá) getur flutt innan lands með barn sitt án samþykkis hins foreldrisins. Byggir reglan á því að þegar foreldrar semja um lögheimili barns og forsjá er sameiginleg er ákveðið hjá hvoru foreldri barnið á að hafa lögheimili en ekki hvar það skuli eiga lögheimili. Sérstök regla gildir á hinn bóginn um flutning til útlanda þar sem í barnalögum segir að foreldri sé óheimilt að fara með barn til útlanda án samþykkis hins.

### *1.1.3 Norrænn réttur*

Ákvæði barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni hafa verið talsvert til umræðu á flestum Norðurlöndunum á undanförunum árum. Markmiðið í norrænum rétti hefur almennt verið að tryggja rétt barna til að þekkja og hafa tengsl við báða foreldra sína óháð stöðu foreldranna. Endurskoðun laga hefur miðast að því að skoða hvaða reglur um samband barna og foreldra sem búa ekki saman eru líklegastar til að þjóna best hagsmunum barnsins. Alls staðar er lögð rík áhersla á samstöðu og samvinnu foreldra og mikilvægi þess að foreldrar nái sáttum eða semji um forsjá, búsetu og umgengni með hagsmuni barns að leiðarljósi. Jafnframt hafa verið talsverðar umræður um með hvaða hætti skuli leysa úr deilum foreldra, hvaða ágreiningsmál sé unnt að úrskurða eða dæma um og svigrúm úrskurðaraðila til að komast að niðurstöðu.

Í öllum ríkjunum fara giftir foreldrar sameiginlega með forsjá barns síns bæði meðan hjónaband varir og eftir skilnað nema annað sé ákveðið. Foreldrar í óvígðri sambúð fara yfirleitt ekki sjálfkrafa sameiginlega með forsjá barns heldur þurfa að semja um það sérstaklega. Ef þeir hafa samið um að fara sameiginlega með forsjána þá helst hún einnig eftir sambúðarslit nema annað sé ákveðið. Sjálfkrafa sameiginleg forsjá foreldra í sambúð er því séríslensk regla. Þegar forsjá er í höndum beggja er það hin almenna regla í norrænum rétti að foreldrar eigi að standa saman að meiri háttar ákvörðunum varðandi barn sitt en litið er svo á að foreldri sem barn á lögheimili hjá geti tekið minni háttar ákvarðanir frá degi til dags.

#### *1.1.3.1 Finnland*

Finnland hefur nokkra sérstöðu en finnsk barnalög frá árinu 1983 hafa hvorki tekið miklum breytingum né breytingar verið sérstaklega til umræðu. Samkvæmt finnskum lögum geta dómstólar dæmt sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris þegar sérstaklega stendur á og

ætla má að foreldrar muni geta haft samvinnu um málefni barns. Dómstólar geta einnig dæmt um búsetu, umgengni og ýmis önnur ágreiningsmál í tengslum við forsjá og geta meðal annars ákveðið að annað foreldranna eigi að hafa vald til að ákveða tiltekna þætti forsjárinnar og að hitt foreldranna hafi heimild til að ákveða aðra þætti. Eftir því sem nefndin kemst næst fær stjúpforeldri barns ekki sjálfkrafa forsjá stjúpbarns síns þegar viðkomandi gengur í hjúskap með foreldri sem fer eitt með forsjá þess. Ekki verður séð að finnsk barnalög hafi að geyma sérstök ákvæði um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um barn. Dómstólar geta ekki ákveðið tvöfalda búsetu barns (að barn teljist búsett hjá báðum foreldrum, með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, þótt þeir búi ekki saman) en geta á hinn bóginn ákveðið umgengni barns í 7 daga af hverjum 14.

### 1.1.3.2 Svíþjóð

Í Svíþjóð eru ákvæði um forsjá, búsetu og umgengni í foreldrabálkinum nr. 1949:381. Sameiginleg forsjá kom inn sem valmöguleiki í sænsk lög árið 1976 og árið 1991 var sameiginleg forsjá gerð að meginreglu. Árið 1998 var lögum breytt í þá veru að dómáráð fengu heimild til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Árið 2002 var skipuð nefnd sem var sérstaklega falið að skoða hvernig hefði tekist til með lagabreytingunni frá 1998 og skilaði hún skýrslu árið 2005 (SOU 2005:43 „Vårdnad - Boende - Umgänge. Barnets bästa, föräldrars ansvar“). Í skýrslunni kemur meðal annars fram að dómstólar hafi í tiltölulega mörgum tilvikum dæmt sameiginlega forsjá með þeim rökum að samstarfsörðugleikar gætu ekki verið á svo alvarlegu stigi að þeir ættu að koma í veg fyrir sameiginlega forsjá. Niðurstaða nefndarinnar var að dómstólar dæmdu sameiginlega forsjá í of mörgum tilvikum þar sem fyrirsjáanlegt mætti vera að foreldrar gætu ekki náð saman um málefni barns en einnig í málum þegar uppi voru ásakanir um ofbeldi. Nefndin taldi að ekki væri ástæða til að fella heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá á brott enda reynslan almennt talin góð þó hnökror hafi komið upp í framkvæmdinni. Sænsku barnalögunum var breytt í kjölfarið árið 2006 og er nú lögð á það ríkari áhersla að það sem barni er fyrir bestu eigi að ráða ferðinni í niðurstöðu forsjármáls og að skoða verði hvert mál vandlega. Sérstaklega verði að taka tillit til möguleika foreldra til að vinna saman að málefnum barns áður en ákveðið er að þeir fari sameiginlega með forsjá gegn vilja annars. Við endurskoðunina var hnykkt á því að ekki mætti dæma sameiginlega forsjá gegn vilja beggja foreldra.

Stjúpforeldrar barns fá ekki sjálfkrafa forsjá stjúpbarna sinna við hjúskaparstofnun samkvæmt sænskum lögum.

Samkvæmt því sem nefndin kemst næst hafa sænsk lög ekki að geyma almenn ákvæði um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um barn frá yfirvöldum eða stofnunum en þar er að finna ákvæði sem leggur þá skyldu á foreldri að veita umgengnisforeldri nauðsynlegar upplýsingar um barnið.

Dómstólar geta dæmt um búsetu og umgengni án þess að forsjármál sé rekið jafnhliða. Lögin afmarka ekki lágmarksumgengni en venjur hafa myndast um það. Venja hefur einnig skapast um að dómstólar geti dæmt jafna umgengni eða jafna búsetu (væxervis boende), þetta kemur ekki fram í lögnum sjálfum en stuðst er við greinargerð sem fylgdi frumvarpi til breytinga á barnalögnum frá 1998. Slíka búsetu á tveimur heimilum má dæma þó svo að annað foreldrið sé því mótfallið.

Foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá í Svíþjóð verða báðir að samþykkja breytingu á lögheimili barns, þ.e. þetta telst til meiriháttar ákvörðunar.

### 1.1.3.3 Danmörk

Þann 1. október 2007 tóku gildi í Danmörku ný lög um forsjá foreldra („Forældreansvarsloven“ frá 6. júní 2007). Lögin byggjast að miklu leyti á tillögum nefndar sem skipuð var í mars 2005 til að meta hvort þágildandi reglur um forsjá og umgengni barna og foreldra þjónuðu hagsmunum barns. Nefndin skilaði skýrslu í maí 2006 (Betækning nr. 1475/2006 „Barnets perspektiv“). Nefndinni var sérstaklega falið að kanna hvort dómara ættu að fá heimild til að dæma sameiginlega forsjá en slík heimild var ekki fyrir hendi í Danmörku. Minni hluti nefndarinnar (3 af 15) taldi að heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá gæti ekki þjónað hagsmunum barns þar sem grunnforsenda sameiginlegrar forsjár væri samkomulag foreldra. Það væri óraunhæft að gera ráð fyrir að foreldrar gætu unnið saman ef þeir gætu ekki náð samkomulagi um að hafa forsjá barns sameiginlega. Meiri hluti nefndarinnar (12 af 15) mælti á hinn bóginn með því að dómara fengju heimild til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars. Af hálfu meiri hlutans var þó lögð áhersla á að aðeins í undantekningartilvikum yrði sameiginleg forsjá dæmd gegn vilja foreldris, þ.e. ef dómari teldi skýr rök fyrir því að foreldrar myndu geta unnið saman að því að fjalla um málefni barns og að slík lausn væri það besta fyrir barnið. Dómari yrði að geta fundið því stað í gögnum málsins að möguleikar og samstarfsvilji foreldranna væri nægilegur til að sameiginleg forsjá þjónaði hagsmunum barnsins en þess yrði ekki krafist að foreldrarnir væru sammála um öll málefni barns. Í samræmi við erindisbréf sitt gerði nefndin uppkast að frumvarpi til breytinga á lögum og endurspeglast fyrrnefnd sjónarmið í því þar sem lagt var til að lögfest yrði að sameiginleg forsjá gegn vilja foreldris gæti aðeins komið til greina „hvis der er bestemte holdepunkter for at antage, at forældrene kan samarbejde om barnets forhold“. Þetta ætti við bæði í þeim tilvikum er meta ætti hvort sameiginleg forsjá ætti að haldast og í þeim tilvikum þegar verið væri að ákveða sameiginlega forsjá þegar annað foreldri færi með forsjá.

Í frumvarpi því sem lagt var fyrir danska þingið og varð að lögum voru sjónarmiðin nokkuð frábrugðin sjónarmiðum meiri hluta nefndarinnar en gerður er greinarmunur á því hvort forsjá hefur verið sameiginleg eða ekki. Þannig segir að það verði að færa gild rök fyrir því ef slíta eigi sameiginlegri forsjá sem þegar er fyrir hendi, til dæmis við samvistarlit foreldra, (retten kan kun ophæve den fælles forældremyndighed, hvis der foreligger tungtvejende grunde). Ef annað foreldri fer eitt með forsjá barns og ekki er verið að slíta sameiginlegri forsjá segir á hinn bóginn að dómstólar geti samkvæmt beiðni frá foreldrinu ákveðið að forsjá verði sameiginleg eða að viðkomandi fái forsjá. Í frumvarpinu segir að ráðherra hafi haft sem útgangspunkt að barn ætti rétt til tveggja foreldra sem þá fæli í sér að barn ætti kröfu á að báðir foreldrar bæru ábyrgð á barninu og umönnun þess. Barn þurfi almennt á umönnun beggja foreldra að halda og hafi þörf fyrir samvistir við báða foreldra og það sé í þágu þess að foreldrarnir séu jafnrétt háir þegar kemur

að þýðingarmiklum ákvörðunum varðandi barn. Í frumvarpinu kemur jafnframt fram að foreldrar þurfi ekki að vera sammála um öll atriði varðandi barnið en þeir verði að hafa möguleika á að vinna saman að lausn ágreiningsmála varðandi það eftir því sem því er fyrir bestu. Séu samstarfserfiðleikar miklir milli foreldra geti neikvæð áhrif þess yfirskyggt hin jákvæðu áhrif sameiginlegrar forsjár og í slíkum tilvikum gæti sameiginleg forsjá verið í andstöðu við hagsmuni barns. Einnig ef ofbeldi hafi verið viðhaft af hálfu annars foreldris gagnvart hinu foreldrinu, barninu eða öðrum í fjölskyldunni og ef annað foreldri hafi skerta forsjárhæfni.

Samkvæmt dönskum lögum fær stjúpfareldri ekki sjálfkrafa forsjá stjúpbarns síns þegar það gengur í hjónaband með foreldri barnsins.

Dönsk lög hafa að geyma ákvæði um rétt forsjárlaus foreldris til munnlegra upplýsinga um barn auk þess sem foreldri á, samkvæmt beiðni, rétt á skriflegum upplýsingum eftir því sem slíkar upplýsingar kunna að liggja fyrir hjá skólum og barnaheimilum (børneinstitutioner). Samkvæmt lögnum á forsjárlaust foreldri, einnig samkvæmt beiðni, rétt á upplýsingum um almennt félagslíf í skóla og hefur heimild til að taka þátt í því. Í báðum tilvikum er hægt að neita að veita upplýsingar og afhenda gögn, þ.e. í þeim tilvikum þegar afhending er skaðleg fyrir barn. Í vissum og alveg sérstökum tilvikum er unnt að taka fella niður þennan rétt forsjárlaus foreldris til aðgangs að upplýsingum.

Í dönsku lögnum eru ekki ákvæði um ákveðið inntak umgengni heldur skal hún ákveðin eins og best hentar hag og þörfum barns í hvert sinn. Heimild er til að úrskurða jafna umgengni og frá árinu 2007 segir berum orðum í lögnum að heimilt sé að ákveða umgengni allt að 7 daga af hverjum 14 í stað 6 daga af hverjum 14 dögum áður.

Frá árinu 2007 hafa dómstólar heimild til að dæma búsetu barns án þess að jafnframt sé rekið forsjármál en ekki er heimild til að ákveða tvöfalda búsetu (að barn teljist búsett hjá báðum).

Samkvæmt dönsku lögnum getur foreldri sem barn býr hjá ákveðið að flytja með barn innan lands og utan án samþykkis hins foreldrisins þrátt fyrir sameiginlega forsjá. Nefndin fjallaði sérstaklega um þetta atriði í ljósi þess að tengsl barnsins við hitt foreldrið geta minnkað eða rofnað við flutning en taldi ekki ástæðu til að breyta þessu og áskilja samþykki foreldrisins sem barn býr ekki hjá þar sem foreldri sem barn býr hjá yrði að hafa ákveðinn sveigjanleika í lífi sínu með barnið, svo sem vegna breytinga á atvinnu og vegna nýrrar fjölskyldu. Löggjafinn ákvað á hinn bóginn að foreldri bæri að tilkynna hinu með sex vikna fyrirvara um fyrirhugaðan flutning. Markmiðið með þessum fyrirvara er að gefa því foreldri sem hefur umgengni við barnið tíma til að sækja um breytingar á umgengni í ljósi nýrrar stöðu eða sækja um það að vera lögheimilisforeldri áður en barnið flytur og standa þá frammi fyrir orðnum hlut. Tilkynningarskyldan á við alla foreldra hvort sem forsjá barns er sameiginleg eða ekki og burt séð frá því hjá hvoru foreldranna barn býr.

#### 1.1.3.4 Noregur

Í Noregi eru í gildi barnalög nr. 7/1981, með síðari breytingum. Þar var skipuð nefnd í janúar 2007 til að endurskoða ákvæði barnalaga um forsjá, umgengni og búsetu sem skilaði skýrslu í apríl 2008 (NOU 2008:9 „Med barnet i fokus - en gjennomgang av barnelovens regler om foreldreansvar, bosted og samvær“). Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort lagt verður fram

frumvarp til breytinga á norskum lögum.

Heimild dómstóla til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldrisins hefur verið í norskum lögum frá árinu 1981. Sjónarmiðin eru að annað foreldri eigi ekki að geta komið í veg fyrir sameiginlega forsjá eingöngu vegna þess að það vilji fara eitt með forsjána. Meta verði í sérhverju máli hvort andstaða sé svo mikil að tilgangslaust sé að dæma sameiginlega forsjá enda þjóni það ekki hagsmunum barnsins.

Stjúpforeldri barns fær ekki sjálfkrafa forsjá stjúpbarns síns við það að ganga í hjúskap með foreldri þess samkvæmt norskum lögum.

Í norskum lögum er að finna ákvæði, sambærilegt við hið íslenska, þar sem segir að forsjáforeldri skuli veita hinu foreldrinu upplýsingar um barn samkvæmt beiðni. Forsjárlaust foreldri eigi einnig rétt á upplýsingum frá barnaheimilum, skólum, heilbrigðis- og félagsmálastofnunum o.fl. Samkvæmt norskum lögum er heimilt að neita forsjárlausu foreldri um upplýsingar og að taka heimildina alfarið af því.

Norsk lög skera sig úr lögum annarra norrænna ríkja með því að afmarka hvað teljist „venjuleg umgengni“ en með „venjulegri umgengni“ er átt við umgengni einn eftirmiðdag í viku, aðra hverja helgi, 14 daga í sumarleyfi og um jól eða páska. Foreldrar geta á hinn bóginn samið um annað fyrirkomulag og dómstólar verða að meta hvað hverju barni er fyrir bestu. Litið er svo á að dómstólar geti dæmt jafna umgengni og hafi því heimild til að dæma allt að 7 daga af hverjum 14 dögum þótt þessa sé ekki getið berum orðum í lögum. Sérfræðinganefndin leggur til að lögin endurspegli heimild til að dæma jafna umgengni þegar slíkt er talið barni fyrir bestu. Meiri hluti norskur sérfræðinganeftdarinnar (8 af 11) telur að barnalögin eigi að geyma viðmið um umgengni og að það eigi að þýða að venjuleg umgengni feli í sér 5 nætur af hverjum 14.

Samkvæmt norskum lögum er gert ráð fyrir að foreldrar geti samið um sameiginlega búsetu (delt bosted) sem hafi í för með sér að foreldrar taki sameiginlega ákvarðanir um málefni barnsins. Hér er ekki um að ræða tvö lögheimili heldur einungis ákvörðun sem hefur áhrif á réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga. Sameiginleg föst búseta þarf ekki endilega að hafa í för með sér jafna umgengni. Norska sérfræðinganeftdin leggur áherslu á að ýmsar forsendur verði að vera fyrir hendi til að jöfn búseta henti barni, til dæmis að foreldrar verði að geta unnið saman, meðal annars með skóla, leikskóla og öðrum, vera reiðubúnir að breyta fyrirkomulaginu í takt við aðstæður og þarfir barnsins, barnið verði sjálft að óska eftir þessari lausn og líða vel með fyrirkomulagið og foreldrar verði að búa nálægt hvorir öðrum. Nefndin fjallaði um hvort dómstólar ættu að fá heimild til að dæma jafna búsetu (delt bosted), meiri hluti mælir með því í sérstökum tilvikum en minni hlutinn mælir gegn því.

Eigi barn fasta búsetu hjá öðru foreldri þá getur það samkvæmt ákvæði í lögum flutt lögheimili barnsins innan lands án samþykkis hins þrátt fyrir sameiginlega forsjá. Meiri hluti norskur nefndarinnar bendir á að vegna landfræðilegrar legu Noregs sé ekki endilega grundvallarmunur á flutningi innan lands og milli landa, til dæmis milli Norðurlandanna. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að lögum verði breytt þannig að foreldrum verði gert skylt að tilkynna hvorir öðrum flutning sem hefur áhrif á umgengni við barnið óháð forsjárfyrirkomulagi. Þá er lagt til að báðir forsjáforeldrar þurfi að samþykkja flutning innan lands ef flutningur er um langan veg og líklegur til að torvela verulega umgengni barnsins við hitt foreldrið. Minni hlutinn leggur ekki til

samþykki beggja heldur einungis að foreldri verði gert að tilkynna hinu um flutning. Einn nefndarmaður leggur til að réttarstaða foreldra í Noregi verði óbreytt að þessu leyti.

#### 1.1.4 Sjónarmið um einstök álitamál

Eins og að framan hefur verið rakið ræddi sérstakur starfshópur um félags- og sifjamál ítarlega um barnalögin, bæði þau atriði sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan og önnur. Starfshópurinn telur að það sé full ástæða til að endurskoða íslensk barnalög um forsjá, búsetu og umgengni með það fyrir augum að kanna hvort þau þjóni hagsmunum barna, eins og gert hefur verið á öðrum Norðurlöndum á síðustu misserum og árum. Við þá endurskoðun beri að taka rökstudda afstöðu til sömu sjónarmiða og þar hefur verið gert auk annarra. Starfshópurinn væntir þess að leitað verði eftir sjónarmiðum sérfræðinga og félagasamtaka við endurskoðun laganna en einnig að litið verði til skýrslu nefndarinnar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir ýmsu því sem starfshópurinn ræddi á fundum sínum og varða málefni barnalaga. Reynt verður að draga fram rök með og á móti breytingum á einstökum atriðum íslenskra laga og í þeirri röksemdarfærslu verður dregið fram það sem hópurinn hefur rætt á fundum sínum auk sjónarmiða sem aðrir hafa fært fram, svo sem fræðimenn í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Er þar aðallega stuðst við þær norrænu skýrslur sem nefndar voru í kaflanum hér á undan um norrænan rétt.

##### 1.1.4.1 Faðerni

Samkvæmt barnalögunum frá 2003 er móður skylt að feðra barn sitt enda talið að barn hafi augljósa hagsmuni af því að vera feðrað auk þess sem barn eigi almennt rétt til að þekkja báða foreldra sína. Þarna var einnig lögfest heimild manns, sem telur sig föður barns, til að höfða barnsfaðernismál, enda hafi barnið ekki verið feðrað.

Við setningu barnalaganna urðu töluverðar umræður um hvernig ætti að opna fyrir heimild þess sem telur sig föður barns til að höfða barnsfaðernismál og mikilvægt þótti að sporna við tilhæfulausum málshöfðunum. Niðurstaðan varð sú að einungis er unnt að höfða slíkt mál ef barn er ófeðrað en ekki ef barn hefur þegar verið feðrað, þ.e. þegar barnið fæðist í hjúskap eða skráðri sambúð foreldra eða að gengið hefur verið frá faðernisviðurkenningu. Sem rök fyrir þessu hefur verið nefnt að réttarstaða barns sé ólík í þessum tilvikum. Annars vegar hefur verið nefnt að réttur barns sé mun ríkari þegar það hefur ekki verið feðrað enda hafi barn ríka hagsmuni af því að njóta stuðnings tveggja foreldra. Þegar barn hafi hins vegar verið feðrað og það jafnvel alist upp lengi hjá móður og tilteknum manni sem föður þá verði að gæta að rétti barnsins til að njóta stöðugleika, öryggis og tengsla. Þannig geti hagsmunir barns af því að njóta áfram þessarar fjölskyldu verið ríkari en hagsmunir af því að þekkja „réttan“ föður og þurfa að þola það tengslarof sem því geti fylgt. Bent hefur verið á að faðernisreglur hafi ætíð litast öðrum þræði af hagkvæmni og aldrei tekið eingöngu mið af mannfæðingum rannsóknnum. Þá hefur verið bent á að skráður faðir, móðir og barnið sjálft geti höfðað vefengingar- eða ógildingarmál í þessum tilvikum. Einungis myndi því reyna á málsaðild þess sem teldi sig föður í tilvikum þegar skráðir foreldrar eða barnið vildi ekki láta á þetta reyna og þannig skapast hættan á tengslarofum og áfalli fyrir barnið.

Á hinn bóginn hefur verið bent á að lagaákvæðið um rétt manns sem telur sig föður barns til að höfða barnsfaðernismál hafi fyrst og fremst komið í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 18. desember 2000 þar sem Hæstiréttur taldi ákvæði barnalaga, sem takmörkuðu aðild að barnsfaðernismálum við móður og barn, brjóta í bága við stjórnarskrána, enda hefði maðurinn leitt líkur að því að hann væri faðir ófeðraðs barns. Hæstiréttur taldi þetta brjóta í bága við ákvæði 70. gr. um rétt manns til að fá úrlausn dómstóls um mál er varði hagsmuni hans og jafnræðisreglu 65. gr. enda væru ekki málefnaleg rök fyrir þeirri mismunun að leyfa einungis móður að höfða barnsfaðernismál. Því hefur verið haldið fram að sömu rök eigi að öllu leyti við um réttarstöðu barns og manns sem telur sig föður barnsins þó barnið hafi þegar verið feðrað. Bent hefur verið á að mikilvægir þjóðfélagslegir hagsmunir séu fólgnir í því að faðerni barna sé í ljós leitt. Sérstaklega hafi barnið sjálft ríka hagsmuni af því að vera réttilega feðrað, til dæmis eigi barnið rétt á að þekkja og njóta umgengni við foreldra sína auk fjárhagslegra hagsmuna sem þessu séu tengdir. Ætlunin með faðernismálum sé að leita sannleikans um það hver sé faðir barns og réttarfarsreglum verði að haga þannig að þær þjóni þessum tilgangi. Sérstaklega hefur verið bent á að reynt geti á þetta áður en barn myndar tengsl eða hefur þroska til að átta sig á hverjir tilheyri fjölskyldu þess, hættan á tengslarofum sé því alls ekki augljós. Þá hefur verið bent á að hér sé einungis fjallað um faðerni en ekki um forsjá og umgengni. Ef sá sem dæmdur yrði faðir vildi láta reyna á rétt sinn til að fá forsjá eða til að njóta umgengni þá yrðu allar aðstæður metnar og teknar ákvarðanir um réttarstöðu í samræmi við það. Barnið nyti þess engu að síður að lágmarki að þekkja réttan föður sinn.

#### 1.1.4.2 Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá

Starfshópurinn telur að margt mæli með því fyrirkomulagi að heimila dómurum að dæma sameiginlega forsjá enda verður ekki framhjá því litið að öll hin Norðurlöndin hafa fest í lögum slíka heimild til dómara. Ljóst er þó að færð hafa verið rök gegn því að dómari megi dæma sameiginlega forsjá. Starfshópurinn telur mikilvægt að barn eigi rétt á að báðir foreldrar þess annist um það og taki ábyrgð á því. Að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris er jákvætt ef það er fallið til þess að tryggja þennan rétt barnsins. Einhverjir vilja ganga svo langt að tryggja að öll börn njóti forsjár beggja foreldra sinna frá fæðingu óháð hjúskaparstöðu nema það brjóti í bága við hagsmuni barnsins.

Sem rök með heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja foreldris hefur verið nefnt að heimildin geti haft jákvæð áhrif á samstarfsvilja foreldra og að hún sporni gegn því að lögheimilisforeldri krefjist riftunar á sameiginlegri forsjá vegna tilfallandi deilumála. Ýmislegt bendi því til þess að tilvist heimildarinnar fækki málum sem fara fyrir dómstóla og sýnist það hafa verið reyndin í nágrannalöndunum. Bent hefur verið á að oft sé ástæða forsjárdeilu tilfallandi ágreiningur sem ætti ekki að skipta máli þegar til framtíðar er litið, miðað við þá ríku hagsmuni barnsins af því að fá að njóta beggja foreldra sinna. Tilvist dómaraheimildarinnar geti þannig aukið mikilvægi og gagnsemi sáttaumleitunar og ráðgjafar fyrir foreldra sem deila um forsjá. Hún kalli á að foreldrar átti sig á því að hægt sé að skikka þá til áframhaldandi sameiginlegrar forsjár. Þá hefur verið nefnt að almennt megi ætla að sameiginleg forsjá styrki tengsl milli foreldra og barns og hvetji til samábyrgðar og meiri samvista og að jafnaði sé það barni fyrir bestu að halda sem mestum tengslum við báða foreldra sína. Ekki sé eðlilegt að órókstuddur vilji annars foreldris eigi að ráða úrslitum þegar forsjá sé ákveðin enda feli forsjáin í sér heimildir og skyldur sem varði barnið (og foreldrið) miklu. Þannig hafi forsjárleysi annars foreldrisins áhrif á réttarstöðu barns við andlát forsjárforeldris, á rétt foreldrisins til aðgangs að gögnum um barnið

frá stofnunum og stjórnvöldum, rétt þess til að taka ákvarðanir um málefni barns síns og heimildir forsjárforeldrisins til þess að fara með barn frá Íslandi. Einnig má nefna að forsjárfyrirkomulag getur haft áhrif við ákvörðun meðlagsfjárhæðar í málum vegna krafna um auknið meðlag.

Eins og áður segir er það jákvætt að ákveða að foreldrar skuli fara saman með forsjá barns ef það er fallið til þess að stuðla að því að báðir foreldrar þess annist um það og taki ábyrgð á því. Að sama skapi hefur verið bent á að heimild til að dæma gegn vilja annars hafi neikvæð áhrif ef sameiginlega forsjáin verði til þess fallin að valda togstreitu og erfiðleikum fyrir barn. Lögð hefur verið áhersla á að í forsjá felist bæði réttur og skylda fyrir foreldrið til að taka ákvarðanir um málefni barns og þegar það sé haft í huga sjáist að það sé grundvallarforsenda þegar forsjáin er í höndum beggja að foreldrar hafi með sér samvinnu að einhverju marki og að sú samvinna takist vel. Draga megi í efa gildi sameiginlegrar forsjár ef annað foreldrið vilji ekkert samstarf við hitt og takist foreldrum ekki að ráða fram úr ágreiningsmálum sínum. Sé hvorki samvinna milli foreldra né samstarfsvilji geti það leitt til þess að foreldrar taki hvort um sig misvísandi ákvarðanir í krafti forsjárréttar og skyldu eða hins að annað foreldri láti hinu alfarið eftir að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Í fyrra tilvikinu geti skapast togstreita og ágreiningur milli foreldra sem geti gengið gegn hagsmunum barnsins en í síðara tilvikinu sé um að ræða sameiginlega forsjá í orði en ekki á borði sem óvíst sé að þjóni sérstaklega hagsmunum barnsins. Þá hafa einhverjir bent á að sameiginleg forsjá og mikil umgengni geti haft neikvæð áhrif á barn takist foreldrum ekki að vinna saman.

#### 1.1.4.3 Sjálfvirk forsjá stjúp- og sambúðarforeldris

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir því í barnalögum að forsjá barns verði sjálfkrafa sameiginleg við tilteknar aðstæður. Starfshópurinn hefur sérstaklega rætt fyrirkomulag sjálfvirkrar forsjár stjúp- og sambúðarforeldris. Hér er átt við þá stöðu að ef foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns gengur í hjúskap með öðrum en hinu foreldrinu fari stjúpforeldrið einnig með forsjá og hið sama eigi við þegar foreldri skrái sig í sambúð þegar sambúðin hefur staðið samfleytt í eitt ár. Forsjá stjúpforeldris eða sambúðarforeldris varir eingöngu meðan hjúskapur eða sambúð stendur.

Sem rök fyrir þessu fyrirkomulagi í lögnum hefur verið nefnt að þetta styrki samskipti í þeirri fjölskyldu þar sem barnið á fasta búsetu hjá og jafni oftlega stöðu barna á heimilinu. Bent hefur verið á að í ljósi meginreglunnar um sameiginlega forsjá foreldra komi ekki til þess að stjúpforeldri fái forsjá nema í sérstökum tilvikum, þ.e. þegar foreldrar hafi ekki gert samning um að fara með forsjána sameiginlega, og að í þeim tilvikum megi færa rök fyrir að þetta sé barninu fyrir bestu að jafnaði. Þetta muni enn frekar eiga við ef dómara fái heimild til að dæma sameiginlega forsjá. Þá hefur verið nefnt að forsjá stjúp- og sambúðarforeldris tryggi barni tvo forsjáaðila í stað eins en þetta styrki stöðu barns ef foreldri forfallast. Einnig tryggi þetta fyrirkomulag stöðugleika fyrir barn við andlát forsjárforeldris.

Færð hafa verið rök fyrir því að fella alfarið niður sjálfkrafa forsjá stjúp- og sambúðarforeldris en gera þess í stað ráð fyrir að unnt verði að semja um sameiginlega forsjá sérstaklega. Bent hefur verið á að ekki sé gert ráð fyrir sjálfvirkri forsjá að þessu leyti í lögum annarra norræna ríkja. Lögð hefur verið áhersla á að stjúp- og sambúðarforeldrar eigi að hafa val í þessum efnum í stað þess að þvinga upp á þá forsjá og svipta þá svo forsjá aftur við skilnað eða sambúðarslit. Nefnt



hefur verið að þetta fyrirkomulag brjóti í bága við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem barnið fái ekki að tjá sig um þetta. Bent hefur verið á að forsjárskipan ráði ekki úrslitum um tengsl foreldris við barn, börn hafi að meginstefnu til sterkust tengsl við foreldra sína og að margir forsjárlausir foreldrar hafi góð tengsl og mikla umgengni við börn sín. Hagsmunum barna gagnvart stjúp- og sambúðarforeldrum sé nægilega borgið með því að unnt sé að semja um forsjána, heimild forsjárforeldris til að ganga frá yfirlýsingu um hver fái forsjá að því látinu og heimild stjúpforeldris til að höfða forsjármál ef foreldri fellur frá.

#### 1.1.4.4 Aðgangur forsjárlausra foreldra að upplýsingum

Eins og áður hefur komið fram er gerður greinarmunur í barnalögum á rétti forsjárforeldris og forsjárlausss foreldris til aðgangs að gögnum um barn sitt. Réttur forsjárforeldris leiðir af inntaki forsjárlausss foreldris til aðgangs að gögnum um barn sitt. Réttur forsjárlausss foreldris er afmarkaður í 52. gr. laganna. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi frá því að lagaákvæðið var lögfest kemur fram að ákvæðið sé reist á því að óskir foreldris séu settar fram um upplýsingar og að átt sé við munnlegar upplýsingar en ekki bréfleg gögn eða ljósrít af þeim. Starfshópurinn hefur rætt mikilvægi þess að lagaákvæðið kveði með skýrari hætti á um rétt forsjárlausra foreldra og hvort rök standi til þess að gera greinarmun á rétti foreldra eftir forsjárfyrirkomulagi.

Bent hefur verið á að lagaákvæðið um réttarstöðu forsjárlausra sé reist á þeim sjónarmiðum að réttarstaða forsjárforeldra og forsjárlausra foreldra sé í grundvallaratriðum ólík þar sem forsjárforeldrar hafi einir rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barna sinna. Nefnt hefur verið að lagaákvæðið hafi verið tekið upp að norskri fyrirmynd. Þá hefur verið nefnt að foreldrar geti samið um víðtækari rétt, til dæmis í tengslum við samninga um umgengni. Einnig hefur verið nefnt að heppilegra kunni að vera að mæla fyrir um réttindi forsjárlausra foreldra í sérlögum ef ástæða þyki við tiltekna aðstæður að þeir njóti frekari réttar en 52. gr. laganna tryggir.

Þeir sem gagnrýna lagaákvæðið hafa bent á að forsjá ráði ekki úrslitum um tengsl foreldris og barns eða um umfang umgengni. Þannig hafi forsjárlausir foreldrar oft rúma umgengni og þeir hafi í raun daglegar forsjárskyldur sem skerði rétt forsjárforeldris meðan umgengni varir. Þar af leiðandi hafi forsjárlausir foreldri þörf fyrir að fá upplýsingar um börnin sín, bæði munnlega og skriflega. Foreldrar verði að geta tekið nauðsynlegar daglegar ákvarðanir um börn sín meðan umgengni varir og til þess þurfi að hafa aðgang að upplýsingum, til dæmis um frammistöðu og mætingu í skóla og um heimanám. Bent hefur verið á að heimild stofnunar til að synja um að veita upplýsingar eigi að duga til að gæta hagsmuna barna þegar það á við. Nefnt hefur verið að í dönsku barnalögum sé gengið lengra og sérstaklega tekið fram að forsjárlausir foreldri eigi rétt á skriflegum upplýsingum frá tilteknum aðilum/stofnunum. Fulltrúi Félags um foreldrajafrétti hefur einnig eftir systurfélagi í Noregi að norsku lögin séu ekki túlkuð með sama hætti og þau íslensku, þ.e. framkvæmdin takmarkist ekki við munnlegar upplýsingar.

#### 1.1.4.5 Umgengni

##### *a) Mál um umgengni rekin fyrir dómstólum*

Í barnalögum er gert ráð fyrir að úrskurðarvald í ágreiningsmálum um umgengni sé fyrst og fremst í höndum sýslumanna. Ef forsjármál er rekið fyrir dómi geta dómstólar þó dæmt um umgengni að kröfu annars foreldris eða beggja. Starfshópurinn hefur rætt nauðsyn þess að bæta

málsmeðferð hjá sýslumönnum. Einnig hvort heppilegt sé að foreldrar geti rekið umgengnismál fyrir dómstólum án tengsla við forsjármál.

Úrskurðarvald í umgengnismálum hefur komið til tals við endurskoðun barnalaga og talið hefur verið heppilegra að sýslumenn úrskurði í umgengnismálum, meðal annars vegna þess að gera megi ráð fyrir að foreldrar deili oft um umgengni en til dæmis forsjá og sýslumenn séu talsvert fleiri, dreifðir um landið og þar af leiðandi aðgengilegri en dómstólar. Málsmeðferð hjá sýslumönnum er einfaldari og sveigjanlegri en fyrir dómstólum og foreldrar geta rekið þar mál sín sjálfir enda hafa sýslumenn ríka leiðbeiningarskyldu samkvæmt barna- og stjórnsýslulögum og kostnaður því minni. Þá er löng hefð fyrir þessu fyrirkomulagi hér á landi og talsvert reynsla hjá sýslumannsembættum auk þess sem nánast öll skilnaðarmál eru rekin fyrir sýslumanni, meðlagsmál lúta úrskurðarvaldi sýslumanns og þar eru flest faðernismál útkljáð.

Sem rök fyrir því að breyta núverandi fyrirkomulagi hefur verið nefnt að aðilar beri almennt meira traust til dómstóla en stjórnvalda og málsmeðferð fyrir dómi þyki almennt hlutlausari, vandaðri og tryggja betur réttaröryggi einstaklingsins. Bent hefur verið á að forsjármál séu nú eingöngu rekin fyrir dómstólum og einnig bent á þann kost að dómur eru birtir og nýtast þannig til upplýsinga um túlkun laganna. Nefnt hefur verið að erfitt sé að skapa jafnræði við afgreiðslu málanna enda sýslumannsembættin mörg. Gagnrýni hefur komið fram á málsmeðferð sýslumanna og til dæmis nefnt að það þjóni hagsmunum barns best að dómkveðja matsmenn til að meta þessi ágreiningsatriði. Slíkt faglegt mat geti einnig hugsanlega hjálpað fólki að semja og þar með fækkað ágreiningsmálum. Þá séu umgengnismál rekin fyrir dómstólum víðast á Norðurlöndunum.

#### *b) Heimild til að úrskurða/dæma umgengni 7 daga af 14*

Eins og áður hefur komið fram hafa úrskurðaraðilar ekki talið rétt að ákveða jafna umgengni með hliðsjón af ákvæði barnalaga um lögheimili barns og þar með jafna búsetu hjá öðru foreldri. Hins vegar liggur fyrir að foreldrar geta samið um jafna umgengni og hafa sýslumenn staðfest slíka samninga foreldra. Þá virðast dómstólar og sýslumenn hafa úrskurðað rýmri umgengni á síðari árum í tilteknum málum.

Sem rök með því að rýmka heimild til að úrskurða eða dæma umgengni hefur verið nefnt það meginsjónarmið að rúm umgengni við báða foreldra sé börnum fyrir bestu. Nauðsynlegt sé að úrskurðaraðilar hafi frjálssar hendur til að velja það fyrirkomulag sem talið sé barni fyrir bestu í hverju tilviki. Þá sé þessi heimild í samræmi við reglur á öðrum Norðurlöndum.

Eins og áður sagði hefur verið talið að ekki skuli dæma jafna umgengni meðan lögin gera ráð fyrir fastri búsetu barns á einum stað. Þá hefur verið bent á að jöfn umgengni verði að grundvallast á góðu samstarfi og samvinnu foreldra, annars þjóni hún ekki hagsmunum barns og því varhugavert að dæma slíkt gegn vilja annars.

#### *c) Umgengni við stjúeforeldra*

Barnalögin gera ráð fyrir umgengnisrétti barns við foreldra sína og nána vandamenn þegar sérstaklega stendur á. Umgengni barns við stjúforeldri eftir skilnað eða sambúðarslit er því

alfarið háð samkomulagi við foreldri barnsins. Með stjúpforeldri er hér bæði átt við þann sem hefur verið í hjónabandi og verið í sambúð með foreldri. Starfshópurinn hefur rætt hvort rétt væri að gera ráð fyrir að unnt verði að úrskurða um umgengni barns og stjúpforeldris.

Nefnd hafa verið þau rök að oft séu mikil tengsl milli barns og stjúpforeldris. Ef gera eigi ráð fyrir að stjúpforeldri fari með forsjá stjúpbarns meðan samvistir vara við foreldri þá sé rétt að gera jafnframt ráð fyrir möguleika á umgengni. Ef sjálfvirk forsjá stjúpforeldris yrði felld niður væri unnt að takmarka rétt til umgengni við þau tilvik er foreldri og stjúpforeldri hefðu sérstaklega samið um að fara sameiginlega með forsjána.

Til stuðnings núverandi fyrirkomulagi hefur verið nefnt að tengsl stjúpforeldris séu almennt ekki jafn rík og tengsl foreldris og að algengast sé að tengsl rofni eftir skilnað/sambúðarslit. Þá geti börn átt fleiri en eitt stjúpforeldri um ævina. Flest börn séu í umgengni við foreldri sem þau eigi ekki lögheimili hjá, oft í rúmri umgengni og erfitt að koma við umgengni við fleiri aðila. Jafnvel þó umgengni við foreldri sé ekki til staðar þá gæti úrskurðuð umgengni til handa stjúpforeldri skert möguleikann á að koma síðar á tengslum/umgengni við foreldri. Þá sé óheppilegt að gera ráð fyrir umgengni gegn vilja foreldris sem viðkomandi bjó með.

#### *d) Umgengni við ömmu og afa*

Eins og áður sagði eru það fyrst og fremst foreldrar sem geta óskað eftir að umgengni verði ákveðin. Ef foreldri barns er látið eða það getur ekki sinnt umgengnis skyldum sínum, til dæmis vegna langvarandi dvalar erlendis, þá geta nánir vandamenn barns krafist úrskurðar sýslumanns um umgengni þeirra við barnið. Með nánum vandamönnum er fyrst og fremst átt við afa og ömmu.

Starfshópurinn hefur rætt hvort æskilegt væri að rýmka þessa heimild. Nefnt hefur verið að amma og afi og jafnvel aðrir hafi oft sterk tengsl við barn og oft erfitt að komast að samkomulagi við forsjárforeldri sem barn býr hjá. Hætta geti verið á því að mikilvæg tengsl barns við hluta ættingja sinna tapist en slíkt gangi gegn hagsmunum barns.

Sem rök með núverandi fyrirkomulagi hefur verið bent á að börn hafi sterkust tengsl við foreldra sína og eðlilegt að umgengni við foreldra séu í algerum forgangi. Almennt sé lögð áhersla á rúma umgengni við foreldri sem barn býr ekki hjá og gengið út frá því að umgengnisforeldri sjái til þess að barn umgangist aðra nána vandamenn eftir því sem hentar best hag barnsins. Einnig hefur verið bent á að erfitt sé að koma á skipulagðri umgengni barns við marga aðila, sérstaklega ef vilji foreldra standi ekki til þess.

#### *e) Kostnaður við umgengni*

Í barnalögunum er gert ráð fyrir að foreldri sem barn býr ekki hjá greiði kostnað vegna umgengni nema annað sé ákveðið með samningi eða úrskurði sýslumanns. Sýslumaður getur þannig ákveðið að foreldri sem barn býr hjá greiði að nokkru eða öllu leyti kostnað vegna umgengni að undangengnu sérstöku mati á fjárhagslegri og félagslegri stöðu beggja aðila og atvikum máls að öðru leyti.

Meginreglan um ábyrgð umgengnisforeldris á kostnaði vegna umgengni hefur verið gagnrýnd. Bent hefur verið á rúm, reglubundin umgengni sé mikið hagsmunamál fyrir barn, oft sé um umtalsverðan kostnað að ræða og eðlilegast að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á kostnaði enda beri þeim báðum skylda til að tryggja að umgengni eigi sér stað. Þetta sé enn fremur í samræmi við meginregluna um að báðir foreldrar beri ábyrgð á framfærslu barns. Einnig sé óeðlilegt að annað foreldri geti flutt og þannig skapað hinu umtalsverðan kostnað í tengslum við umgengni. Þá hefur verið bent á að alls staðar á Norðurlöndum sé gert ráð fyrir að kostnaður skiptist milli foreldra, til dæmis í Noregi skiptist hann almennt í hlutfalli við tekjur hvors foreldris.

Á móti hefur verið bent á að í fyrsta lagi geti foreldrar samið um það fyrirkomulag sem henti best hagsmunum barns og að núverandi fyrirkomulag veiti sýslumönnum einnig rúma heimild til að meta aðstæður í hverju máli og skipta kostnaði ef það á við.

#### *f) Umgengnistálmanir*

Umgengnisréttur foreldris og barns nýtur sérstakrar verndar í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og í mannréttindasáttmála Evrópu. Umgengnisréttur samkvæmt ákvæðum barnalaga felur fyrst og fremst í sér rétt barns til reglubundinna samvista við foreldri sem það býr ekki hjá og þetta á við hvort sem forsjá barns er sameiginleg eða í höndum annars foreldris. Við skilnað eða slit á sambúð hvílir sú skylda á báðum foreldrum að grípa til þeirra ráðstafana sem við verður komið til að tryggja að þessi réttur barnsins sé virtur. Í barnalögum eru ákvæði um hvernig bregðast skuli við þegar umgengni er tálmuð. Í sumum tilvikum sinnir foreldri ekki umgengni við barn sitt en lögin mæla ekki fyrir um sérstök úrræði vegna þess. Ef foreldri sem barn býr hjá kemur hins vegar í veg fyrir umgengni foreldris og barns, sem hefur verið ákveðin með úrskurði eða staðfestum samningi foreldra, getur sýslumaður lagt dagsektir á foreldrið sem hindrar umgengni. Ef dagsektir eru ákveðnar á foreldri að greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður frá því að sýslumaður úrskurðar þær og þar til hætt er að hindra umgengni. Ef foreldri sem barn býr hjá heldur áfram að hindra umgengni þrátt fyrir dagsektir getur dómari ákveðið að umgengni verði komið á með þeim hætti að barn sé tekið úr umsjá foreldrisins sem það býr hjá og fært umgengnisforeldrinu. Þá má geta þess að lögin gera ráð fyrir að við úrlausn máls um forsjá skuli meðal annars líta til þess hvort foreldri, sem krefst forsjár barns síns, hafi verið tálmuð umgengni við barnið.

Þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti komu til sérstakrar skoðunar við setningu barnalaganna frá 2003. Var þá meðal annars gert ráð fyrir að aðilum dagsektarmáls yrði boðin sérfræðiráðgjöf, dagsektir voru hækkaðar og lögfest ákvæðið sem heimilar aðför. Sérstaklega hefur verið bent á að fjárhæð dagsekta skuli ákveða þannig að úrræðið þjóni tilgangi sínum og beiting þess sé vænleg til árangurs. Lögð hefur verið áhersla á að þegar svo hátti til að umgengnisúrskurði sé ekki framfylgt af hálfu foreldris og grípa þurfi til aðgerða af hálfu yfirvalda til að koma umgengni á verði að hafa í huga að tvenns konar hagsmunir takist á, annars vegar hagsmunir foreldris og barns af því að njóta samvista hvors annars og annars vegar hagsmunir barns af því að framkvæmd umgengninnar valdi barni ekki of miklum erfiðleikum eða skaða. Lögfesting þvingunarúrræða verði því að taka mið af þeirri hættu sem því geti verið samfara fyrir barn að þvinga umgengni fram með tilteknum ráðum.

Bæði fyrir og eftir setningu barnalaganna hefur verið bent á nauðsyn þess að setja frekari ákvæði um þvingun vegna brota á umgengnisrétti. Bent hefur verið á að umgengnistálmanir gangi þvert gegn hagsmunum barns enda hafi þá þegar verið samið eða úrskurðað um að það sé barni fyrir bestu að umgengni fari fram. Nauðsynlegt sé að taka með skýrari hætti á því þegar foreldri sem barnið býr hjá brjóti þannig með beinum hætti á rétti barnsins til að þekkja og umgangast báða foreldra sína. Gagnrýnt hefur verið að mál taki alltof langan tíma frá því að krafist sé úrræða vegna umgengnistálmana, engin úrræði séu til staðar meðan mál sé í gangi og á þessum tíma geti tengsl barns og foreldris rofnað. Sérstaklega hefur verið bent á hættuna á því að foreldri sem barn býr hjá skaði tengslin vísvitandi við þessar aðstæður og geri barnið andsnúið hinu foreldri sínu. Bent hefur verið á mikilvægi þess að dagsektir hafi raunveruleg áhrif, að unnt verði að taka barn strax úr umráðum þess foreldris sem tálmi, bæði meðan mál sé í gangi og eftir að fyrir liggi að dagsektir skili ekki árangri hvort sem þær séu greiddar eða ekki. Einnig eigi að vera unnt að mæla fyrir um aðför í tiltekinn tíma en ekki einungis í hvert sinn sem tálmað er. Þá hefur verið nefndur sá möguleiki að gera foreldri sem ítrekað tálmar umgengni að sæta refsingu og bent á að við slíkum brotum liggi fangelsisrefsing, til dæmis í Frakklandi. Þessu til viðbótar hefur verið nefndur sá möguleiki að tilkynna umgengnistálmanir til barnaverndarnefndar þar sem telja megi að foreldri vanræki foreldraskyldur sínar með því að tálma umgengni eða sinna ekki umgengni og um sé að ræða tilfinningalega/sálræna vanrækslu.

#### 1.1.4.6 Tvöfalt lögheimili barns

Eins og áður hefur verið nefnt gera barnalögin ráð fyrir að foreldrar verði að ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Það foreldri hefur réttarstöðu einstæðs foreldris til að taka við meðlagsgreiðslum úr hendi hins foreldrisins, mæðra- og feðralaunum, barnabótum og öðrum greiðslur frá hinu opinbera ef því er að skipta. Foreldrar geta síðan samið sín á milli um skiptingu þessa greiðslna ef svo býður við að horfa. Starfshópurinn hefur rætt talsvert um jafna umgengni, tvöfalda búsetu og tvö lögheimili. Nokkuð mismunandi sjónarmið eru uppi um þetta á Norðurlöndunum og vísast til kaflans um norrænan rétt. Hvergi á Norðurlöndunum er þó gert ráð fyrir að barn geti átt tvö lögheimili.

Barnalögin gera í dag ráð fyrir að foreldrar semji um hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili þar sem löggjafinn hefur talið barni fyrir bestu að eiga fasta búsetu á einum stað. Bent hefur verið á að föst búseta á einum stað tryggi stöðugleika fyrir barn, samfellu í reglum og betra eftirlit/umsjón með barni. Möguleiki á tveimur lögheimilum jafnvel innan sama sveitarfélags tryggi ekki nálægð foreldra, til dæmis búsetu í göngufæri við sama skóla, vini og tómstundastarf. Einnig hefur verið bent á að töluverð réttaráhrif séu bundin við heimilisfang jafnvel innan sama sveitarfélags, svo sem birtingar í lögum um meðferð einkamála og sakamála, og einnig má nefna sem dæmi reglur barnaverndarlaga um samstarf við foreldri sem barn býr hjá. Þá hefur verið bent á að erfitt geti orðið að tryggja að einstaklingur skrái einungis eitt lögheimili eftir að hann nær 18 ára aldri. Svo hefur verið nefnt að breyta megi reglum um opinberan stuðning hins opinbera við foreldra án þess að gera ráð fyrir tveimur lögheimilum og að auki minnt á heimild foreldra til að skipta með sér opinberum framlögum upp á eigin spýtur.

Til stuðnings sjónarmiðum um að barn eigi að geta átt tvö lögheimili hefur verið bent á að foreldrar kjósi oft jafna umgengni sem þýði í raun tvöfalda búsetu. Bent er á að einungis sé gert ráð fyrir að foreldrar geti samið um tvö lögheimili, foreldrar kjósi í ríkum mæli að hafa þennan möguleika og sjálfsagt að koma til móts við foreldra að þessu leyti. Tvö lögheimili myndu jafna

stöðu barnsins til beggja foreldra og jafna stöðu foreldranna eða rétt þeirra til opinberrar aðstoðar. Þetta myndi því auka jafnvægi foreldranna í tekjuhæfi og einkalífi. Þetta fyrirkomulag myndi einnig hafa sjálfkrafa í för með sér að báðir foreldrar yrðu að samþykkja flutning á lögheimili. Þá hefur verið bent á að unnt væri að draga úr óvissu um réttaráhrif þessa með því að setja sem skilyrði að bæði lögheimili verði að vera í sama sveitarfélagi og sama eða samliggjandi skólahverfi þegar það eigi við.

#### 1.1.4.7 Heimild foreldris til að breyta lögheimili barns

Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman vakna spurningar um hvaða ákvarðanir foreldrar þurfa að taka sameiginlega og hvaða ákvarðanir annað foreldra megi taka. Gert er ráð fyrir að foreldrar taki í sameiningu allar meiriháttar ákvarðanir sem varða barn. Foreldri sem barn á lögheimili hjá hefur hins vegar heimild til að taka minni háttar ákvarðanir um hversdagslegar þarfir barns. Litið hefur verið svo á að ekki þurfi samþykki beggja forsjárforeldra til að flytja lögheimili barns innan lands, enda hafi foreldrar með samningi ákveðið *hjá hvoru þeirra* barnið eigi að hafa lögheimili en ekki hvar. Sams konar spurningar hafa vaknað á öðrum Norðurlöndum sem leitt hafa til ólíkra niðurstaðna, sbr. kaflann um norrænan rétt.

Sem rök með núverandi fyrirkomulagi hefur aðallega verið nefnt að hagsmunir barns fari saman við hagsmuni lögheimilisforeldris af því að geta ráðið lífi sínu eins og best hentar fjölskyldunni í heild, til dæmis stofnað nýja fjölskyldu, skipt um húsnæði og um atvinnu. Óeðlilegt sé að gera ráð fyrir að foreldrar geti búið við nánast óbreyttar aðstæður eftir skilnað eða sambúðarslit þar til barn nær lögræðisaldri. Þá hefur verið bent á að samþykki beggja myndi einungis ná til flutnings þess foreldris sem barnið á lögheimili hjá en ekki með samsvarandi hætti til þess foreldris sem barnið hefur umgengni við sem hefði þannig umtalsvert frjálsari hendur.

Rök með því að krefjast samþykkis beggja eru sem fyrr áherslan á rétt barns til að njóta beggja foreldra sinna og að rúm og regluleg umgengni sé barni almennt fyrir bestu. Bent hefur verið á að aukið vægi beggja foreldra með sameiginlega forsjá sé til þess fallið að auka ábyrgðartilfinningu og samvinnu foreldra um hagsmuni barnsins. Þá hefur verið nefnt að flutningur geti auðveldlega torvelað umgengni barns og foreldris sem það býr ekki hjá og með þeim hætti unnið gegn hagsmunum barns. Þá hefur verið nefnt að flutningur sé yfirleitt stór ákvörðun sem eðlilegt sé að telja meiriháttar í skilningi laga enda geti hún valdið miklu raski og umróti í lífi barns, til dæmis vegna skólagöngu, tengsla við stórfjölskyldu og vini og vegna tómsunda. Nefnt hefur verið að samþykki beggja væri hægt að binda þeim skilyrðum að foreldrar hefðu áður búið í sama sveitarfélagi eða skólahverfi, flutningur myndi fyrirsjáanlega valda mikilli röskun á högum barns og röskun á umgengni, það foreldri sem ekki hefði lögheimili barnsins væri reiðubúið til að taka við lögheimilinu og það væri ósk barnsins að skipta um lögheimili.

## 1.2 Félagsleg staða barna í ólíkum fjölskyldum

### 1.2.1 Uppeldisaðstæður og velferð barna tengjast fjölskyldugerð – Sigrún Júlíusdóttir, Háskóla Íslands

#### Inngangsorð

Rannsóknnum síðustu 10–15 ára á uppeldisaðstæðum barna á Íslandi ber saman um að þegar á heildina er litið eiga börn einstæðra foreldra undir högg að sækja í samanburði við börn sem búa með og/eða njóta atlætis beggja foreldra. Þeir þættir sem gleggstur munur er á varða tekjur, atvinnu(tíma), húsnæði og önnur skilyrði lífsgæða, svo sem bílæign, daglegt neyslumynstur, ferðalög og frístundalíf. Hér verða almennt ekki endurteknar sértækar upplýsingar eða sett fram áður birt töflufni, en byggt er á skráðum heimildum þar sem finna má efnivið og ályktunum stað. Þar sem ekki er um fræðilega ritsmið að ræða er ekki vitnað í einstaka fræðitexta jafnóðum. Meðal þeirra heimilda sem byggt er á eru: SJ o.fl., 1995; Guðrún Kristinsdóttir, 2000; SJ 2006, 2007 og 2008; Félagsvísindastofnun, 1999; Skýrsla forsætisráðherra um fátækt barna og hag þeirra, 2006; UNICEF report, 2006; Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans, 2008; Hagstofa Íslands EU-SILC, 2007, Eurostat, (e.d.); Jón Gunnar Bernburgh og félagar, 2007; Jeans, 2007; Harpa Njálaldóttir, 2008 og ársskýrsla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, 2007. Auk fræðilegra íslenskra heimilda er stuðst við alþjóðlegar niðurstöður rannsókna um skilnaði og velferð barna ásamt upplýsingum sem fram hafa komið í sáttameðferð, skilnaðar-, hjóna- og fjölskylduráðgjöf um innri aðstæður og þarfir barna og foreldra.

#### Meginmál

Hlutfall tekna/útgjalda einstæðra foreldra borið saman við aðrar fjölskyldugerðir er þegar á heildina er litið óhagstætt og „skekkt“, einkum miðað við vinnutíma. Um þriðjungur einstæðra foreldra lifir við fátækramörk/lágtekjumörk (existensminimum/at risk of poverty) en sambærilegt hlutfall fyrir foreldra í hjónabandi (með börn á framfæri) er 5%. Algengara er að börn í lágtekjufjölskyldum á Íslandi hafi áhyggjur af fjárhagsafkomu en á hinum Norðurlöndunum. Íslensk börn fráskilinna foreldra hafa meiri áhyggjur af líðan, heilsu og framtíð foreldra sinna en börn í öðrum fjölskyldugerðum.

Þetta tengist jafnframt því að einstæðir foreldrar:

- vinna hlutfallslega fleiri stundir í viku og eru því meira fjarri heimilinu og undir meira álagi en foreldrar í öðrum fjölskyldugerðum. Einvera hefur áhrif á öryggiskennd barna. Hún eykur líkur á óheppilegum og oft óheftum áhrifum fjölmiðla- og vefefnisneyslu sem fram fer án eftirlits, aðhalds og gagnrýninni samræðu við foreldri. Hún getur aukið slyshættu og líkur á óheppilegum „uppátækjum“, tilrauna- og áhættuhegðun barna og ungmenna. Minni dagleg fjölskyldu-/foreldrasamskipti auka líkur á áfengis- og vímuefnaneyslu og annarri andfélagslegri hegðun. Samskipti barna og foreldra sem ekki hafa nægilega góðar aðstæður til að framfæra þau, vernda þau og efla eru líklegri til að fara úrskaiðis og það getur átt sinn þátt í því að foreldrar þurfi að leita aðstoðar barnaverndaryfirvalda. Meiri hluti barnaverndarmála á vegum Barnaverndarstofu varða börn sem ekki búa hjá báðum foreldrum og af þeim búa 42% hjá einstæðri móður (ársskýrsla Barnaverndarstofu, 2007).

- hafa lélegan bílakost eða hafa alls ekki bíl til umráða. Það felur oft í sér aukaútgjöld (viðgerðir, tímabundna/tilfallandi leigubílanotkun), torveldar ferðir milli vinnu, (leik)skóla og heimilis, hindrar hagstæðar innkaupaferðir og uppbyggilega menningarneyslu. Þetta felur í sér umstang, tekur oft lengri tíma og skerðir þannig jafnframt möguleika á auðgandi frístundapátttöku, bæði foreldra og barna. Það er álag fyrir lítil börn (og foreldra) að vera rifin upp úr rúmi sínu, fyrr en nauðsynlegt er (enn verra á dimmum vetrarmorgnum) og þurfa að bíða í misjafnri íslenskri veðráttu eftir (oft óáreiðanlegum) strætisvagni.
- þurfa í meira mæli á fjárhagsaðstoð að halda. Þannig kemur fram að í ársskýrslu *Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna* (2006) á tímabilinu 2004–2006 eru einstæðar mæður stærsti hópur foreldra sem leitar ráðgjafar vegna greiðsluferfiðleika, 35% miðað við að hjón með börn eru 20%. Hlutfall einstæðra feðra er hins vegar lægst. Þetta er í samræmi við það sem íslenskar rannsóknir hafa sýnt að einstæðir feður afla hlutfallslega meiri tekna/vinna lengri vinnuviku en aðrir foreldrar. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands (2005) um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til fjölskyldna (greint eftir fjölskyldugerð) á landsvísu sækja einstæðir feður minnsta fjárhagsaðstoð (2%) hjá sínu sveitarfélagi meðan einstæðar mæður sækja/fá mesta aðstoð (34%) næst á eftir einstæðum barnlausum körlum (37%). Í ársskýrslu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (2007) kemur fram að meðal þeirra sem fá fjárhagsaðstoð er hlutfall einstæðra foreldra 35% en hjóna/sambúðarfólks með börn 4,5%. Hvað varðar húsaleigu bætur er hlutfallið 26% fyrir einstæða foreldra en hjóna/sambúðarfólks með börn 4,4%. Hlutfall einstæðra foreldra er 47% en 2,3% fyrir hjón/sambúðarfólk með börn þegar litið er til talna um sérstakar húsaleigubætur.
- búa við misgóðar og oft ótraustar húsnæðisaðstæður. Þegar á heildina er litið búa þeir í færri fermetrum og færri herbergjum á mann, staðsetning og gæði húsnæðis er lakara og þeir eiga það síður. Á því tímabili sem skilnaður gengur yfir verða húsnæðisaðstæður foreldra, flutningar og óvissa í þeim efnunum oft einn skýrastí röskunarþátturinn í lífi barna. Það er ekki aðeins sjálf upplausn heimilisins og búsetuflutningur heldur oft skert gæði húsnæðis. Jafnframt þurfa mörg skilnaðarbörn að skipta um skólahverfi, aðlagast nýjum félögum og breyttu daglegu lífsmynstri. Börn sem búa hjá fráskildum foreldrum sínum, ekki síst þau sem búa jafnt hjá báðum (i) deila oft áhyggjum þeirra af ófullnægjandi húsnæðisaðstöðum, (ii) þurfa oft að þola þá skerðingu á einkalífi að hafa ekki lengur eigið herbergi, deila því (reglulega eða óreglulega) með systkini eða hálf-/stjúpsystkini/-num, sofa „í stofunni“, sofa inni hjá foreldri, ýmist í eigin rúmi eða upp í hjá foreldrum- oft með nýjum félaga foreldrisins og (iii) eiga ekki kost á að hafa vini sína „inni hjá sér“ og/eða fyrirverða sig gagnvart þeim fyrir bága aðstöðu á heimilinu og víkja sér þannig undan því að opna það fyrir félögum. Tengt þessu samhengi má oft greina fyrsta vísi að kvíða, einangrun og öðrum vanlíðunareinkennum í lífi barns.
- stríða oft við margvíslegan heilsubrest og álagseinkenni. Tengt skilnaði og í kjölfar hans greinast, oftast en áður og miðað við aðra, svefntruflanir, bakverkir og höfuð-/vöðvaspenna. Þetta tengist oft tilfinningalegri vanlíðan og áhyggjum um eigin afkomu og barnanna, spennu og óróa vegna uppgjörs við fyrrverandi maka eða afgerandi ákvarðana og fjárhagsskuldbindinga sem þeir bera *einir* ábyrgð á. Auk þessa koma oftlega



til tvíbentar óskir og þarfir varðandi ný (ástar)sambönd og vonbrigði vegna óvæntra viðbragða fjölskyldu og vina. Stuðningur er oft minni en vænst var frá upprunafjölskyldu og fyrra tengslaneti. Þá eru tími og ráð oft takmarkaðri til að sinna félagslegum áhugamálum og persónulegum þörfum til uppbyggingar og heilsueflingar. Börn fara ekki varhluta af vanlíðan og heilsubresti foreldra. Þau (i) bregðast oft við með kvíða og öðrum vanlíðunareinkennum, (ii) fá áhyggjur um eigin afdrif og framtíð foreldrisins og (iii) finna til ábyrgðar og reyna að leyna eigin vanlíðan til að auka ekki áhyggjur foreldris. Vanlíðan barna og tímabær ábyrgð þeirra á aðstæðum foreldra getur oft haft þroskahindrandi áhrif og átt sinn þátt í því að þau fari á mis við eðlilegt áhyggjuleysi bernskunnar, þrói með sér ofvaxið sjálfsmat og hik við að treysta öðrum eða skuldbinda sig félags- og tilfinningalega. Þetta kann oft að verða þeim fjötur um fót síðar, meðal annars við myndun náinna tengsla/sambúðar, við að þróa með sér trausta foreldraímynd og njóta sín sem foreldrar.

### Niðurlag og ályktun

Aðstæður fólks, gildismat og viðhorf hafa gjörbreyst á síðustu áratugum. Meðal annars eru nú viðhorf til skuldbindinga og ábyrgðar og hugmyndir um frelsi og möguleika í samtíma okkar umbreytt frá þeim gildum sem mótuðu elstu núlifandi kynslóðirnar (70–100 ára). Vaxandi einstaklingshyggja og alheimsáhrif valda því að það verður æ flóknara að samræma einkalíf og tilfinningaskuldbindingar við nám, möguleika í starfi og frelsisútrás. Tölfræðilegar upplýsingar sýna að fólk velur í vaxandi mæli að fresta sambúð og barneignum eða „velur“ að sleppa því alveg og lifa frjáls og óháð. Æfingabúðir eða það sem kallað hefur verið „seinkað fullorðinslíf“ fer vaxandi. Skilnaðartíðni parsambanda er nú orðin nokkuð stöðug staðreynd, þ.e. tæplega þriðja hvert skráð parsamband rofnar, að meðaltali innan sjö til níu ára. Hitt er svo jafn umhugsunarvert að meiri hluti þessa fólks leitar fljótt aftur í sambúð með öðrum fullorðnum einstaklingi, eða um 25% innan árs frá síðasta skilnaði, en nær allir innan fjögurra ára (SJ o.fl. 2007). Jafnframt sýna heilbrigðisskýrslur skýra jákvæða fylgni milli annars vegar hjúskaparstöðu – eða þess að búa í traustu sambandi við aðra manneskju – og hins vegar almenns heilbrigðis, hæfni til að samræma einkalíf og starf ásamt tilfinningalegs jafnvægis og sáttar.

Fjölbreytileikinn er kominn til að vera og fjölskyldurannsóknir síðustu áratuga benda til að framangreindar fjölskyldu- og tengslaumbreytingar séu líklegri til að eiga frekar eftir að taka á sig enn flóknari mynd en að fyrri mynstur komi aftur fram á sjónarsviðið. Enda má sjá hvernig löggjöf verður síopnari, það dregur úr ytra aðhaldi með lögum, reglum og formgerðarnálgun. Valið og ábyrgðin er einstaklingsins, af góðu og vondu. Við þessu þarf að bregðast og svarið er: Viðurkenning á öflugum stuðningi við nán tvenndartengsl, þ.e. foreldra og barna, parsamband og kynslóðasamskipti. Það er hinn innsti kjarni, nánú tengslin í lífi hvers barns og hvernar frumsamskiptaeyningar sem standa þarf vörð um þannig að hvert barn sé útbúið með innra „akkeri“ sem gerir því kleift að sigla keik, laus og liðug um hið úfna ölduhaf hins fljótandi samtíma, án þess að tapa sálu sinni eða villast af leið.

Sífelldar umbreytingar í einkalífi og ummyndun fjölskyldulífs fela í sér sérstakt álag fyrir börn eins og að framan greinir. Þetta kallar á aðgerðir af hálfu velferðarkerfisins til að tryggja börnum lágmarksaðstöðujöfnuð innan og milli fjölskyldugerða hverju sinni. Hér er um að ræða brennandi samfélagsverkefni sem snýr ekki aðeins að velferð barna úr ólíkum fjölskyldugerðum heldur einnig oft frá ólíkum menningarsvæðum. Úrlausnir og ný stefnumótun í þessu efni varða heill barna og almannaheill til framtíðar í íslensku samfélagi.

Þegar fjarvera frá heimili, vinnuþreyta, ónógur stuðningur og skortur á hvetjandi frístundastarfi, líkamsrækt og afþreyingu er samanlagt of mikið (ábyrgðar)álag á foreldra, eykur það líkur á vonleysiskennnd eða jafnvel uppgjöf gagnvart krefjandi foreldraverkefnum. Þannig er nú einnig meiri þörf en nokkru sinni á forvarnastefnu sem felur í sér samræmda stefnumótun milli skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu þar sem hvergi er gat.

### *1.2.2 Helmingur foreldra fer ekki með lögheimili barna eftir skilnað – Lúðvík B. Jónsson, Félag um foreldrajafnrétti*

Eftir skilnað eða sambúðarslit á Íslandi skiptast foreldrar í tvo jafnstóra hópa, lögheimilisforeldra annars vegar og þá sem ekki hafa lögheimilið hins vegar. Félag um foreldrajafnrétti var stofnað sem grasrótarsamtök um réttarstöðu seinni hópsins, þ.e. þeirra sem ekki fara með lögheimili eigin barna eftir skilnað. Starfsemi félagsins hefur fyrst og fremst beinst að lagaumhverfi og viðhorfum stjórnsýslu.

Enn þann dag í dag fylgja börnin lögheimilum mæðra sínum í 92–95% tilvika. Lögheimilisforeldrar hafa að mati félagsins flesta þræði í hendi sér ef til deilna kemur milli foreldra. Lagaleg staða lögheimilisforeldra er trúlega hvergi sterkari en á Íslandi. Feður fylla hóp þeirra foreldra sem ekki fara með lögheimilið eftir skilnað og teljast þeir til 92–95% hluta þessa hóps en mæður 5–8%. Þessi foreldrahópur hefur mjög slaka lagalega stöðu á Íslandi og hefur Félag um foreldrajafnrétti fullyrt að réttarstaða þeirra sé hvergi slakari en hér á landi. Í þessari skýrslu er fjölmargt sem styður þá fullyrðingu þegar kemur að samanburði á sífalögum á Norðurlöndum.

Þessir tveir foreldrahópar, lögheimilisforeldrar og þeir sem ekki fara með lögheimilið, eru hvergi eins einkynja og héraendis. Hér virðist samfélagslegur þrýstingur vera gífurlegur á mæður að verða lögheimilisforeldrar við skilnað. Fordómar gagnvart mæðrum sem samþykkja að börnin fylgi lögheimili feðra sinna eru miklir og þær hart dæmdar. Margar mæður í þeirri stöðu leita til félagsins. Mæður í þessari stöðu eru mun frekar hvattar til að fara í forsjárdeilur en feður.

Feður barna á Íslandi lenda almennt í miklum deilum reyni þeir að verða lögheimilisforeldri eftir skilnað, enda fyrrnefndur samfélagslegur þrýstingur mikill á barnsmæður að vera með börnin. Til undantekninga heyrir að feður láti á það reyna, enda er á sama hátt mikill samfélagslegur þrýstingur sem letur þá til slíkrar baráttu. Þessi mál eru því undirorpin almennri umræðu um stöðu kynjanna. Með óbreyttum lögum má með nokkrum sanni segja að núverandi umhverfi standi vörð um ímynd einstæðu móðurinnar.

Félagið telur að sá gífurlegi aðstöðumunur sem er milli þessara tveggja foreldrahópa viðhaldi sem sjálfstæður kraftur þeim mikla samfélagslega þrýstingi sem er á mæður til að gefa ekkert eftir þegar kemur að því hvar barnið eigi lögheimili. Það er svo mikið í húfi þegar aðstöðumunurinn er svona mikill og réttindin liggja öðrum megin. Lögin eru ferköntuð, allir dregnir í tvo dilka, lögheimilisforeldra eða umgengnisforeldra. Það hefur sýnt sig í Svíþjóð og Frakklandi að með fleiri og mildari úrræðum í búsetumálum, svo sem lög um víxlbúsetu barns hjá báðum foreldrum, hefur dregið verulega saman með kynjunum í hvorum foreldrahópi fyrir sig. Með slíkum úrræðum virðist sem deilum fækki þar sem báðir foreldrar nálgist málin á jafnréttisgrunni. Sem dæmi um valdaójafnvægi á Íslandi má nefna að lögheimilisforeldrið getur einhliða ákveðið að

flytja með barnið á annað landshorn og kippt þannig grundvellingum undan foreldratengslum barnsins við það foreldri sem eftir situr. Þar eru hagsmunir foreldrisins teknir fram yfir hagsmuni barnsins. Ný lög með fjölbreyttari úrræðum geta byggt brú milli foreldra. Slík brú er þá í raun brú milli kynjanna. Slík brú er óskabré meginþorra skilnaðarbarna.

Oft hefur verið sagt að feður í þessari stöðu upplifi sig réttþærri gagnvart atvinnurekendum sínum en barnsmæðrum. Valdahallinn liggja alveg ljós fyrir þó allt leiki í lyndi. Afleiðingar þessa mikla lögheimilisvalds getur þó orðið sem snjóhengja yfir öllu samstarfi foreldranna. Segjast margir feður vera reiðubúnir til að ganga ótrúlega langt til að halda friðinn meðan aðrir verða fjarlægari og hverfa að nýju lífi. Lítil hluti fer í deilur og átök, enda segja flestir að þau átök bitni á börnunum og líkur á breytingum litlar. Sérstaklega er þessi staða erfið þeim mæðrum sem ekki fara með lögheimili barna sinna.

Langalgengustu umkvörtunarefnin tengjast því að lögheimilisforeldrið hafi vald til að svipta hitt foreldrið sameiginlegri forsjá ef hún er fyrir hendi, án þess að þurfa að tengja slíka sviptingu við hagsmuni barnsins. Einnig nefna margir ósanngirni í meðlagskerfum þar sem lögheimilisforeldrið getur fengið hitt foreldrið dæmt til að greiða margföld meðlög án þess að litið sé til tekna beggja foreldra eða hversu mikið barnið býi hjá hvoru foreldri fyrir sig. Rétt er að geta þess að þessi tvö dæmi um óeðlilega sterka réttarstöðu lögheimilisforeldris þekkjast ekki í öðrum löndum sem við berum okkur saman við.

Nú væri það verðugt rannsóknarverkefni framtíðarinnar að athuga af hverju foreldrajafnrétti á Íslandi hefur ekki þróast í takt við það sem þekktist í öðrum löndum. Félagið hefur bent á nokkur atriði sem eflaust eru hluti af skýringunni og telur ástæðu til að nefna þau atriði hér, enda mikilvægt að gera sér grein fyrir orsökum sérstöðunnar þegar úrræða er leitað:

1. Vel skipulagðar kvennahreyfingar hafa staðið vörð um réttindi lögheimilisforeldra.
2. Grasrótarsamtök fedra hafa ekki náð flugi hérlandis samanborið við stöðu þeirra erlendis.
3. Þingstyrkur kvenréttindahreyfinga óvída meiri en á Íslandi, samanber sögu Kvinnalistsans.
4. Íslenskir karlmenn hafa unnið hlutfallslega mjög langan vinnudag sem verður löstur við skilnað.
5. Opinber jafnréttisbarátta á Íslandi virðist vinna einungis að málum þar sem hallar á konur.
6. Jafnréttishreyfingar og stofnanir hafa mikil ítök í málefnum barna, samanber embætti Umboðsmanns barna.

Félag um foreldrajafnrétti hefur ætíð undrast það að kvenréttindahreyfingar hafi oftast en ekki skilað neikvæðum umsögnum um jafnvel hin smæstu skref í átt til foreldrajafnréttis. Þar eru hagsmunir barna oftast bornir fram sem helstu rök gegn breytingum. Síðast sáust slíkar umsagnir þegar sameiginleg forsjá var gerð að meginreglu árið 2006, en Ísland var langsíðasta landið í Vestur-Evrópu til að taka upp slíka meginreglu. Ólíklegt verður því að telja að reglan sé andstæð hagsmunum barna heldur þvert á móti. Það sem fyrst og fremst vekur undrun er sá misskilningur að það séu hagsmunir kvenna að viðhalda þeim samfélagslega þrýstingi á mæður að vera í sem flestum hlutverkum barna sinna eftir skilnað. Félagið telur að það séu almennir jafnréttishagsmunir kvenna að virkja feðurna til meiri ábyrgðar og þátttöku eftir skilnað og því sé nauðsynlegt að skapa báðum foreldrum jafnari réttarstöðu og fjölga úrræðum. Norskar rannsóknir benda eindregið í þá átt að meiri jöfnun á ábyrgð og skyldum foreldra eftir skilnað skilar bæði

fleiri konum í atvinnu og hærri tekjum. Félagið hefur því gagnrýnt kvenréttindahreyfingar fyrir skammsýni í hagsmunabaráttu sinni.

Félag um foreldrajafrétti hefur barist fyrir bættri réttarstöðu til handa þeim helmingi foreldra sem munu skilja í framtíðinni, þ.e. þeim helmingi sem ekki fer með lögheimilið. Þar sem sá hópur er svo afgerandi feðradrifinn er ljóst að félagið getur ekki annað en litið einnig til jafnréttisbaráttunnar. Sá munur verður mjög ljós þegar borin eru saman kynjahlutföll með orðfæri jafnréttisbaráttunnar, en þá má segja að kynbundinn munur á lögheimilisforeldrum sé 92–95%. Félagi um foreldrajafrétti er ekki kunnugt um meiri kynbundinn munur á öðrum sviðum. Kynbundið ofbeldi nær ekki þessum tölum. Einnig er hægt að ræða um mismunun þegar borin er saman staða feðra eftir skilnað á Íslandi við feður í sömu stöðu í nágrannalöndunum. Af hverju eiga íslenskir feður framtíðarinnar að setta sig við slakari stöðu gagnvart börnum en til að mynda feður á hinum Norðurlöndunum? Er eitthvað sem réttlætir slíkt?

Nú er það svo að rannsóknir hafa ekki með óyggjandi hætti sýnt fram á neina tengingu skilnaða við félagslega stöðu fólks, að minnsta kosti ekki á Norðurlöndum. Þannig er skilnaðartíðni nánast sú sama hjá menntuðu fólki sem ómenntuðu, tekjulágu sem tekjuháu, dökkhærðu sem ljóshærðu. Þannig er ekki hægt að segja að þeir tveir foreldrahópar sem mynda hina endurskipulögðu fjölskyldu eftir skilnað eigi nokkuð annað sameiginlegt en þá stöðu og afleiðingar sem skilnaðurinn sem slíkur skilur eftir sig og sú kynjaða réttarstaða sem fylgir í kjölfarið.

Á Íslandi er mikil þjóðaríþrótt að búa til staðlaða ímynd um þjóðfélagshópa. Sú stöðlun er oft en ekki alröng. Þannig var árum saman talað um aldraða sem einsleitan hóp fjárhagslega. Enn er rætt um einstæðar mæður í þeim tóni. Af því mætti ætla að skilnaðir ættu sér frekar stað meðal eignaltílla para eða para með lágur tekjur, en fyrir því finnast engar stoðir í raunveruleikanum. Það er einnig merkilegt að lykiláherslan liggur á hjúskaparstöðu foreldrisins, en af því mætti draga þá ályktun að einstæðum mæðrum væru allir vegir færir ef þær giftast aftur eða fara í sambúð.

Orðaruglingur yfir þann helming foreldra sem ekki fer með lögheimilið er oft á tíðum kostulegur þar sem ekki er hægt að nota hjúskaparstöðu yfir þá þar sem talið væri að þeir væru lögheimilisforeldrar, samanber „einstæða feður“. Enn er talað um forsjárlausu feður sem samheiti, en það átti vissulega við áður en sameiginlega forsjáin kom til. Slíkt getur valdið ruglingi og olli meðal annars heilabrotum í erindisbréfi þessarar nefndar, en þar er talað um forsjárlausu þó átt hafi verið við þann helming foreldra sem ekki hefur lögheimilið. Einnig er talað um fráskilda feður, en það dekkar illa hópinn þar sem margir þeirra eru giftir aftur og stór hluti þeirra var aldrei giftur. Besta dæmið um öngstræti orðanotkunarinnar er þó vissulega skattaleg skilgreining þar sem rætt var um „barnlausu foreldra“ í þeim skilningi að þeir væru ekki með börn á heimili.

Sú réttarstaða sem kemur upp eftir skilnað hjá þeim foreldrum sem ekki fara með lögheimili barna sinna hefur áhrif á félagslega, andlega og fjárhagslega stöðu. Feður geta upplifað mikla höfnun þegar þeir átta sig á eigin réttarstöðu. Margir félagsmenn hafa lýst að þeir fyllist réttlátri reiði gagnvart „kerfinu“ þegar þeir uppgötva að þeir eigi ekki rétt á skriflegum upplýsingum frá skóla um námsárangur barna sinna og fá neitun um aðgang að Mentor, einungis á forsendum forsjárleysis, jafnvel þó börnin séu í mikilli umgengni og þar með í raunverulegri daglegri forsjá þeirra á virkum dögum. Slíkt takmarkar getu þeirra til að sinna heimanámi og samkvæmt orðanna

hljóðan eiga þeir ekki rétt á því að fá stundatöflu barna sinna nema munnlega. Umgengnistálmanir eða hótanir um þær geta síðan haft gríðarleg áhrif á andlega heilsu foreldra þar sem þeir upplifa þá tilfinningu að missa börnin sín og vita á sama tíma að þeim líði illa vegna þess. Allir skildu angst Soffíu Hansen, en sú sorg hafði ekkert með fjarlægðina milli landanna að gera og hefði verið jafn raunveruleg milli hverfa í Reykjavík. Félagið telur að tugir foreldra upplifi á hverjum tíma stöðu Soffíu innan lands. Slíkt getur valdið mikilli óhamingju og sorg. Lagaumhverfið virðist vera glórulaust og ræður ekki frekar en það tyrkneska við það verkefni sitt að knýja fram eðlilega umgengni. Sérstaklega verður ráðaleysið mikil þegar annað foreldrið beitir neikvæðri innrætingu og lætur barnið taka afstöðu með sér og þá gegn hinu foreldrinu.

Allir skilja vanmátt launamannsins gagnvart þeim aðstöðumun sem innbyggður er í samband hans við atvinnuveitanda. Allir skilja réttláta reiði launamannsins þegar honum finnst á sér brotið. Margir feður sem leitað hafa til félagsins í gegnum árin segja að þeir upplifi aðstöðumuninn við lögheimilisforeldrið á svipaðan hátt, nema hvað að hér sé um börnin þeirra að ræða. Þegar atvinnurekandi brýtur á þeim bregst stéttarfélagið strax við, bréf eru skrifuð og fundir haldnir. Ef barnsmóðir þeirra brýtur á þeim þá bregst enginn við. Karlmennt eiga erfiðara með að tjá sig um slíka hjartans hluti en konur og hættir til að einangra sig. Margir hafa á fundum félagsins upplifað mikla frelsun í því að ræða málin við aðra sem lent hafa í svipaðri stöðu og í framhaldinu farið í uppbyggilegar aðgerðir. Félagið nær hins vegar til mjög fárra einstaklinga.

Feður, sem eru í þeirri stöðu að ekkert barna þeirra á lögheimili hjá þeim, eru tæplega 9.200 talsins samkvæmt úttekt Hagstofunnar sem fylgir þessari skýrslu. Til að setja þá tölu í samhengi þá búa 9.000 karlmenn í Hafnarfirði, 20 ára og eldri. Þannig mætti ímynda sér alla fullorðna karlmenn Hafnarfjarðar í þeirri stöðu að eiga börn en hafa þá slöku réttarstöðu sem því fylgir að halda engu þeirra lögheimili.

Langflestir þessara fedra eru hvorki giftir né skráðir í sambúð, eða um 7.900 talsins. Sambærilegur hópur mæðra í sömu stöðu telur um 500 konur sem eiga samtals tæplega 700 börn. Samtals eru þessir einhleypu „barnlausu foreldrar“ því um 8.400 talsins og eiga samtals tæplega 13.000 börn. Hér er um mikinn barnafjölda að ræða og má nefna til samanburðar að fjöldi þeirra er nálægt því að vera helmingur allra barna undir 18 ára aldri í Reykjavík. Þessi hópur barna þarf vissulega að hafa góðar fyrirmyndir í sínu lífi og þurfa á báðum foreldrum sínum að halda eins og önnur börn.

Að mati félagsins á þessi hópur einhleypa foreldra við mestu fjárhagslegu vandamálin að stríða af þeim hópum sem til félagsins leita. Ástæður þess eru fjölmargar en meðal þeirra má nefna að þessir foreldrar hafa almennt mjög mikla umgengi við börnin sín. Þeir búa einir og styttra er frá skilnaði að meðaltali hjá þessum hópi en þegar litið er til heildarhópsins, þ.e. einnig þeirra sem stofnað hafa nýja fjölskyldu með eigin börnum og lengra er liðið frá skilnaði. Þessir einhleypu „barnlausu foreldrar“ sem fara oftar fjárhagslega slakar út úr skilnaðinum en makinn reyna að búa börnunum sæmandi aðstæður á nýja heimilinu en ójöfn eignaskipti úr búinu, ásamt því að þeir fá engar barnabætur og börnin telja hvorki til húsaleigubóta né vaxtabóta, gera þeim erfitt fyrir. Allar þær greiðslur renna til lögheimilisins og miðast einungis við tekjur, eignir og skuldir þess foreldris. Einnig greiða þeir meðlag sem er óháð því hversu mikið börnin búa hjá þeim. Fyrir foreldra í þessari stöðu, sem eru með börnin allt að helmingi tímans eða viku og viku eins og nú er orðið æði algengt, þá gætu þeir verið mikið betur settir fjárhagslega ef þeir fengju lögheimilið skráð hjá sér. Þá kæmu bæturnar til þeirra og þeir þiggja meðlög í stað þess að greiða þær.

Úttekt Hagstofunnar tekur vel til þessa atriðis í skýrslu sinni fyrir fjármálahóp þessarar nefndar. Í töflu 2.4 úttektarinnar eru bornar eru saman raunverulegar ráðstöfunartekjur þessara tveggja foreldrahópa á árinu 2007 þar sem tekið er tillit til meðlagsgreiðslna og bóta. Niðurstaðan samkvæmt aðferð II er að 6.308 feður án barna á eigin lögheimili hafa 229.000 krónur á mánuði í ráðstöfunartekjur að miðgildi en 10.151 einstæðar mæður höfðu samtals 278.500 krónur í ráðstöfunartekjur að miðgildi eða 21,5% hærri ráðstöfunartekjur en feðurnir. Munurinn á ráðstöfunartekjum nemur 50.000 krónum eða rúmlega 2,5 meðlögum eins og þau voru á umræddu ári. Ef umgengnin er jöfn og báðir borga tilfallandi kostnað má ljóst vera að talsvert hallar á feður án barna á eigin lögheimili.

Þessar niðurstöður ganga gegn þeim staðalímyndum sem algengastar eru um ráðstöfunartekjur þessara hópa þar sem litið hefur verið á feður sem „breiðu bökin“ sem líta má framhjá þegar kemur að bóta og styrkjakerfi, en einstæðar mæður sem einsleitan hóp sem stæði verr. Þetta er nýr raunveruleiki sem blasir við og verður nú skiljanlegra að sá hópur sem vaxið hefur hraðast hjá velferðarsviðum sveitarfélaga eru einmitt feður sem halda börnum sínum ekki lögheimili. Sömu sögu er að segja hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Öllum er ljóst að slæm fjárhagsstaða foreldra getur haft áhrif á félagslega og andlega stöðu þeirra. Feður í miklum fjárhagslegum vandamálum eiga því á hættu að geta illa sinnt börnum sínum eða boðið þeim góðar aðstæður. Ljóst er að stokka þarf spilin og gefa upp á nýtt þar sem tekið er mið af gjörbreyttum aðstæðum í þjóðfélaginu, sérstaklega þeirri staðreynd að börn dvelja mun meira á tveimur heimilum en áður var.

### *1.2.3 Félagsleg staða einstæðra foreldra samkvæmt reynslu af starfi Félags einstæðra foreldra – Laufey Ólafsdóttir*

#### **Almennt um Félag einstæðra foreldra**

Félag einstæðra foreldra (FEF) er hagsmuna- og hjálparsamtök einstæðra foreldra á Íslandi og hefur verið starfrækt frá árinu 1969. Félagið býður upp á félagslega og lagalega ráðgjöf og stuðning við einstæða foreldra, börn þeirra og fjölskyldur ásamt því að bjóða upp á ýmis stuðnings- og fræðslunámskeið og tímabundið neyðarhúsnæði fyrir þá sem lenda í skyndilegum húsnæðisörðugleikum.

Félagsráðgjafi FEF er við fjóra virka daga og eitt kvöld í viku (eftir þörfum) og lögfræðingur FEF er til viðtals eitt kvöld í viku. Hægt er að panta tíma hjá báðum í einu ef um margþætt mál er að ræða. Ráðgjafar félagsins sjá algerlega um öll mál sem til félagsins berast en stjórn félagsins sér um ákvarðanatökur og stefnumótun félagsins og formaður um daglegan rekstur.

#### **Almennt um félagslega stöðu skjólstaðinga/félagsmanna**

Aukin þátttaka fedra í lífi barna sinna, bæði utan hjónabands og eftir skilnað, leiðir til batnandi afkomu einstæðra mæðra enda er foreldrasamvinna, þar sem hún er möguleg, lykillinn að farsælu uppeldi og gefur báðum foreldrum svigrúm til að rækta einkalíf sitt og náms- eða starfsframa. Það er því mjög mikilvægt að stuðla að aukinni ráðgjöf og sáttamiðlun til að ýta undir að foreldrar vinni saman á sem flestum sviðum, ekki síst til að fyrirbyggja deilur og efla afkomu barnanna.

Ekki má þó líta framhjá þeirri staðreynd að fjöldi einstæðra foreldra er algerlega eða svo til algerlega einir um uppeldi og framfærslu barna sinna en ætla má að þessi hópur sé á heildina lítið verst settur nema persónulegar aðstæður þeirra séu þeim mun betri. Foreldrar í þessari stöðu sem hafa gott bakland og mikinn stuðning frá stórfjölskyldu eru til að mynda mun betur settir en þeir sem enga slíka aðstoð hafa.

Til FEF leita á ári hverju fjölmargar mæður sem ekki njóta stuðnings hins foreldrisins og þar sem umgengni barna þeirra við hitt foreldrið er nánast eða alls engin eða óregluleg og jafnvel algerlega á forsendum hins foreldrisins. Þessar konur eiga í flestum tilvikum erfitt eða mjög erfitt fjárhagslega, þrátt fyrir atvinnu og fullar meðlagsgreiðslur, og ljóst er að skoða þarf aukinn stuðning við þennan hóp til að tryggja afkomu barna þeirra. Einnig er þörf á að skoða fjárhæð meðlags bæði í samræmi við umgengni og koma á opinberum framfærslustuðli sem meðlag og önnur framfærsla er miðuð við.

Mikið er leitað til félagsins vegna umgengnismála og ljóst er að þörf er á mun meiri fræðslu og stuðningi hvað varðar umgengnismál, bæði eftir skilnað og þegar barn fæðist utan sambúðar eða hjónabands. Áberandi er að samskipti foreldra hafa oft mikið að segja þegar kemur að reglulegri umgengni og er hún oft fyrst til að bíða hnekki ef hnökrar koma upp í samskiptum foreldra.

### **Menntun**

Menntun er mikilvægur þáttur í afkomu einstæðra foreldra og gerir það gæfumun ef viðkomandi hefur lokið fagmenntun áður en hann gerist einstætt foreldri. Einstæðir foreldrar sem lítinn stuðning hafa eiga erfiðara með að afla sér menntunar þar sem lítið má út af bera til að námsáætlanir raskist eða jafnvel stöðvist. Mikið álag og vinna fylgir námi og rímar oft illa við heimilisáætlun þeirra sem eru einir með börn. Stuðningur við foreldra í námi er því nauðsynlegur þáttur í stuðningi við einstæða foreldra og þarf þessi stuðningur að vera félagslegur ekki síður en fjárhagslegur.

Stuðningur sveitarfélaga vegna stúdentsprófs bæði fyrir einstæða foreldra og börn einstæða foreldra er því mjög mikilvægur og nauðsynlegt að efla en Reykjavíkurborg hefur veitt slíkan stuðning fyrir aldurshópin 18–25 ára. Nauðsynlegt er að slíkur styrkur eða aðstoð sé í boði í öllum sveitarfélögum og þá helst án aldurstakmarks.

### **Húsnæðismál**

Einstæðir foreldrar eru í minni hluta þegar kemur að því að eiga eigið húsnæði enda er greiðslugeta þeirra að öllu jöfnu ekki nægjanleg fyrir húsnæði af þeirri stærð sem hæfa þykir barnafjölskyldu. Löng bið er gjarnan eftir félagslegu húsnæði en félagslegt húsnæði er besti kosturinn fyrir lágtekjufjölskyldur þar sem það býður upp á meira öryggi en leiga á almennum markaði. Algengt er að fjölskyldur á almennum leigumarkaði þurfi oft að flytja, sérstaklega þegar fasteignamarkaðurinn er hraður eða óstöðugur og veldur þetta miklu raski og jafnvel örðugleikum fyrir börn.

Reglur um félagslegt leiguhúsnæði eru nokkuð misjafnar eftir sveitarfélögum en mikilvægt er bæði að hafa mismunandi aðstæður að leiðarljósi við úthlutun slíks húsnæðis og að taka tillit til þeirra foreldra sem barnið hefur ekki lögheimili hjá ekki síður en hins foreldrisins. Mikilvægt er að ef samvistir barns við foreldrið sem það á ekki lögheimili hjá eru miklar og tíðar er vert að taka tillit til staðsetningar við úthlutun, þ.e. að ekki sé of langt á milli þessara tveggja heimila. Að

sama skapi er nauðsynlegt að taka tillit til óska fjölskyldna um staðsetningu þótt ekki sé um foreldrasamstarf að ræða því aðrar ástæður geta verið fyrir slíkum óskum. Reykjavíkurborg tekur tillit til barna sem foreldri er í umgengni við hvað varðar stærð húsnæðis en umgengnisforeldrið fær ekki húsaleigubætur með tilliti til þessa.

### **Viðkvæmur fjárhagur**

Gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu er tekjulágum foreldrum mikill baggi og algengt er að einstæðir foreldrar hafi ekki efni á að senda börn sín, hvað þá að fara sjálfir, til læknis eða kaupa lyf þegar illa stendur á. Tannlæknakostnaður er mörgum ofviða og er tannheilsa þeirra sem litlar tekjur hafa að öllu jöfnu verri en annarra.

Sama má segja um gjaldtöku í skólakerfinu og kostnað við skólamáltíðir, daggæslu eftir skóla, skólabækur og ýmsar ferðir á vegum skólans sem gjarnan þarf að greiða fyrir en þetta mismunar börnum eftir stöðu foreldra. Einstæðir foreldrar í Reykjavík fá leikskólann niðurgreiddan en ekki skólamáltíðir eða daggæslu í grunnskólanum. Þetta veldur því að það er dýrara fyrir einstætt foreldri að senda barn sitt í grunnskóla en að hafa það á leikskóla, þurfi það að nýta sér þessa þjónustu. Það að gera skólamáltíðir gjaldfrjálsar væri stórt skref í að jafna stöðu barna óháð efnahag foreldra enda skilar sú aðgerð sér beint til barnanna.

Tómstundanám er hluti af menntun barna og þyrfti að koma á einhverju kerfi til að jafna aðgang allra barna að slíku námi. Tómstundastarf hefur mikið að segja fyrir uppvöxt barna, félagslega stöðu og framtíð og er forvarnagildi þess margsannað. Mikill munur er á kostnaði við tómstundanám eftir því um hvað er að ræða og er tilefni til að skoða áhrif þessa á val barna/foreldra á tómstundum. Það er mikil synd að börn frá fjársterkari heimilum hafi forgang í dýrari áhugamál og að enginn sérstakur stuðningur sé veittur þeim börnum sem áhuga hafa en þurfa að velja sér annað, eða jafnvel ekkert, sökum efnahags. Ljóst er að sveitarfélög þurfa að bregðast við þessu með markvissum hætti og tryggja að niðurgreiðslur vegna tómstunda fari til þeirra barna sem á þurfa að halda og séu í samræmi við kostnað námskeiðanna.

Á óvissutímum eru einstæðir foreldrar í sérstökum áhættuhópi enda bitnar hækkandi greiðslubyrði lána og heimilishalds helst á þeim sem lægst hafa tekjurnar og heimilistekjur einstæðra foreldra eru að öllu jöfnu minni en annarra fjölskyldugerða með börn. Atvinnumissir og launaskerðing er jafnvel enn meira áfall fyrir fjölskyldu sem aðeins hefur eina fyrirvinnu og er nauðsynlegt að grípa til úrræða til að styðja þessar fjölskyldur og tryggja afkomu þeirra svo börn þeirra finni sem minnst fyrir vandanum sem að steðjar.

### **Lög um fæðingarorlof mismuna börnum eftir fjölskyldugerð**

Þau börn sem af einhverjum ástæðum geta ekki notið samvista við báða foreldra sína frá fæðingu hafa styttri tíma heima fyrir með foreldrum í fæðingarorlofi en börn sem eiga báða foreldra að. Lög um fæðingarorlof gera ráð fyrir að foreldrar eigi saman rétt á alls níu mánuðum, þremur hvort um sig og þremur sem þeir geta skipt á milli sín. Sjálfstæður réttur hvors foreldris er ekki framseljanlegur svo ef annað foreldrið er fjarverandi hefur barn þess aðeins rétt á sex mánuðum heima fyrir í stað þeirra níu mánaða sem önnur börn hafa kost á. Þess má geta að ef annað foreldrið fellur frá er réttur þess til fæðingarorlofs yfirfæranlegur en ekki að öðrum kosti.

Það er þekkt staðreynd að börn sem fara ung í daggæslu eru viðkvæmari fyrir sýkingum og veikindum af ýmsu tagi og veikjast gjarnan ítrekað eftir að daggæsla hefst. Einstæðir foreldrar



hafa auk þess að hafa styttra fæðingarorlof jafnframt færri veikindadaga en hjón, sambúðarfólk og þeir foreldrar sem vinna saman og geta skipst á að taka sér frí vegna barnsins. Langvarandi eða þrálát veikindi barns koma því frekar út í tekjuskurðingu fyrir hið einstæða foreldri sem aðeins hefur úr einum launum að spila.

Félagið vill að lög um fæðingarorlof verði endurskoðuð þannig að þau miðist af þörfum og réttindum barnsins og bendir meðal annars á rannsóknarritgerð Guðnýjar Bjarkar Eydal og Rannveigar Sigríðar Ragnarsdóttur „Hvernig haga einstæðir foreldrar fæðingarorlofi“ í þessu samhengi.

#### *1.2.4 Stjúpfjölskylda er hið venjulega fjölskylduform margra barna: Félagsleg staða stjúpfjölskyldna – Valgerður Halldórsdóttir*

##### **Stjúpfjölskyldur – nýtt fjölskylduform?**

Ósjaldan er vísað í stjúpfjölskylduna sem nýja fjölskyldugerð sem orðið hafi til í kjölfar skilnaðabylgju sem hófst fyrir rúmlega þrjátíu árum. Staðreyndin er hins vegar sú að stjúpfjölskyldur hafa alla tíð verið til. Fátt er hins vegar hægt að alhæfa um stjúpfjölskyldur fortíðar en margt bendir til að þær hafi oftast orðið til við andlát maka annars eða beggja. Í dag er algengast að þær verði til í kjölfar skilnaða og sambúðarslita. Það er þó ekki algilt og í sumum tilvikum hefur annað foreldrið, oftast móðir, alið barn upp ein án nokkurra eða lítilla afskipta kynföður (Guðný Björk Eydal og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, 2008; Levin, 1993; Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008).

##### **Hver er í stjúpfjölskyldunni?**

Stjúpfjölskyldan á margt sameiginlegt með fjölskyldum einhleypra foreldra en hún er flóknari að gerð og glímur við annars konar verkefni (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Stjúpfjölskylda er fjölskylda sem annar eða báðir aðilar sem til hennar stofna eiga barn eða börn úr öðrum samböndum. Bæði gagnkynhneigðir og samkynhneigðir mynda stjúpfjölskyldur og ungir sem aldnir. Fjölskyldumeðlimir stjúpfjölskyldna eiga ólíka sögu og felst sérstaða hennar meðal annars í því að tengsl barna og foreldris eru eldri en parsambandið og mörk hennar óljós (Valgerður Halldórsdóttir, 2006). Börn í stjúptengslum tilheyra a.m.k. tveimur heimilum og eru þau hlekkurinn á milli þeirra. Þessir þættir hafa meðal annars áhrif á verkefni og samskipti stjúpfjölskyldunnar og gera þau oft flóknara en ella (Levin, 1993).

Stjúpfjölskyldur geta verið breytilegar eftir því hver lýsir henni hverju sinni og á hvaða tíma viðkomandi er spurður. Bæði innlendir og erlendir rannsóknir benda til að sjaldgæft er að fyrrverandi makar tilgreina hvorn annan sem hluta af sinni fjölskyldu en börn þeirra nefna oftast báða kynforeldra sína sem hluta af sinni fjölskyldu. Makar í stjúpfjölskyldum tilgreina venjulega hvorn annan sem hluta af fjölskyldu sinni en ekki er sjálfgefið að stjúpforeldrar og stjúpbörn tilgreini hvert annað sem hluta af sinni fjölskyldu. Er þetta vísbending um að tilfinning um að upplifa sig „útundan“ eða á jaðri fjölskyldunnar geti verið algeng í stjúpfjölskyldum, bæði hjá börnum og fullorðnum (Pryor, 2004, Levin, 1993, Sjöberg, 2000, Helga Þórðardóttir, 1994, Valgerður Halldórsdóttir, 2006). Til að efla og styrkja þrótt stjúpfjölskyldunnar þarf að efla samloðunarkraft hennar og tilfinninguna um að tilheyra. Viðurkenning stjúpfjölskyldunnar sjálftrar sem og samfélagsins með auknum félagslegum stuðningi kanna að draga úr eða eyða tilfinningunni um að vera í „útjaðri“ eða „utangarðs“ í fjölskyldunni.

Segja má að samfélag okkar hafi verið haldið eins konar „stjúplindu“ (Valgerður Halldórsdóttir, 2008). Stjúpfjölskyldur hafa verið nánast ósýnilegar í opinberri tölfræði, umræðu, stefnumótun og rannsóknum. Viðurkenning á sérstöðu stjúpfjölskyldna hefur jafnframt oft skort hjá þeim sjálfum, með þeim afleiðingum að kjarnafjölskyldan er höfð sem viðmið með óæskilegum afleiðingum fyrir börn og fullorðna.

Merkja má þó jákvæðar breytingar á undanförunum árum þar sem meðal annars sýnileiki stjúpfjölskyldna hefur aukist í rannsóknum og gert er ráð fyrir henni í opinberri stefnumótun sem unnið er að í málefnum barna á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins, en sú vinna hófst árið 2007.

Félag stjúpfjölskyldna var stofnað 2005 og heimasíðan [www.stjuptengsl.is](http://www.stjuptengsl.is) var opnuð 2004.

### Tölulegar upplýsingar

Að meðaltali endar þriðja hvert hjónaband á Íslandi með skilnaði og frá árinu 1991 hafa árlega rúmlega 1.000 börn árlega upplifað skilnað eða sambúðarslit foreldra (Sigrún Júlíusdóttir o.fl. 2008). Fjöldi skilnaða eða sambúðarslita segir ekki alla söguna um fjölda barna sem alast upp eingöngu hjá öðru kynforeldri sínu. Töluverður fjöldi barna fæðist utan sambúðar eða hjónabands og hefur þeim fjölgað töluvert. Árið 2005 fæddist til að mynda 631 barn sem ekki átti foreldra í hjúskap eða sambúð (Guðný Björk Eydal og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, 2008).

### Tafla 1. Fjöldi barna úr sambúðar-/hjúskaparslitum og fædd utan sambúðar eða hjónabands á tímabilinu 1991–2007.

	Fjöldi sambúðarslita og lögskilnaða	Fjöldi barna sem koma við sögu
Sambúðarslit	12.324	10.726
Lögskilnaður	8.897	9.901
Börn fædd utan hjónabands/sambúðar		9.472
Samtals	21.221	30.099

Hlutfall barna sem koma við sögu í skilnaði eða sambúðarslitum á tímabilinu er 20.627/145.892 eða 14,14%<sup>2</sup> (Hagstofa Íslands, ed.). Séu börn fædd utan hjónabands eða sambúðar talin með eru þau 20,63% sem ekki fæðast eða búa í kjarnafjölskyldu samkvæmt opinberum gögnum á tímabilinu.

Þessar tölur eru sjálfsagt of háar og gefa því ekki alveg rétta mynd af fjölda barna sem ekki alast upp með báðum foreldrum sínum þar sem gera má ráð fyrir að a.m.k. hluti foreldra þessara barna

<sup>2</sup> Til að nálgast fjölda barna á hverjum tíma er hægt að miða við meðalfjölda barna á hverju ári á tímabilinu. Meðalfjöldi barna til og með 17 ára (miðað er við svokallaðan miðársmannfjölda) er 78.123. Ef tekið er mið af fjölda barna á miðju tímabilinu sem um er rætt (1999) þá er fjöldi barna 77.685. Til að nálgast fjölda þeirra sem skilgreina má sem börn á þessu tímabili má gera eftirfarandi: Samtals börn árið 1990 og bæta síðan við tölum yfir börn á fyrsta ári á tímabilinu 1992–2007. Þessi fjöldi er 145.892. Rétt að taka fram að þarna er um nálgun að ræða og hún er ekki gallalaus, meðal annars vantar aðflutt börn eftir 1990.


fari í sambúð saman eða gangi síðar saman í hjúskap. Það verður jafnframt að hafa í huga að ekki er óalgengt að fólk fari oft en einu sinni í sambúð eða hjónaband og því möguleiki á að sum börn teljast oft en einu sinni í þessum tölum.

Ólöf Pétursdóttir, sagnfræðingur og þáverandi starfsmaður Hagstofunnar, tók saman tölulegar upplýsingar fyrir málþingið „Hvernig má efla velferð stjúp fjölskyldna?“ sem haldið var 22. febrúar 2008 að frumkvæði Félags stjúp fjölskyldna og Félagsráðgjafafélags Íslands í samvinnu við Háskóla Íslands, Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd, Háskólann í Reykjavík, Biskupsstofu, Samtökin '78 og Heimili og skóla. Upplýsingarnar sýna hvernig börn ganga í gegnum mismunandi fjölskyldumynstur eftir því hvernig tímanum líður.

Ólöf skoðaði lögheimili barna sem voru fædd 1990 og skoðaði síðan hvernig lögheimilisskipan þeirra var 1996, 2001 og síðast 2006. Niðurstöður hennar má sjá á mynd 1 og mynd 2.


**Mynd 1. Fjölskyldugerð á lögheimili barna sem fædd voru 1990.**

### Fjölskyldugerð á lögheimili barna sem fædd voru 1990



## Mynd 2. Fjölskyldustaða barna (f. 1990) sem ekki búa hjá báðum kynforeldrum.

### Fjölskyldustaða barna (f. 1990) sem EKKI búa hjá báðum kynforeldrum



Þar sem skilnaðartíðni hefur haldist nokkuð stöðug síðustu árin er margt sem bendir til þess að það megi nota þennan árgang sem skapalón fyrir aðra fæðingarárganga en það þarf þó að kanna nánar. En þessi nálgun gefur ýmislegt til kynna. Þarna er verið að miða við **lögheimili**, en ekki tölur um skilnaðar-/sambúðarslit, heldur er eingöngu verið að finna út á hvaða lögheimili barnið býr og með hverjum. Ekki er um að ræða heildartölu þeirra barna sem hafa gengið í gegnum skilnað með foreldrum sínum en í þessari nálgun er hvert barn aðeins talið einu sinni á hverjum tímapunkti fyrir sig og þróunin sést vel.

Í skýrslu Hagstofunnar frá 14. nóvember 2008 sem heitir „Tekjur og efnahagur barnafjölskyldna árið 2007. Rannsókn á ráðstöfunartekjum, eignum og skuldum eftir sambúðarstöðu foreldra og því hvar börn þeirra búa“ sem unnin var fyrir svokallaða „barnanefnd“ félagsmálaráðuneytisins kemur fram að 1,2% mæðra í sambúð eiga sama **lögheimili** og börn og stjúpbörn þeirra og að 9,8% feðra í sambúð eða 11% stjúpforeldra eiga sama lögheimili og stjúpbörn þeirra.

Flestir foreldrar fara á ný í sambönd og stofna þar með stjúpfjölskyldu þar sem annar eða báðir aðilar eiga barn úr öðrum samböndum. Flest börn í stjúptengslum eiga tvö heimili og segir lögheimilisstaða þeirra eða forsjárfyrirkomulag hvorki til um samvistir barna við kynforeldra sína né endanlegan fjölda stjúpfjölskyldna hér á landi.

Í rannsókn dr. Sigrúnar Júlíusdóttur (2007) um reynslu og sýn skilnaðarunglinga kom fram að 71,3% mæðra voru komnar í nýtt samband og 77,4% feðra innan fjögurra ára eða 74,35% foreldra. Meira en helmingur stjúpforeldranna átti barn eða börn úr öðrum samböndum og eignuðust því mörg hver stjúp systkini sem og hálf systkini eftir skilnað kynforeldra sinna. Mæður þeirra eignuðust aftur börn í 38% tilvika en feður 45% tilvika.

Varhugavert er að alhæfa um fjölda stjúpfjölskyldna af þessum tölum en þær geta hins vegar gefið ákveðna vísbendingu um fjölda barna í stjúptengslum og þróun næstu ára.

## **Fjármál**

Samkvæmt opinberum gögnum eru tekjur, hjúskaparstaða og barnafjöldi á heimili notuð sem viðmið þegar tekjudreifing milli hópa er skoðuð. Ekki er tekið mið af meðlagsgreiðslum og enginn munur er gerður til að mynda milli stjúp fjölskyldna og kjarnafjölskyldna. Engar rannsóknir sem kunnugt er um hafa verið gerðar á fjárhagslegri stöðu stjúp fjölskyldna hér á landi en þörf er á slíkri greiningu. Til að mynda eru stjúp fjölskyldur í Bretlandi almennt stærri en aðrar fjölskyldugerðir. Í 27% stjúp fjölskyldna eru þrjú börn eða fleiri en í 18% tilvika í öðrum fjölskyldugerðum (National Statistics, 2005) og áhugavert er að kanna fjölda barna á framfæri hennar hér á landi.

Ætla má að þeir aðilar sem stofna til stjúp fjölskyldunnar hafa oft á tíðum töluverðar fjárskuldbindingar utan og innan hennar sem ekki er tekið tillit til við skattlagningu eða útreikninga ýmissa bóta er varða börn og fjölskyldur. En eins og áður kom fram í fyrrgreindri rannsókn dr. Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. (2008) átti um helmingur stjúpforeldra börn áður.

Meðlagsgreiðendur, hvort sem þeir eru einhleypir eða hafa stofnað stjúp fjölskyldur, eru „barnlausir“ samkvæmt skattalögum og njóta engra bóta þó svo að börn þeirra séu sannanlega á þeirra framfæri en meðlag ræðst ekki af umgengi. Miðað við þróun síðustu tveggja ára þá eru nú um 25% feðra með jafna umgengni við mæður (viku-viku fyrirkomulag ) samkvæmt dr. Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjafa (nóvember 2008) en aðrir feður eru að meðaltali með börn sín í 25–30% umgengni samkvæmt Jóhanni Loftssyni, sálfræðingi sýslumannsins í Reykjavík (nóvember 2008). Stjúp fjölskyldan nýtur engra skattalegra fríðinda þótt sannanlega séu börn á hennar framfærslu sem hafa annað lögheimili. Gera þarf ráð fyrir að börn eigi tvö heimili hvað varðar húsnæði, tíma og framfærslu.

## **Gisið stuðningsnet**

Persónulegur stuðningur getur skipt máli þegar opinberan stuðning þrýtur eða skortir. Minni líkur eru á að persónulegur stuðningur sé veittur í stjúp fjölskyldum en þar sem allir aðilar eru blóðtengdir og algengara er að upplifa sig á jaðrinum eða útundan í fjölskyldunni.

Félagslegt stuðningsnet gisnar oft við stofnun stjúp fjölskyldunnar samkvæmt rannsókn Valgerðar Halldórsdóttur (2006) og erlendum rannsóknum. Í rannsókn Björnberg (2006) prófessors í félagsfræði við Gautaborgarháskóla kemur fram að fólk veitir stjúp börnum sínum minni stuðning en eigin börnum, hvort sem um er að ræða fjárhagslegan eða annars konar stuðning. Þó svo stuðningur sé ekki sambærilegur þarf það ekki að þýða að hann sé enginn. Hins vegar er ekki hægt að álykta sem svo að stjúpforeldrar komi alfarið í staðinn fyrir kynforeldra hvað almennan stuðning varðar.

Félagsleg einangrun er meiri í seinni samböndum en því fyrsta, sérstaklega ef báðir aðilar hafa verið áður í sambúð. Makar sem gifta sig aftur hafa minni tengsl við foreldra sína og tengdforeldra og fá jafnframt minni stuðning frá upprunafjölskyldu sinni. Mæður fá minni stuðning frá fjölskyldu sinni þegar þær eignast stjúp börn (Harknett og Knab, 2007) og stjúpforeldrar fá minni stuðning frá fjölskyldu sinni en kjör- og kynforeldrar (Ceballo, Landsford, Abbey og Stewart, 2004).

Í rannsókn dr. Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. (2008) á reynslu og sýn skilnaðarungmenna kom jafnframt fram að tengsl barna við föður sinn og föðurforeldra veikjast. Sjaldgæft er að föðurleggurinn komi í stað móðurleggsins þegar móðurættin veitir lítinn stuðning. Í ljósi þessa má segja með nokkurri vissu að stuðningsnet barna og foreldra þeirra og stjúpföreltra gisnar við skilnað og enn frekar við stofnun stjúpfjölskyldunnar, að minnsta kosti í fyrstu. Tíma þarf til að mynda ný tengsl og búa til samloðunarkraft sem er öllum fjölskyldum mikilvægur og sem heldur þeim saman. Ófullnægjandi félagsleg samlögun og tengsl auka álag á fjölskyldur og líkur á skilnaði og endurteknum tengslaröfum fyrir börn og ungmenni.

Vísbendingar eru um að skilnaðir í stjúpfjölskyldum séu algengari en í fyrsta hjónabandi. Tölur frá Bandaríkjunum benda til að um 60% þeirra sem gifta sig aftur skilji og um helmingurinn innan sex ára (Gerlach, 2005; Pasley, 1988). Stöðugleiki stjúpfjölskyldna er því minni en kjarnafjölskyldunnar og uppeldisskilyrði barna í stjúpfjölskyldum óstöðugri. Fjórðungur þeirra íslensku ungmenna sem tóku þátt í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur o.fl. (2008) sagði að foreldrar þeirra hefðu farið í fleiri en eina sambúð.

Skilnaður stjúpföreltris og kynforeldris þýðir oft enn eina breytinguna á högum barna og ungmenna. Rof á tengslaneti þeirra, nýr skóli, aðskilnaður frá vinum og flutningar. Að styðja við stjúpfjölskylduna er mikilvægur stuðningur sem og skilnaðarráðgjöf. Hluti þeirra vandamála sem stjúpfjölskyldan glímir við er afleiðing af óloknum tilfinningalegum skilnaði við fyrrverandi maka og almenn vanþekking á sérstöðu hennar.

### Lokaorð

Allar fjölskyldur, óháð formi, eiga möguleika á að lifa heilbrigðu og góðu lífi. Ýmsir þættir hafa áhrif á heilbrigði fjölskyldna og skiptir viðurkenning og stuðningur meðal annars máli. Umræðan um félagslega stöðu stjúpfjölskyldna hefur snúist um að gera þær sýnilegar í umræðunni og skilgreina hópinn. Stjúpfjölskyldur hafa lítið verið rannsakaðar hér á landi og er úrbóta þörf. Þær þarf að gera sýnilegri í opinberum gögnum. Innlendar og erlendar rannsóknir benda til að stuðningsnet þeirra gisnar með stækkun þess við stofnun hennar. Erfiðara er að fá stuðning bæði innan fjölskyldunnar og utan hennar. Skattakerfið tekur ekki mið af þeirri staðreynd að hluti stjúpföreltra og foreldra greiðir meðlag sem ekki er tekið mið af við ákvörðun barnabóta eða að hluti barna dvelur jöfnum höndum á heimili beggja foreldra. Úr þessu þarf að bæta.

Samspil fjölskyldna við sitt félagslega umhverfi skiptir máli fyrir velferð þeirra, skortur á efnahagslegum gæðum og félagslegum stuðningi hefur áhrif á daglegt líf og velferð hennar, óháð fjölskyldugerð. Að styðja við stjúpfjölskyldur er mikilvæg forvörn til að efla heilbrigði þeirra og líðan barna í stjúptengslum.

### Heimildir:

- Adler-Baeder, Francesca (2001). Children in stepfamilies. *Annual Family life Electoric Seminar Series*. Ohio State University. Sótt 24. janúar 2006 af <http://tinyurl.com/b8dut>
- Björnberg, U og Ekbrand, H. (2006). Configuration of family commitments: Patterns of support within Swedish kin. *Family Configurations*. Sótt 25. nóvember 2008 af <http://www.rbf.is/media/files/BBERG.pdf>
- Ceballo, R., Landsford, J.E., Abbey, A., & Stewart, A.J. (2004). Gaining a child: Comparing the experience of biological parents, adoptive parents and stepparents. *Family Relations*, 53, 38–48.
- Gerlach, P.K. (2005, 8. desember). *The Silent American (Re)divorce Epidemic*. Sótt 20. janúar 2006 af <http://sfhelp.org/pop/epidemic.htm>

- Guðný Björk Eydal og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir (2008). *Hvernig haga einstæðir foreldrar fæðingarorlofi*. Rannsóknarritgerð nr. 3 2008. Rannsóknarröð þjóðmála Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Giftingar og skilnaðir. Sótt 3. mars 2009 af <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir>
- Hagstofan (14. nóvember 2008). „Tekjur og efnahagur barnafjölskyldna árið 2007. Rannsókn á ráðstöfunartekjum, eignum og skuldum eftir sambúðarstöðu foreldra og því hvar börn þeirra búa.“ Skýrsla unnin fyrir nefnd um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra, svo og réttarstöðu stjúppforeldra og aðstæður þeirra.
- Harknett, K. & Knab, J. (2007). More kin, less support: Multipartnered fertility and perceived support among mothers. *Journal of Marriage and the family*, 69, 237–253.
- Helga Þórðardóttir. (1994). The stepfamily. *The family of today – and tomorrow*. Access program, MA in Social Science. University of Amsterdam. Amsterdam: Holland.
- Jóhann Loftsson (27. nóvember 2008) Erindi haldið á málþingi um fjölskyldumál á Íslandi undir yfirskriftinni „Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi?“ Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Levin, I. (1993). *Stepfamilien – variasjon og magnfold*. Universitet i Trondheim. Den Almeenvitenskapelige Høgskolen, Institutt for Sosialt Arbeid. Trondheim.
- National Statistics. (2005, 7. júlí). *Stepfamilies. 10% of families are stepfamilies*. Sótt 21. október 2005 af <http://tinyurl.com/d4wfr>
- Ólöf Garðarsdóttir (2008). *Hvernig má efla velferð stjúpfjölskyldna?* Erindi flutt á málþingi 22. febrúar 2008 í Öskju.
- Pasley, K. & Ihinger-Tallman, M. (1988). Remarriage and Stepfamilies. Í C.S. Chilman, E.W. Nunnally, F.M. Cox (ritstj.). *Variant family forms – families in trouble*. Newberry Park: Sage Publications.
- Pryor, J. (2004, júlí). *Stepfamilies and resilience: Final report*. Ministry of Social Development, Te Manatū Whakahiato Ora. Sótt þann 12. desember 2005 af <http://www.msd.govt.nz/documents/about-msd-and-our-work/publications-resources/research/stepfamilies-resilience/stepfamilies-resilience.doc>
- Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. (1995). *Barnafjölskyldur. Samfélag – lífsgildi – mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldhvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir (2007) *Börn og skilnaðir: Breytingar á lífsgæðum. Áfram ábyrg. Áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta*. Erindi flutt á málþingi í Keflavíkurkirkju 23.–24.febrúar 2007. Kjalarnessprófastsdæmi.
- Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir (2008). *Ungmenni og ættartengsl. Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík; Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir (27. nóvember 2008). Lífsgæði foreldra forsjármál og framtíðarheill barna. Erindi haldið á málþingi um fjölskyldumál á Íslandi undir yfirskriftinni „Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi?“ Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 12. janúar 2009 af [http://www.rbf.is/media/files/SJ\\_27okt.ppt](http://www.rbf.is/media/files/SJ_27okt.ppt)
- Sjöberg, K.L. (2000). *Barndom i lankade familjesystem. Om samhørighet och atskillnad*. Örebro: Örebro Universitet.
- Valgerður Halldórsdóttir. (2006) *Hvernig má efla velferð stjúpfjölskyldna?* Reykjavík: Óbirt M.A. í félagsráðgjöf: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands
- Valgerður Halldórsdóttir. (2008). *Stjúþblinda samfélagsins*. Sótt 12. janúar 2009 af <http://valgerdurhalldorsdottir.blog.is/blog/valgerdurhalldorsdottir/entry/436569/>
- Visher, E.B. og Visher, J.S. (1979). *A guide to working with Stepfamilies and stepchildren*. New York: Brunner/Mazel.
- Walsh, F. (1998) *Stengthning family reciliance*. New York: Guilford Press.

### 1.2.5 Þjónusta við börn í ólíkum fjölskyldum

#### 1.2.5.1 Spurningar um þjónustu hins opinbera við börn í ólíkum fjölskyldum

Starfshópurinn ákvað að skoða sérstaklega tiltekna opinbera þjónustu á vegum sveitarfélaga og hvort og með hvaða hætti ákvörðun um þjónustu er mismunandi eftir fjölskyldugerð. Send voru bréf til allra sveitarfélaga þar sem spurt var eftirfarandi spurninga:

1. Er mismunandi mati beitt við úthlutun á félagslegu leiguhúsnaði eftir stöðu mismunandi fjölskyldugerða, til dæmis forsjárlausra foreldra, einstæðra foreldra o.s.frv?
2. Er mismunandi mati beitt við úthlutun á leikskólaplássum eftir stöðu mismunandi fjölskyldugerða, til dæmis forsjárlausra foreldra, einstæðra foreldra o.s.frv?
3. Er mismunandi mati beitt við aðrar ráðstafanir sveitarfélaga sem varða fjölskyldur, svo sem námsstyrkir eftir stöðu mismunandi fjölskyldugerða, til dæmis forsjárlausra foreldra, einstæðra foreldra o.s.frv?
4. Ef beitt er mismunandi mati samkvæmt lið 1–3 vinsamlegast sendið viðkomandi reglur og gerid grein fyrir á hverju matið byggir.

#### 1.2.5.2 Samantekt um svör og viðbótarupplýsingar

Það má segja að þau sveitarfélög sem svöruðu hafi skipst í tvo hópa – stærri sveitarfélög og minni sveitarfélög. Þau minni hafa yfirleitt fáar eða engar félagslegar leiguíbúðir á sinni könnu og hafa þar af leiðandi engar reglur varðandi þann málaflokk. Ef þau hafa félagslegar leiguíbúðir þá er stuðst við stigagjöf sem felst aðallega í fjárhagslegum aðstæðum og barnafjölda og ekki er reiknað með börnum í umgengni. Þá hafa flest þessi sveitarfélög enga biðlista á leikskólum sínum en hafa flest í sínum forgangi börn einstæðra foreldra og þessir einstæðu foreldrar fá afslátt af leikskólagjöldum. Flest þessara sveitarfélaga hafa í reglum sínum um fjárhagsaðstoð heimildir til að veita námsstyrki til 18–25 ára einstaklinga sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og hafa ekki lokið grunn- eða framhaldsskólanámi. Aðstoðin miðast þá við grunnfjárhagsaðstoð ásamt styrk fyrir skólagjöldum og bókakostnaði. Hér verða talin þessi sveitarfélög og bara tekið fram ef eitthvað annað en framangreint kemur fram í þeirra svörum.

**Álftanes** – engar félagslegar leiguíbúðir, aldur barns og dagsetning umsóknar ræður úthlutun á leikskóla og svo er staða foreldra skoðuð í hvert sinn. Álftanes greiðir foreldrum barna sem dvelja heima hjá sér eftir töku fæðingarorlofs heimagreiðslur þar til barnið er 2½ árs eða þar til leikskólapláss býðst.

**Árborg** – börn námsmanna eru í forgangi en ekki einstæðra foreldra.

**Bolungarvík** – engar reglur um félagslegt leiguhúsnaði, á leikskóla er það aldur.

**Borgarbyggð** – ekki námsstyrkir.

**Fljótshálfjörður**

**Garðabær**

**Grundarfjarðarbær** – engar leiguíbúðir, engir námstyrkir.

**Hornafjörður**

**Hveragerði** – tekjur fólks ráða úthlutun á leiguhúsnaði, forgangur á leikskóla miðast við sérstöðu barnsins en ekki fjölskyldugerðina.

**Hörgárbyggð** – svarar að engin af spurningum eigi við.



**Ísafjarðarbær** – barn/börn í reglulegri umgengni og eitt barn með lögheimili gefa eitt stig.

**Norðurþing** – dagsetning umsóknar um leiguhúsnaði hefur gilt hingað til en er að breytast í mat á aðstæðum fjölskyldunnar.

**Sandgerðisbær**

**Skagafjörður**

**Strandabyggð** – einstæðir foreldrar hafa fengið úthlutað húsnaði eftir barnafjölda þó svo að þeir fari ekki með forræði barna.

**Ölfus**

Stærri sveitarfélög hafa flest sömu sýn og sömu viðmið í þessum málaflokkum.

Umsóknir um félagslegt leiguhúsnaði eru metnar eftir aðstæðum umsækjenda. Sveitarfélögin taka flest tillit til forsjárlausra foreldra við stigagjöf vegna leiguhúsnaðis ef það foreldri er í þörf fyrir húsnaði vegna barna sinna. Flest hafa þá reglu að börn einstæðra foreldra gefa tvö stig en annars eitt stig. Einnig eru tekjuviðmið breytileg eftir því hvort um einstæða foreldra er að ræða. Í matsviðmiðum er einnig algengt að barn/börn í umgengni gefi eitt stig en eitt barn með lögheimili hjá umsækjanda gefi tvö stig, tvö börn gefa þrjú stig o.s.frv.

Á forgang vegna leikskólavistunar og niðurgreiðslu á leikskólagjöldum er tekið tillit til barna einstæðra foreldra og barna námsmanna. Forgangur flestra sveitarfélaganna felst í eftirfarandi flokkum: Fötlun, félagslegum erfiðleikum og erfiðum heimilisaðstæðum barna. Einnig er um að ræða ýmiss konar systkinaafslætti þegar fleiri en eitt barn eru í dagvistarkerfum sveitarfélaganna. Varðandi námsstyrki þá gilda í flestum sveitarfélaganna svipaðar reglur og þessar. Námsstyrki er heimilt að veita í tilteknum tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði. Oftast eru það eftirfarandi sem geta átt rétt á námsstyrkjum:

1. Einstaklingar 18–24 ára sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskóla og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.
2. Einstæðir foreldrar 18–24 sem ekki hafa lokið grunn eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir 1–1.100.000 króna undanfarna tólf mánuði. Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í félagslegum erfiðleikum.
3. Einstaklingar sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni. Af þessum sveitarfélögum svöruðu aðeins Hafnarfjörður og Mosfellsbær spurningum en upplýsingum frá hinum var safnað af heimasíðum þeirra. Flest eru með svipaðar reglur og útfærslur á þessum hlutum og aðeins er tekið fram ef eitthvað er verulega öðruvísi hjá sveitarfélagi.

Akureyri – tenging á milli dagforeldra, leikskóla og frístunda. Yngsta barn fullt gjald, annað barn 30% afslátt, þriðja barn 60% afslátt og fjórða barn 100% afslátt. Þrjú börn á leikskóla 100% afsláttur fyrir þriðja barn.

Reykjanesbær – um leið og barn verður níu mánaða og hefur fengið rétt á umönnunargreiðslum frá sveitarfélaginu verður jafnframt virkur réttur á 50% systkinaafslætti í leikskóla.

Mosfellsbær – veitir fjölskyldum ungra barna styrk frá eins árs aldri barnanna þar til leikskólavist hefst.

Hafnarfjörður

Kópavogur

Reykjavík – Þrír flokkar á leikskólagjaldi: 1. Giftir foreldrar – sambúðarfólk. 2. Annað foreldri í námi. 3. Einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í námi, annað eða báðir foreldrar eru a.m.k. 75% öryrkjar. Systkinaafsláttur er eingöngu af námsgjaldi. Yngsta barn fullt gjald, annað og þriðja 100% afsláttur. Reykjavík er með sérreglur um greiðslur Barnaverndar Reykjavíkur enda eina sveitarfélagið sem er með barnaverndina aðskilda frá félagsþjónustunni, sbr. 16. gr. reglna um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar „Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri“:

- A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 11.635 kr. á mánuði.
- B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.
- C. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum fjárstyrk í tengslum við dvöl barns utan heimilis í sex mánuði eða skemur. Ávallt þarf að liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.
- D. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

### **1.3 Tillögur nefndarinnar**

Hér eru settar fram tillögur nefndarinnar og gerð grein fyrir afstöðu tiltekinna fulltrúa. Tillögur eru í meginatriðum tvenns konar. Um hvert álitaeefni er annars vegar tillaga þess efnis að vísa álitaeefninu til nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða barnalögin, en þeirri nefnd er ætlað að móta tillögur að breytingum á ákvæðum laganna um forsjá, búsetu og umgengni að höfðu samráði við alla hagsmunahópa og skila tillögum sínum til ráðherra. Hins vegar eru tillögur um hvert álitaeefni þar sem tekin er afstaða og mælt með efnislegru niðurstöðu.

#### **1.3.1 Faðerni**

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafnrétti, telja rök standa til þess að maður sem telur sig föður barns geti höfðað ógildingar-/vefengingarmál óháð því hvort barn er feðrað eða ekki.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar skoði reglur um faðerni og taki afstöðu til þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið reifuð.

#### **1.3.2 Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá**

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafnrétti, telja rök standa til þess að færa íslenska löggjöf til samræmis við norræna og evrópska löggjöf sem heimila dómara að dæma sameiginlega forsjá barns gegn vilja annars foreldris enda þjóni það hagsmunum barnsins. Setja þurfi skýra fyrirvara í því sambandi, meðal annars verði að gera kröfu um að í sérhverju tilviki fari fram faglegt mat á félagslegum aðstæðum og forsendum til foreldrasamvinnu. Þá þurfi að finna leiðir til að tryggja að sameiginleg forsjá verði ekki ákveðin gegn vilja foreldris ef ofbeldi hefur verið staðreynd innan sambandsins eða önnur afbrigðileg hegðun enda stríði slíkar aðstæður gegn hagsmunum barns. Þá þurfi sérlega vel að gæta að aðstæðum þegar um er að ræða skerta foreldrahæfni eða getu vegna fötlunar og/eða veikinda af alvarlegum toga. Slíkt ástand geti alfarið komið í veg fyrir að forsjá verði sameiginleg gegn vilja foreldris.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, telja að skoða þurfi vandlega kosti og galla þess að breyta barnalögunum og fela dómurum vald til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Fulltrúar vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða barnalögin taki afstöðu til

allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila við skoðun sína á þessu álitaeftni. Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, er sammála þessu en tekur fram að Félag einstæðra foreldra styður heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá einungis þegar sérstaklega stendur á enda þjóni það hagsmunum barnsins. Þá verði komið upp úrræði þar sem foreldrar geti borið upp ágreining sem upp kemur varðandi barnið og þeim hjálpað við að leysa hann.

### *1.3.3 Sjálfvirk forsjá stjúp- og sambúðarforeldris*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafnrétti, telja rök standa til þess að afnema sjálfvirka forsjá stjúp- og sambúðarforeldris.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, telja að skoða þurfi vandlega kosti og galla þess að breyta barnalögunum og fella niður sjálfkrafa forsjá stjúp- og sambúðarforeldris og væntir þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða barnalögin taki afstöðu til þessa álitaeftnis og þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila. Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, er sammála þessu og leggur áherslu á að forsjá stjúpforeldris eftir eins árs sambúð eins og nú er tryggi í flestum tilvikum hagsmuni barnsins enda felur forsjá í sér ábyrgð og margvíslegar skyldur gagnvart barni.

### *1.3.4 Aðgangur forsjárlausra foreldra að upplýsingum*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafnrétti, telja rök standa til þess að forsjár- og forsjárlausir foreldrar hafi sama rétt til aðgangs að skriflegum upplýsingum um barn sitt.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, telja að skoða beri nánar ákvæði barnalaga um aðgang forsjárlausra foreldra að upplýsingum um börn sín og vænta þess að nefnd dóms- og kirkjumálaráðherra taki afstöðu til þessa atriðis. Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, telur ástæðu til að skoða hvort rýmka eigi rétt forsjárlausra foreldra en undirstrikar mikilvægi þess að skilgreina sérstaklega hvaða upplýsingar sé átt við. Mikilvægt sé að þessar upplýsingar snúist aðeins um barnið og að hægt sé að stöðva þær ef tilefni rís, til að mynda vegna ofbeldis, a.m.k. tímabundið.

Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, telur rök standa til þess að forsjár- og forsjárlausir foreldrar hafi að jafnaði sama rétt til aðgangs að upplýsingum um barn sitt en í þeim tilvikum þegar um skerta foreldrahæfni sé að ræða gildi sömu fyrirvarar og settar voru um heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá, sbr. tillögu 1.3.2.

### *1.3.5 Mál um umgengni rekin fyrir dómstólum*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafrétti, telja rök standa til þess að bæta málsmeðferð umgengnismála hjá sýslumönnum og opna fyrir heimild foreldra til að reka mál sem eingöngu snýst um umgengni fyrir dómstólum.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða barnalögin skoði sérstaklega úrskurðarvald í umgengnismálum og hvort ástæða sé til að breyta ríkjandi fyrirkomulagi.

### *1.3.6 Heimild til að úrskurða/dæma umgengni 7 daga af 14*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafrétti, telja rök standa til þess að sýslumenn og dómara fái heimild til að ákveða umgengni 7 af 14 dögum. Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, er sammála þó með þeim fyrirvara að svo mikil umgengni sé möguleg, til dæmis með tilliti til búsetu og sé barni fyrir bestu.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða barnalögin skoði fyrirkomulag umgengnisréttar, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

### *1.3.7 Umgengni við stjúpforeldra*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafrétti, telja rök standa til þess að barn eigi rétt á umgengni við stjúpforeldri og sýslumenn fái heimild til að úrskurða um umgengni við stjúpforeldri eftir skilnað eða sambúðarslit við foreldri. Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, er sammála og vill jafnframt benda á rétt barna sem hafa verið ranglega feðruð til að halda áfram að umgangast þann föður sem gegnt hefur foreldrahlutverki fram að vefengingu faðernis.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða

barnalögin skoði fyrirkomulag umgengnisréttar, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

### *1.3.8 Umgengni við ömmu og afa*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafnrétti, telja rök standa til þess að barn njóti rýmri umgengnisréttar við ömmu og afa en nú er og sýslumenn fá rými heimild til að úrskurða um umgengni við þau.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggimar til að endurskoða barnalögin skoði fyrirkomulag umgengnisréttar, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

### *1.3.9 Kostnaður við umgengni*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafnrétti, telja rök standa til þess að báðir foreldrar beri almennt kostnað af umgengni. Komi til ágreinings skuli taka tillit til tekna beggja foreldra og þess hvort foreldri tók ákvörðun um að flytja. Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, er sammála þessu en telur þarna einnig skipta máli hversu mikil og hversu tíð umgengni sé og hversu mikil kostnaðarþátttaka umgengnisforeldris sé í uppeldi barnsins.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggimar til að endurskoða barnalögin skoði reglur um kostnað við umgengni í tengslum við meðlag, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

### *1.3.10 Umgengnistálmanir*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Guðni Olgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, og Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafnrétti, telja nauðsynlegt að endurskoða barnalögin og tryggja að unnt verði að grípa til skilvirkari úrræða vegna tilefnislausra umgengnistálmana. Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, og Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, eru sammála þó þannig að ávallt sé leitast við að nota mildari úrræði, til dæmis ráðgjöf, frekar en beina íhlutun enda þjóni það

hagsmunum barns best. Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, er sammála þó með þeim fyrirvara ekki séu gildar ástæður fyrir tálmunum, þ.e. að sýnt sé að tálmanir stafi ekki af hættu á ofbeldi eða vanrækslu að hálfu umgengnisforeldris gagnvart barninu.

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða barnalögin skoði umgengnistálmanir sérstaklega, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

### *1.3.11 Tvöfalt lögheimili barns*

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Guðni Ólgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, og Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða barnalögin skoði reglur um búsetu barns, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafrétti, og Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, telja rök standa til þess að foreldrar fái heimild til að skrá lögheimili barns hjá þeim báðum innan sama sveitarfélags og sama eða samliggjandi skólahverfis þegar það á við.

Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, er á móti því að barn geti átt tvö lögheimili en fylgjandi því að skoða megi réttarstöðu umgengnisforeldris sem barn hefur rúma umgengni við, með tilliti til bóta, trygginga og annarra réttinda.

### *1.3.12 Heimild foreldris til að breyta lögheimili barns*

Jóhanna Gunnarsdóttir, fulltrúi dóms- og kirkjumálaráðherra, Guðni Ólgeirsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Björk Vilhelmsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Páll Ólafsson, fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands, Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúi Heimilis og skóla, og Valgerður Halldórsdóttir, fulltrúi Félags stjúpfjölskyldna, vænta þess að nefnd sú sem dóms- og kirkjumálaráðherra hefur sett á laggirnar til að endurskoða barnalögin skoði reglur um flutning barns innan lands, taki afstöðu til allra þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð og hafi víðtækt samráð við alla hagsmunaaðila.

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar, Dögg Pálsdóttir, fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra, Lúðvík Börkur Jónsson, fulltrúi Félags um foreldrajafrétti, og Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands, telja rök standa til þess að foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns en búa ekki saman verði báðir að samþykkja breytingu á lögheimili barns innan lands ef flutningur er til þess fallinn að torvelða umgengni. Komi til ágreinings verði unnt að kveða upp úrskurð um heimild til að breyta lögheimili barns.

Laufey Ólafsdóttir, fulltrúi Félags einstæðra foreldra, er á móti því að umgengnisforeldri þurfi að samþykkja lögheimilisflutning barns en telur rétt að leggja þá skyldu á báða foreldra að tilkynna slíka flutninga með tilteknum fyrirvara, hafi það veruleg áhrif og valdi röskun á umsaminni umgengni. Við slíkar aðstæður sé nauðsynlegt að endurnýja samning um umgengni og ákveða framkvæmd hennar á nýjum forsendum.



## 2 FRÆÐSLA OG RÁÐGJÖF TIL BARNAFJÖLSKYLDNA

Ákveðið var að kanna hvaða fræðsla og upplýsingagjöf væri nú þegar í boði fyrir fjölskyldur og hvort framboðið væri mismunandi eftir fjölskyldugerð.

Aflað var upplýsinga frá fræðslu- og skólaskrifstofum allra sveitarfélaga landsins með spurningum sem varða upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til foreldra.

Jafnframt var menntamálaráðuneytinu sent bréf í þeim tilgangi að kanna álit ráðuneytisins á rétti beggja foreldra til að fá upplýsingar úr Mentor, óháð hjúskaparstöðu og forsjá, og afstöðu þess til hugmynda um tvöfalt heimili barna. Í svari ráðuneytisins vísar það málinu til dómsmálaráðuneytisins. Erindið var þá sent til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 13. júní 2008. Svar barst nokkrum mánuðum síðar.

Ýmsar fyrirspurnir voru sendar nokkrum félagasamtökum, stofnunum og heilbrigðisráðuneytinu með spurningum sem vörðuðu þá fræðslu og stuðning sem væri í boði fyrir mismunandi fjölskyldugerðir.

Heimtur voru misgóðar en eftirfarandi tillögur eru byggðar á þeim að hluta sem og talið var rétt.

Tillögur um fræðslu og upplýsingagjöf til fjölskyldna taka mið af margbreytileika fjölskyldugerða. Þeim er ætlað að efla velferð barna, meðal annars með aukinni foreldrafærni, foreldrasamvinnu og samstarfi við nærsamfélag barnsins.

### **2.1 Fjölskyldufræðsla og ráðgjöf óháð fjölskyldugerð**

#### **Lagt er til að:**

- tryggt verði gott aðgengi að fjölskylduráðgjöf og hún veitt ókeypis eða niðurgreidd sem hluti af almennri velferðarþjónustu.
- brugðist verði við breyttu atvinnuástandi og fjölskyldur studdar þar sem annað eða báðir foreldrar eru án atvinnu og þeim veitt ráðgjöf og fræðsla um möguleg áhrif atvinnuleysis á fjölskyldulíf.

## 2.2 Fjölskyldufræðsla til verðandi foreldra

Mikil ábyrgð fylgir því að eignast og annast um barn. Reynir það á marga að samþætta foreldrahlutverkið öðrum verkefnum eins rekstri heimilis, námi og starfi. Nýleg íslensk rannsókn (2005) sem unnin var sem lokaverkefni í félagsráðgjöf og sálfræði í samvinnu við sýslumanninn í Reykjavík sýndi að samvistarslit eru algengust eftir þriggja til fimm ára sambúð en níu ár í hjónabandi. Um helmingur barnanna var undir fimm ára aldri, yngri við sambúðarslit en lögskilnað.<sup>3</sup>

Önnur íslensk rannsókn sýndi að 34% skilnaðarungmenna voru undir 5 ára aldri þegar foreldrarnir skildu (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008)

### Lagt er til að:

- allir foreldrar fái upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja því að fara með forsjá barns.
- foreldrafræðslu til verðandi foreldra í sambúð/hjónabandi verði eflað þar sem meðal annars er fjallað um samskipti, samþættingu einkalífs, tómstunda og atvinnu.
- upplýsingar og fræðsla verði tryggð bæði verðandi einhleypum mæðrum og feðrum, meðal annars um mikilvægi tengsla barns við báða kynforeldra og rétt þess til samvista.

## 2.3 Sambúðarslit – skilnaður

Sambúðarslit og hjónaskilnaðir kalla á miklar breytingar í lífi fullorðinna og barna, meðal annars breytt samskipti. Órofin tengsl barna við foreldra og stórfjölskylduna eru þeim mikilvæg og auðveldar aðlögun eftir skilnað sem og góð foreldrasamvinna, en sá þáttur sem skiptur mestu máli hvað það varðar er sátt og samvinna foreldra.<sup>4</sup>

### Lagt er til að:

- gerð verði breyting á 42. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, á þann veg að fagaðilum á sviði fjölskylduráðgjafara verði bætt við þá aðila sem tilgreindir eru í núverandi lögum.

Greinin er svohljóðandi:

Hjón, sem ákveðið hafa að leita skilnaðar, eiga þess ávallt kost að leitað sé um sættir með þeim samkvæmt þessari grein.

Skylt er að leita um sættir með hjónum sem eiga ósjálfráða barn, annað eða bæði, er þau hafa forsjá fyrir. Þetta á þó ekki við ef hjón krefjast sameiginlega lögskilnaðar að undangengnum skilnaði að borði og sæng, sbr. 1. mgr. 36. gr.

Í sáttatilraun felst að kanna skal grundvöll að framhaldi hjúskaparins.

Prestar leita um sættir eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga eða hvort heyrir til sínu trúfélagi og getur þá sýslumaður eða dómari eftir því hvar mál er til meðferðar leitað um sættir.

<sup>3</sup> Edda Hannesdóttir og Elsa Inga Konráðsdóttir, 2005.

<sup>4</sup> Sigrún Júlíusdóttir, 2007.

Þeir sem leita um sættir samkvæmt þessu ákvæði skulu gæta trúnaðar um einkahagi sem þeir öðlast vitneskju um í sáttastarfi sínu.

Sáttatilaun prests eða löggilts forstöðumanns trúfélags skal að jafnaði hafa farið fram á síðustu sex mánuðum áður en mál er höfðað eða sett fram krafa um skilnað að borði og sæng eða lögskilnað fyrir sýslumanni, en í síðasta lagi áður en skilnaður er veittur.

Nú sækir annað hjóna ekki sáttafund þótt það hafi fengið kvaðningu tvívegis og er þá nægilegt að reyna sættir með hinu. Um lögmat forföll hjóna frá sáttafundi fer skv. 1. mgr. a- til e-liða [97. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991](#). Nú eru hjón búsett hvort í sínum landshluta og er þá heimilt að reyna sættir með þeim hvoru í sínu lagi. Nú býr annað hjóna erlendis og þarf þá ekki að reyna sættir að því er það varðar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur ákveðið í reglugerð að sáttaumleitan í stofnun um fjölskylduráðgjöf geti komið í stað sáttaumleitanar samkvæmt þessari grein.

- þeir aðilar sem hyggjast slíta sambúð/hjúskap með börn verði skyldaðir að fara í að lágmarki eitt til tvö viðtöl til að fá fræðslu og ráðgjöf hjá fagaðila um samskipti eftir skilnað óháð því hvort þeir eru sammála eða ekki. Sé um ósamkomulag að ræða er markmiðið að kanna mögulega sáttaleið milli maka og/eða styrkja foreldrasamvinnu eftir skilnað og er þá þörf á að viðtölin geti verið allt að fimm. Sérfræðingur getur verið félagsráðgjafi, fjölskylduráðgjafi, prestur, sálfræðingur, dómari, lögmaður eða annar sá sem hefur menntun til. Ávallt skal hafa barnið í forgrunn. Slík viðtöl jafngilda sáttaumleitan presta komi til hjúskaparslita. Skulu viðtölin vera þeim að kostnaðarlausu eða með lágmarksgjaldtöku.

## 2.4 Stjúpfjölskyldur

Í rannsókn Sigrúnar Júlíusardóttur „Viðhorf, samskipti og reynsla foreldra af búsetu og umgengni eftir að sameiginleg forsjá varð meginreglan við skilnað“ (2008) var spurt um þörf á sértækri ráðgjöf og fræðslu innan opinberrar þjónustu um málefni stjúpfjölskyldna.

Í ljós kom að 79% töldu mikla eða nokkra þörf á slíkri þjónustu. Hlutfall milli kynja var svipað hjá lögheimilisforeldrum.<sup>5</sup> Þörf er á almennri fræðslu og hefur hún reynst skila góðum árangri og aukið lífsgæði stjúpfjölskyldna.<sup>6</sup>

Vísbendingar eru um að skilnaðir í stjúpfjölskyldum séu algengari en í fyrsta hjónabandi. Tölur frá Bandaríkjunum benda til að um 60% þeirra sem gífta sig aftur skilji og um helmingurinn innan sex ára.<sup>7</sup> Stöðugleiki stjúpfjölskyldna er því minni en kjarnafjölskyldunnar og uppeldisskilyrði barna í stjúpfjölskyldum óstöðugri. Fjórðungur þeirra íslensku ungmenna sem tóku þátt í rannsókn Sigrúnar Júlíusardóttur o.fl. (2008) sagði að foreldrar þeirra hefðu farið í fleiri en eina sambúð.<sup>8</sup> Forvarnanálgun er sérlega mikilvæg leið til að halda tengslum heilbrigðum í stjúpfjölskyldum, en rannsóknir sýna að ánægju í sambandinu hrakar fljótt í stjúpfjölskyldum. Árangursríkast virðist vera að veita ráðgjöf og fræðslu snemma þegar ánægja í sambandinu er mikil (Whitton, S.W., Nicholson, J.M. og Markman, H.J., 2008).

<sup>5</sup> Í netkönnun á póstlista Félags stjúpfjölskyldna sumarið 2008 kom fram að þátttakendur óskuðu fræðslu um stjúp-/kynforeldrasamvinnu, samskipti við stjúpbörn, samskipti við fyrrverandi maka, stórfjölskylduna, tengsl – við skóla á öllum skólastigum, agamál, fjármál og lagaleg málefni varðandi forsjá og erfðamál.

<sup>6</sup> Adler, 2001; Foot, Clark og Recer, 2004; Pryor, 2004; Visher, 1979; Valgerður Halldórsdóttir, 2006.

<sup>7</sup> Gerlach, 2005; Pasley, 1988.

<sup>8</sup> Sigrún Júlíusardóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008.

Í finnskri könnun frá 2004 á 4.160 fjölskyldum, þar af 1.200 kjarnafjölskyldum, 1.500 fjölskyldum einhleypra foreldra og 1.500 stjúpfjölskyldum með börn á aldrinum þriggja, sex og/eða átta ára þegar rannsóknin var framkvæmd, komu meðal annars fram tengsl milli líðan barna, fjölskyldugerðar og atvinnuleysis. Hvað varðar ytri þætti voru sterkustu tengslin milli vandamála tengdum þroska barna og hegðunar og fjölskyldugerða þeirra, þá sérstaklega stjúpfjölskyldna og foreldra án atvinnu.<sup>9</sup>

Við skráningu í sambúð eða þegar farið er í hjónaband þar sem annar eða báðir aðilar eiga barn/börn úr öðrum samböndum er lagt til að:

- viðkomandi aðilum sé boðin fræðsla og ráðgjöf varðandi sérstöðu stjúpfjölskyldunnar með það að markmiði að efla velferð barna í stjúptengslum og fjölskyldur þeirra.

## **2.5 Hvar á fræðsla/stuðningur að fara fram?**

**Lagt er til að:**

- foreldra-/stjúpforeldra- og fjölskyldufræðsla verði veitt víða þannig að aðgengi verði sem best. Opinberir aðilar eins og heilsugæsla og félagsþjónusta, félagasamtök eins og Félag einstæðra foreldra, Félag stjúpfjölskyldna, Félag um foreldrajafnrétti sem og einkaaðilar ættu að geta annast slíka fræðslu.

## **2.6 Skólasamfélagið**

Lögð er rík áhersla á mikilvægi þess að draga úr því óöryggi sem skólasamfélagið sem og aðrir aðilar sem vinna með börnum eins og kennarar, náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar, sálfræðingar, tómstundafulltrúar, læknar o.fl. glíma við varðandi hvaða upplýsingar megi veita foreldrum sem ekki eru í sambúð eða hjónabandi sem og stjúpforeldrum. Eins og staðan er í dag skráir lögheimilisforeldri þær upplýsingar sem skólanum eru veittar um fjölskylduhagi barnsins. Það er því tilviljanakennt hvort báðir aðilar eru þar inni eða ekki eða hvort stjúpforeldri sé þar skráð. Í sumum tilvikum virðist lögheimilisforeldri geta neitað hinu kynforeldrinu um aðgang að upplýsingum en skólarnir hafa mismunandi reglur. Skólar mætti í auknum mæli kalla eftir þessum upplýsingum eða setja stjórnmerktan reit í skráningarkerfið til að tryggja að báðir foreldrar séu þar skráðir í upphafi. Með þeim hætti er báðum foreldrum, og stjúpforeldrum hafi þeir forsjá barns, gert betur mögulegt að sinna hlutverki sínu sem foreldrar óháð hjúskaparstöðu. Mikilvægt er að sú staðreynd sé viðurkennd að mörg börn eigi tvö heimili.

---

<sup>9</sup> Puuronen, Hakkinen, Pylkkanen, Sandlund, Toivanen, 2004.

## Lagt er til að:

- fjölskylduráðgjöf verði gerð aðgengileg þar sem því er við komið innan leik-, grunn- og framhaldsskóla eða í tengslum við þá. Sérstaklega er mikilvægt er að beina *upplýsingum, fræðslu og félagsráðgjöf* til foreldrahóps leikskólanna, sérstaklega í ljósi þess að ung börn, þriggja til fimm ára, eru viðkvæm fyrir röskun og missi foreldratengsla, þó aðstoð sé brýn á öllum aldurskeiðum.<sup>10</sup>
- við skráningu barns í grunnskóla verði notað staðlað skráningarblað þar sem á að taka fram báða kynforeldra barns, óháð forsjá eða lögheimili, ásamt upplýsingum um fjölskyldugerð.
- tryggja skuli báðum foreldrum aðgang að skráðum upplýsingum um barn og stjúpfóreltra í þeim tilvikum sem þeir fara með forsjá þess. Upplýsingar um lykilorð að skráningarkerfi skóla verði sent á bæði heimili barns.
- að minnsta kosti hluta starfsfólks skóla verði tryggður aðgangur að fræðslu og ráðgjöf varðandi ólíkar fjölskyldugerðir. Þessir aðilar eru þeir sem eru í mestum tengslum við börn og ungmenni og geta verið mikilvægir stuðningsaðilar við börn, foreldra og stjúpfóreltra.

## 2.7 Netsíða

Lagt er til að gerð verði netsíða í samstarfi við viðeigandi félagasamtök með upplýsingum um mismunandi fjölskyldugerðir, réttindi og skyldur foreldra og fræðslu varðandi þennan málaflokk.

---

<sup>10</sup> Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir, 2008.

## 3 FJÁRMÁL BARNAFJÖLSKYLDNA

### 3.1 Inngangur

Verkefnið var að kanna fjárhagslega stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og stjúpfleldra, að skipuleggja og vinna að söfnun upplýsinga um þessa hópa foreldra og stöðu þeirra. Markmiðið var að finna leiðir til að bæta fjárhag foreldra með lágur tekjur og gera tillögur til hlutaðeigandi ráðherra um hugsanlegar úrbætur í málefnum þeirra á grundvelli löggjafar og/eða tiltekinna aðgerða.

Vinnan við söfnun upplýsinga fór fram í nánu samstarfi við Hagstofu Íslands við að ræða og greina niður þau athugunarefni sem óskað yrði eftir að Hagstofan ynni. Rammi verkefnisins var að skoða fjárhag heimilanna út frá mismunandi fjölskyldugerðum. Frá upphafi var ljóst að Hagstofan hefði ekki upplýsingar um hvort foreldrar færu með forsjá barna sinna. Upplýsingar um tekjur heimila eftir mismunandi fjölskyldugerðum lágu ekki fyrir hjá Hagstofu Íslands og því samþykkti Hagstofan að rannsaka það málefni sérstaklega. Rannsóknarspurningar voru lagðar fyrir Hagstofuna sem lagði efni um þær fyrir fundi fjárhagshópsins sem aftur leiddi af sér fleiri og ítarlegri spurningar. Þannig spannst verkefnið áfram í samvinnu fjárhagshóps og Hagstofunnar sem lauk með því að Hagstofan lagði í nóvember 2008 fram rannsókn um tekjur og efnahag barnafjölskyldna árið 2007, þ.e. rannsókn á ráðstöfunartekjum, eignum og skuldum eftir sambúðarstöðu foreldra og eftir því hvar börn þeirra búa. Nánar verður gerð grein fyrir rannsókninni í kafla 3.2.

Vinna nefndarinnar við barnatryggingar var unnin í samvinnu við sérfræðinga frá fjármálaráðuneyti og Háskóla Íslands eins og skýrt er frá í formála skýrslunnar.

Í samræmi við það sem fram kemur í kaflanum um félags- og sifjamál var sjónum beint sérstaklega að þeim tilvikum þar sem börn eiga lögheimili hjá öðru foreldri, en umgengst hitt foreldrið mikið og búa þar að hluta til.

### 3.2 Rannsókn Hagstofu Íslands

Rannsóknin ber heitið „Tekjur og efnahagur barnafjölskyldna árið 2007. Rannsókn á ráðstöfunartekjum, eignum og skuldum eftir sambúðarstöðu foreldra og því hvar börn þeirra búa.“ Markmið rannsóknarinnar var að kanna fjölda foreldra eftir sambúðarstöðu þeirra, aldri og því hvort börn búi hjá foreldrum eða ekki. Jafnframt að afla upplýsinga um hagi foreldra til að varpa ljósi á mismunandi fjárhagsstöðu þeirra eftir fjölskyldugerð. Þá var jafnframt kannað sambengið milli aldurs foreldra og ráðstöfunartekna þeirra, auk eigna og skulda heimilanna eftir sambúðarstöðu foreldra. Rannsóknin skiptist í tvo hluta, í fyrri hlutanum er fjallað um hina ýmsu foreldrahópa eftir sambúðarstöðu þeirra og því hvort börn þeirra eiga lögheimili hjá þeim eða annars staðar. Í síðari hlutanum eru foreldrahóparnir kannaðir út frá fjárhagslegum atriðum, einkum ráðstöfunartekjum, eignum og skuldum, í árslok 2007. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir síðari hluta rannsóknarinnar. Að öðru leyti vísast til rannsóknarinnar í heild sinni sem er fylgiskjal 1 með skýrslu þessari.

### 3.2.1 Ráðstöfunartekjur

Við athugun á tekjum foreldra notar Hagstofan hugtakið *ráðstöfunartekjur* en það er sú skilgreining sem beitt er í evrópsku lífsskjarakönnuninni sem Hagstofa Íslands tekur virkan þátt í. Lagðar eru saman launatekjur, lífeyris- og bótagreiðslur og hlunnindi foreldra og barna undir lögaldri, enn fremur fjáreignatekjur (þó ekki hagnaður af söluandvirði hlutabréfa) og aðrar tekjur ef einhverjar eru. Frá þessum tekjum dragast svo greiddir skattar og greitt meðlag. Hjá þeim foreldrum sem búa saman eru tekjur einstaklings helmingur samanlagðra tekna beggja.

### 3.2.2 Neyslueining

Þar sem heimili eru misstór eru búnar til vogir sem taka tillit til mismunandi samsetningar heimilanna, en útgjöld heimila þurfa ekki að aukast í réttu hlutfalli við fjölda heimilismanna. Um þetta segir svo í rannsókn Hagstofunnar: „Útgangspunkturinn er því sá að einstaklingar á heimili stofna til misjafnlega mikilla útgjalda af ráðstöfunartekjum þess. Með því að umreikna stærð heimilis í neyslueiningar er tekið tillit til þess að stór heimili eru að öllu jöfnu hagkvæmari í rekstri en lítil og að útgjöld vegna barna eru talin vera minni en útgjöld vegna fullorðinna.“

### 3.2.3 Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur deilt með neyslueiningunni sem reiknast fyrir tiltekið heimili. Með þessu móti er mögulegt að bera saman afkomu ólíkra heimilistegunda.

Aðferð I, sem Hagstofan notar og er í samræmi við aðferð sem notuð er hjá Hagstofu Evrópusambandsins, gerir kleift að bera saman afkomu ólíkra heimilistegunda eins og markmiðið var að gera. Þar eru ráðstöfunartekjur á neyslueiningu skilgreindar sem ráðstöfunartekjur deilt með neyslueiningu.

Dæmi samkvæmt þeirri aðferð lítur þannig út: Borin eru saman tvö heimili. Heimili með hjón og þrjú börn, sem hafa 500.000 krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði, hafa 208.000 krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu. Heimili einstæðrar móður með eitt barn og 250.000 krónur í ráðstöfunartekjur hefði samkvæmt sömu reikniformúlu 192.000 krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu. Við þennan útreikning þarf að setja þann fyrirvara að útgjöld foreldra vegna barns í sameiginlegri forsjá þeirra eru líklegri til að skiptast jafnar milli foreldranna en þær forsendur sem ofangreindir útreikningar styðjast við. Hagstofan treystir sér hins vegar ekki til að meta til fjár þann útgjaldabátt sem af hlýst þegar skilnaðarbarn dvelur tímabundið utan lögheimilis síns, þ.e. hjá hinu foreldrinu. Á móti kemur að búið er að taka tillit til meðlagsgreiðslna foreldra við útreikning á ráðstöfunartekjum á neyslueiningu.

Að beiðni starfshópsins bjó Hagstofan til aðferð II og III. Með aðferð II er ekki tekið tillit til barna heldur reiknað með að foreldrar framfæri börn jafnt, en tekið er tillit til stærðarhagkvæmni heimila sambúðarfólks. Með aðferð III er aðferð II í breyttri útfærslu þar sem ekki er tekið tillit til stærðarhagkvæmni heimila sambúðarfólks. Um aðferð III segir í skýrslu Hagstofunnar að óhætt sé að fullyrða að þá aðferð megi telja lakasta kostinn til að bera saman hinar ólíku fjölskyldugerðir í rannsókninni. Hagstofan mælir því ekki með aðferð III við samanburðarathuganir á ráðstöfunartekjum heimilanna. Samkvæmt þessu er það leið I eða II sem nefndin getur notast við.

Til skýringar á aðferðunum er vísað til töflu 2.4 í fylgiskjali 1 um ráðstöfunartekjur á neyslueiningu tekjuárið 2007 og þar er jafnframt samanburður á aðferðum I–III.

Með aðferð I er miðgildi ráðstöfunartekna hæst hjá foreldrum sem búa saman. Næstir í röðinni koma einstæðir feður án barna, einstæðir feður með börn, einstæðar mæður með börn og lægstar ráðstöfunartekjur hafa einstæðar mæður án barna.

Með aðferð II er miðgildi ráðstöfunartekna hæst hjá foreldrum sem búa saman. Næstir í röðinni koma einstæðir feður með börn, þá einstæðar mæður með börn, einstæðir feður án barna og lestina reka einstæðar mæður án barna.

Með aðferð III er miðgildi ráðstöfunartekna hæst hjá einstæðum feðrum með börn, þá einstæðar mæður með börn, síðan koma foreldrar sem búa sama, einstæðir feður án barna og loks einstæðar mæður án barna.

Ef ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru skoðaðar út frá aðferð I er vísitala ráðstöfunartekna, miðgildi, á hverja neyslueiningu:

1. Hjá foreldrum sem búa saman: 105,3.
  2. Hjá einstæðum feðrum án barna: 91,9.
  3. Hjá einstæðum feðrum með börn: 86,3.
  4. Hjá einstæðum mæðrum með börn: 77,5.
  5. Hjá einstæðum mæðrum án barna: 62,9.
- (Sjá töflu 2.4 í fylgiskjali 1. Allir foreldrar = 100,0.)

Ef ráðstöfunartekjur á neyslueiningu er skoðaðar út frá aðferð II er vísitala ráðstöfunartekna, miðgildi, á hverja neyslueiningu:

1. Hjá foreldrum sem búa saman: 105,8.
  2. Hjá einstæðum feðrum með börn: 86,9.
  3. Hjá einstæðum mæðrum með börn: 81,8.
  4. Hjá einstæðum feðrum án barna: 67,3.
  5. Hjá einstæðum mæðrum án barna 46,0.
- (Sjá töflu 2.4 í fylgiskjali 1. Allir foreldrar = 100,0.)

Eins og þessar niðurstöður rannsóknarinnar bera með sér eru ráðstöfunartekjur á neyslueiningu lægri hjá einstæðum foreldrum en foreldrum sem búa saman. (Það fellur hins vegar utan við verkefni nefndarinnar og er sér málefni að einstæðar mæður sem ekki hafa börn sín hjá sér eru í neðsta tekjuflokknum.)

### **3.3 Neysluviðmið – skýrsla frá viðskiptaráðuneyti**

Hér á landi liggur ekki fyrir viðurkennt neysluviðmið. Unnin hefur verið skýrsla um neysluviðmið fyrir viðskiptaráðuneytið sem gefin var út í október 2006. Þar var lagt til að gefið yrði út neysluviðmið með svipuðum hætti og önnur vestræn ríki hafa gert. Mælt var með svonefndri útgjaldaaðferð eins og meðal annars Finnland og Bandaríkin nota. Neysluviðmið eftir þeirri aðferð byggist á miklu leyti á fyrirliggjandi upplýsingum sem reglulega er aflað með neyslukönnun. Lagði nefndin til að sérfróðum aðila yrði falið að vinna að neysluviðmiði með



þessari aðgerð í samstarfi við Hagstofu Íslands. Í skýrslu nefndarinnar segir orðrétt: „Næsta víst er að þeir fjölmörgu aðilar sem í dag nota einhvers konar viðmiðun um útgjaldþörf heimila í landinu, til dæmis við ákvörðun á opinberum stuðningi frá ríki eða sveitarfélögum ... geti haft mikið gagn af slíku neysluviðmiði sem nefndin gerir tillögu um.“ (Kostir og gallar neysluviðmiðs fyrir Ísland. Viðskiptaráðuneytið. Október 2006).

### **3.4 Komið verði til móts við efnalitlar barnafjölskyldur**

Fram kemur í inngangi að nefndin tók í auknum mæli mið af þörfum tekjulágra barnafjölskyldna eftir efnahagshrunið síðastliðið haust. Fjárhagshópurinn skoðaði tillögur starfshóps sem vann að aðgerðaáætlun til að sporna gegn fátækt og treysta öryggisnet velferðarkerfisins og skilaði af sér í september 2008. Nefndin telur að ríkisvaldið og sveitarstjórnir geti með ýmsum hætti mætt betur tekjulágum barnafjölskyldum, svo sem með því að tryggja að öll börn fái hádegisverð í grunnskólum, að gjaldtaka í leikskólum taki mið af tekjum og greiðslugetu foreldra og að stuðningur við framhaldsmenntun verði aukinn til að tryggja að fjárhagur komi ekki í veg fyrir að ungt fólk stundi framhaldsnám. Þá eru ýmsar leiðir færar til að minnka greiðsluþátttöku foreldra, til dæmis í sjúkra- og þjálfunarkostnaði barna. Nefndin tekur ekki afstöðu til einstakra tillagna starfshópsins en þykir rétt að stjórnvöld skoði til hlítar hvernig koma megi betur á mótis við efnalitlar barnafjölskyldur. Þá er vert að benda á tillögur velferðarvaktarinnar um stöðu barnafjölskyldna, en að velferðarvaktinni koma ríki, sveitarfélög, frjáls félagasamtök og aðilar vinnumarkaðarins.

### **3.5 Meðlög**

Tryggingastofnun ríkisins greiðir meðlagið til þess forsjárforeldris þar sem barn á lögheimili. Gildir það einnig þegar forsjá er sameiginleg. Vilji foreldrar með sameiginlega forsjá hafa annan hátt á verða þeir að semja um það innbyrðis. Meðlag greiðist til 18 ára aldurs og er fjárhæð sú sama og barnalífeyris, þ.e. 21.657 kr. á mánuði. Þótt úrskurður kveði á um herra meðlag en barnalífeyrir er á hverjum tíma þá greiðir Tryggingastofnun ríkisins aldrei herra en einfalt meðlag. Mismun þarf móttakandi sjálfur að innheimta hjá meðlagsgreiðanda.

Innheimtustofnun sveitarfélaga sér um að innheimta meðlag sem Tryggingastofnun greiðir frá meðlagsskyldu foreldri.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur nýlega skipað nefnd til að fara yfir reglur barnalaga um framfærslu barna, með það fyrir augum að kanna hvort núverandi fyrirkomulag þjóni hagsmunum barna og foreldra með sanngjörnum hætti. Nefndinni ber að skoða hvort ástæða sé til þess að gera breytingar á einstökum þáttum laganna, meðal annars að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að viðhalda því fyrirkomulagi að ávallt beri að ákveða meðlag við skilnað, sambúðarslit og breytingar á forsjárskipan og hvort ástæða sé til þess að hafa lágmarksmeðlag lögbundið. Einnig hvort rétt sé að gera breytingar á þeim grundvallarþáttum sem hafa áhrif á meðlagsfjárhæðina.

Með hliðsjón af vinnu framangreindrar nefndar verða hér ekki lagðar fram tillögur um meðlög.

### **3.6 Áhrif kreppunnar á vinnu nefndarinnar við fjármál barnafjölskyldna**

Nefndin stendur frammi fyrir því að skila verki sínu á yfirstandandi krepputímum. Nefndin telur því ljóst að við núverandi aðstæður þurfi fyrst og fremst að huga að barnafjölskyldum út frá tekjum þeirra fremur en að sambúðarstaða ein og sér ráði för. Tillaga nefndarinnar um uppstokkun á barnabótakerfinu er mótuð af þessu viðhorfi. Það breytir ekki því að oftast eru tekjur einstæðra foreldra lægri en hjóna og sambýlisfólks og koma þeim því til góða þótt sjónarhorninu sé beint að tekjunum en ekki sambúðarstöðunni.

### **3.7 Barnatryggingar**

Nefndin leggur fram þá viðamiklu tillögu að í stað núverandi barnabóta, barnalífeyris, mæðra- og feðralauna og dagpeninga við atvinnuleysistryggingar vegna barna verði tekið upp nýtt kerfi, barnatryggingar.

Barnatryggingum er ætlað að bæta hag barnafjölskyldna með lágur tekjur, óháð sambúðarstöðu. Enda þótt rannsókn Hagstofunnar, sem tekur til barnafjölskyldna eftir sambúðarstöðu foreldra, sýni að einstæðir foreldrar hafi lægri ráðstöfunartekjur en foreldrar sem búa saman tekur hið nýja kerfi barnatrygginga, sem nefndin leggur til, ekki mið af fjölskyldugerðum heldur eingöngu af ráðstöfunartekjum barnafjölskyldna. Barnatryggingum er ætlað að bæta almennt hag tekjulágra foreldra og þar með koma þær einstæðum foreldrum til góða.

Af hálfu fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðherra er ekki tekin afstaða til þessarar tillögu. Um veigamikla breytingu er að ræða á gildandi rétti sem fellur utan verksviðs dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Verður nú gerð grein fyrir tillögu þessari.

Aðalmarkmið barnatrygginga er að útrýma fátækt barnafjölskyldna. Það er gert með því að greiða í formi barnatrygginga öllum barnafjölskyldum lágmarksframfærslu, óháð því hvaðan tekjur fjölskyldunnar koma. Fjölskyldur fá óskerta barnatryggingu fyrir hvert barn upp að skilgreindum lágtekjumörkum. Með því móti er tryggt að engin barnafjölskylda falli niður fyrir þau mörk sem skilgreind eru sem lágtekjumörk.

Barnatryggingar myndu koma í stað barnabóta, mæðra- og feðralauna, barnalífeyris og viðbót atvinnuleysisbóta vegna barna. Kerfið greiðir foreldrum á grundvelli ráðstöfunartekna þeirra í stað þess að taka mið af aðstæðum þeirra líkt og núverandi kerfi. Árið 2009 munu heildarútgjöld til barnatengdra greiðslna nema tæpum 14 milljörðum króna. Árið 2009 verða 10,1 milljarðar greiddir í barnabætur samkvæmt fjárlögum 2,7 milljarðar fara í barnalífeyri, 367 milljónir í mæðra- og feðralaun og 600–700 milljónir í viðbót atvinnuleysisbóta vegna barna. Áætlað er að útgjöld til barnatryggingar, eins og kerfið er lagt fram í þessari skýrslu, verði um 14,2 milljarðar.

Lágtekjumörk eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu.<sup>11</sup> Neyslueining tekur tillit til heimilisstærðar þar sem gert ráð fyrir því að

---

<sup>11</sup> Hér er notast við skilgreiningar Evrópusambandsins (EU-SILC) um lágtekjuhlutfall og jafngildisskölun. Sjá skýrslu Hagstofunnar *Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003-2005* (<http://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=8012>).

hagkvæmni felist í rekstri heimilis þar sem fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er talið að útgjöld vegna barna vegi minna en útgjöld fullorðinna. Fyrsti fullorðni einstaklingur fær vogina 1,0, aðrir fullorðnir einstaklingar fá vogina 0,5 og börn fá vogina 0,3.

Árið 2008 er áætlað miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu sé 223.000 krónur á mánuði. Lágtekjumörk fyrir einstakling eru því 60% af miðgildistekjum, 134.000 ( $0,6 \cdot 223$ ) fyrir einstakling og 201.000 ( $0,6 \cdot 223 \cdot 1,5$ ) fyrir barnlaus hjón. Fyrir hvert barn á heimilinu hækka lágtekjumörk um 40.000 ( $0,6 \cdot 223 \cdot 0,3$ ) krónur. Í töflu 1 má sjá lágtekjumörk, sem einnig eru skerðingarmörk, eftir barnafjölda fyrir einstaklinga og hjón.

### Tafla 1. Lágtekjumörk eftir barnafjölda, fyrir einstaklinga og hjón.

Mörkin sýna þær ráðstöfunartekjur (þ.e. tekjur eftir skatt) í þúsundum króna á mánuði sem öllum foreldrum eru tryggð að lágmarki, (þ.e. sá hluti er lýtur að framfærslu barnanna).


Barnafjöldi	0	1	2	3	4
Einstaklingar	134	174	214	254	294
Hjón og sambúðarfólk	201	241	281	321	361

Barnatryggingakerfið getur tekið tillit til þess að börn eigi tvö heimili, þ.e. þegar foreldrar skipta umgengi við barnið. Þá væri reglan að hvert foreldri sem er undir viðmiðunarmörkum fái hlutfallslega greiðslur miðað við umgengi. Ef umgengni er 50% ætti fjölskyldustærð að aukast um 0,15 í stað 0,3. Þá mætti einnig taka tillit til þess að kostnaður við börn í skiptri umgengni er meiri en ella og því gæti stuðulinn verið 0,2 fyrir hvert foreldri (eða 0,4 fyrir slík börn).

Barnatryggingar tryggja öllum foreldrum óskerta greiðslu fyrir hvert barn (40.000 krónur) upp að lágtekjumörkum. Með því móti er grunnframfærsla allra barna tryggð. Barnatryggingin skerðist í ákveðnu hlutfalli við tekjur (svokallað skerðingarhlutfall) umfram skerðingarmörkin. Skerðingarhlutfallið er breytilegt eftir barnafjölda. Það er 20% hjá foreldrum með eitt barn, 25% hjá foreldrum með tvö börn og 30% hjá foreldrum með þrjú börn eða fleiri. Skerðingarmörk eru 134.000 krónur hjá einstæðum foreldrum og 201.000 krónur hjá hjónum sé miðað við ráðstöfunartekjur þeirra, þ.e. tekjur eftir skatt. Sé miðað við tekjur fyrir skatt eru mörkin 146.000 krónur hjá einstæðum foreldrum og 252.000 krónur hjá hjónum (séu allar tekjur launatekjur og ekki um neinar fjármagnstekjur að ræða).

Mynd 1 sýnir fjárhæð barnatrygginga fyrir einstæða foreldra og hjón með eitt barn eftir tekjum foreldra. Á myndinni eru sýnd þau tekjumörk þar sem skerðing barnatrygginga hefst og þar sem þær falla niður.

**Mynd 1. Barnatryggingar fyrir einstæða foreldra og hjón með eitt barn eftir tekjum.**



Í næsta hluta verður fjallað um núverandi greiðslur til barnafjölskylda frá almannatryggingum, skatti, Atvinnuleysisstryggingasjóði og Lánasjóði íslenskra námsmanna. Í þeim þriðja verður fjallað um barnatryggingar hjá einstæðum foreldrum borið saman við núverandi kerfi og í fjórða hluta um barnatryggingar hjá hjónum.

### 3.7.1 Núverandi kerfi

Fjárstuðningur til foreldra vegna framfærslu barna er í fyrsta lagi í gegnum barnabótakerfið. Þar að auki fá foreldrar við sumar aðstæður viðbótargreiðslur frá hinu opinbera. Þar má helst nefna mæðra- og feðralaun, barnalífeyri og viðbót atvinnuleysisbóta vegna framfærslu barna.

#### 3.7.1.1 Barnabætur

Barnabætur eru greiddar fyrir hvert barn undir 18 ára aldri og skiptast þær í tvennt. Annars vegar tekjutengdar bætur, en fjárhæðir óskertra bóta má sjá í töflu 2. Þær eru umtalsvert hærrí fyrir einstæða foreldra heldur en hjón og sambúðarfólk, óskertu bæturnar eru um 40–70% hærrí hjá einstæðum foreldrum. Barnabætur eru lægri fyrir fyrsta barnið en jafnháar fyrir hvert barn umfram það. Hjá einstæðum foreldrum hefst skerðingin við 150.000 króna mánaðartekjur en við 300.000 krónur hjá hjónum og sambúðarfólki. Skerðingarhlutfallið er breytilegt eftir barnafjölda. Tvö prósent af tekjum umfram skerðingarmörk dragast frá hjá fyrsta barni, 5% hjá öðru barni og 7% fyrir þriðju eða fleiri börn. Hins vegar er ótekjutengd viðbót vegna barna yngra en sjö ára upp á 5.099 krónur á mánuði (lög um tekjuskatt, nr. 90/2003). Barnabætur eru ekki skattskyldar.

## Tafla 2. Fjárhæðir óskertra barnabóta.

Fjárhæðir barnabóta í krónum á mánuði fyrir tekjuskerðingu.

	Óskertar barnabætur með fyrsta barni	Óskertar barnabætur með hverju barni umfram eitt	Viðbót vegna barna yngri en sjö ára (ótekjutengt)
Einstæðir foreldrar	21.143	21.689	5.099
Hjón og sambúðarfólk	12.694	15.110	5.099

Heimild: Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003.

### 3.7.1.2 Mæðra- og feðralaun

Einstæðir foreldrar með tvö börn eða fleiri eiga rétt á mæðra- og feðralaunum frá almannatryggingum. Foreldrar þurfa að sækja sérstaklega um launin hjá Tryggingastofnun ríkisins. Launin eru greidd óháð tekjum en eru skattskyld. Fjárhæð launanna er 5.720 krónur á mánuði ef foreldrið hefur tvö börn á framfæri og 14.870 krónur á mánuði ef börnin eru þrjú eða fleiri. Skattskylda launanna hefur þau áhrif að ef launatekjur eru yfir skattleysismörkum (118.000 krónur á mánuði) verða mæðra- og feðralaun eftir skatt 3.677 krónur á mánuði fyrir tvö börn og 9.558 krónur á mánuði (lög um félagslega aðstoð, nr. 99/2007). Árið 2007 fengu 3.132 foreldrar greidd mæðra- og feðralaun.

### 3.7.1.3 Barnalífeyrir

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað foreldrið er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Tryggingastofnun ríkisins getur einnig greitt foreldrum við aðrar kringumstæður, til dæmis þegar foreldri er ellilífeyrisþegi eða í fangelsi. Fjárhæð barnalífeyris er 21.657 krónur á mánuði, tvöfaldur lífeyrir 43.314 krónur á mánuði. Barnalífeyrir er ekki tekjutengdur og er skattfrjáls (lög um almannatryggingar, nr. 100/2007). Árið 2007 fengu 5.600 foreldrar greiddan barnalífeyri. Í töflu 3 má sjá skiptingu eftir aðstæðum foreldra. Langflestir fengu barnalífeyri vegna örorku og eða endurhæfingarlífeyris foreldra, eða 80%. Þar á eftir kemur barnalífeyrir vegna andláts foreldris.

Ef teknar verða upp barnatryggingar þarf sérstaklega að skoða stöðu þeirra foreldra sem einir fara með forsjá vegna andláts hins foreldrisins (642 einstaklingar) eða þegar barn er ófeðrað (166 einstaklingar). (Stjórnumerktir flokkar í töflu 3.)

**Tafla 3. Skipting barnalífeyris eftir aðstæðum foreldra árið 2007.**

	Fjöldi bótaþega	Hlutfallsleg skipting bótaþega	Heildarútgjöld í milljónum króna
Vegna örorku foreldris	4008	71%	1.618
Vegna endurhæfingarlífeyris	520	9%	229
Vegna andláts foreldris*	642	11%	196
Vegna ófeðraðra barna*	166	3%	42
Vegna ellilífeyris	49	1%	14
Viðbót vegna örorkustyrks barna	259	5%	87
Vegna refsivistar	1	0%	0

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins, 2007. Staðtölur almannatrygginga, bls. 32.

Í töflu 4 má sjá nánari upplýsingar um barnalífeyri hjá örorkulífeyrisþegum skipt niður eftir hjúskaparstöðu. Þar má sjá að hlutfall einstæðra foreldra sem fær barnalífeyri er talsvert hærra en hjá hjónum. Þar sem hjón eru talsvert fleiri heldur en einstæðir foreldrar er fjöldi barna sem fær barnalífeyri meiri hjá hjónum þrátt fyrir lægri hlutfallstölu.

**Tafla 4. Barnalífeyrir hjá örorkulífeyrisþegum.**

	Hlutfall allra foreldra með barnalífeyri	Fjöldi barna sem fá barnalífeyri
Einstæðir foreldrar	13,9%	2.887
Hjón (einfaldur barnalífeyrir)	5,6%	3.368
Hjón (tvöfaldur barnalífeyrir)	0,4%	262

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

#### 3.7.1.4 Viðbót atvinnuleysisbóta vegna barna

Atvinnuleysistryggingar tryggja launafólki tímabundna fjárhagsaðstoð á meðan það er í atvinnuleit. Einstaklingar með börn yngri en 18 ára á framfæri eiga rétt á 5.440 krónum á mánuði aukalega í atvinnuleysisbætur fyrir hvert barn. Þar sem bæturnar eru skattlagðar er viðbót vegna barnanna eftir skatt 3.416 krónur á mánuði (lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006).

#### 3.7.1.5 Námsmenn


Námsmenn geta fengið viðbótarlán vegna framfærslu barna frá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN). Í þessari skýrslu um barnatryggingar eru ekki gerðar tillögur um breytingar á því fyrirkomulagi, þó má skoða það þar sem þessi hópur mun eiga rétt á fullum barnatryggingum og því kannski ekki sama þörf á námslánum vegna barna og áður. Einnig má nefna að námslán frá LÍN eru ekki talin fram til skatts og skerða því ekki barnabætur í dag.

Námsmenn sem stunda lánshæft mat geta fengið námslán hjá LÍN bæði fyrir eigin framfærslu en einnig geta þeir fengið viðbótarlán vegna framfærslu barna sinna. Viðbótarlánið er 45.000 krónur á mánuði fyrir hvert barn hjá einstæðum foreldrum og 25.000 krónur hjá hjónum. Lánasjóðurinn lánar einvörðungu níu mánuði ársins.<sup>12</sup> Á skólaárinu 2007–2008 voru 40% lánþega með börn á heimilinu og alls voru þetta 3.360 einstaklingar með samtals 5.757 börn.<sup>13</sup>

### 3.7.2 Einstæðir foreldrar

Í þessum hluta verður annars vegar fjallað um hið nýja barnatryggingakerfi hjá einstæðum foreldrum og hins vegar um áhrif breytinganna á ráðstöfunartekjur foreldra. Á mynd 2 má sjá fjárhæð barnatrygginga hjá einstæðum foreldrum fyrir eitt, tvö, þrjú og fjögur börn eftir ráðstöfunartekjum foreldrisins.

**Mynd 2. Barnatrygging einstæðra foreldra eftir tekjum og fjölda barna.**



Í töflu 5 má sjá breytingar á barnatengdum greiðslum hjá einstæðum foreldrum við upptöku barnatrygginga, annars vegar miðað við núverandi kerfi barnabóta og mæðra- og feðralauna (nefnt fyrir í töflunni) og hins vegar miðað við barnatryggingar (nefnt eftir í töflunni). Í töflunni er gert ráð fyrir því að öll börn séu eldri en sjö ára en þau hafa í núverandi kerfi viðbót upp á 5.099 krónur á mánuði fyrir hvert barn.

Í töflunni má sjá að í barnatryggingakerfinu falla greiðslur niður við mun lægri tekjumörk en í barnabótakerfinu, enda er það ætlunarverk barnatrygginga að tryggja kjör tekjulægstu fjölskyldna.

<sup>12</sup> Lánasjóður íslenskra námsmanna (2008). *Úthlutunarreglur 2008–2009*. Reykjavík: Lánasjóður íslenskra námsmanna.

<sup>13</sup> Bráðabirgðatölur sem fengnar eru hjá LÍN.

**Tafla 5. Barnatengdar greiðslur einstæðra foreldra eftir ráðstöfunartekjum bæði í núverandi kerfi og með barnatryggingar.**

Ráðstöfunartekjur (tekjur f. skatt innan sviga)	Eitt barn		Tvö börn		Þrjú börn	
	Eftir	Fyrir	Eftir	Fyrir	Eftir	Fyrir
100.000 (100.000)	40.140	21.143	80.280	48.850	120.420	80.168
150.000 (150.000)	36.900	20.847	76.230	45.873	115.560	73.070
200.000 (251.266)	26.900	19.319	63.730	42.051	100.560	67.719
250.000 (330.884)	16.900	17.790	51.230	38.229	85.560	62.369
300.000 (410.502)	6.900	16.261	38.730	34.408	70.560	57.019
350.000 (490.119)	0	14.733	26.230	30.586	55.560	51.668
400.000 (569.737)	0	13.204	13.730	26.764	40.560	46.318
500.000 (728.973)	0	10.147	0	19.121	10.560	35.617
600.000 (888.209)	0	7.089	0	11.478	0	24.917

Tafla 6 sýnir mismun á barnatryggingum og núverandi kerfi barnagreiðslna hjá einstæðum foreldrum eftir barnafjölda. Í töflunni má einnig sjá hversu margar fjölskyldur eru u.þ.b. í hverju tekjubili. Í töflunni eru sýndar tekjur bæði fyrir og eftir skatt, en gert er ráð fyrir að allar tekjur séu launatekjur og skattlagðar samkvæmt því.<sup>14</sup> Jákvæð gildi þýða hækkun á greiðslu fyrir einstætt foreldri ef skipt yrði yfir í barnatryggingakerfið. Þar má sjá að lægstu tekjuhóparnir myndu hagnast á því að breyta kerfinu á meðan tekjuhærri hópar myndu fá lægri greiðslur.

**Tafla 6. Mismunur á barnatryggingum og núverandi kerfi barnagreiðslna.**

Ráðstöfunar-tekjur (tekjur f. skatt innan sviga)	Eitt barn		Tvö börn		Þrjú börn		Fjögur börn	
	Mis-munur	Fjöldi barna	Mis-munur	Fjöldi barna	Mis-munur	Fjöldi barna	Mis-munur	Fjöldi barna
100.000 (100.000)	18.997	699	31.430	255	40.252	90	58.704	-
150.000 (150.000)	16.053		30.357		42.490		60.942	-
200.000 (251.266)	<b>7.581</b>	2.611	21.679	1.273	32.841	436	51.292	-
250.000 (330.884)	-890	2.176	13.001	1.037	23.191	253	41.642	-
300.000 (410.502)	-9.361		<b>4.322</b>		13.541		31.993	-
350.000 (490.119)	-14.733	1.036	-4.356	418	<b>3.892</b>	77	22.343	-
400.000 (569.737)	-13.204	688	-13.034	143	-5.758	31	12.693	-
500.000 (728.973)	-10.147	149	-19.121	56	-25.057	12	-6.606	-
600.000 (888.209)	-7.089	57	-11.478	30	-24.917	2	-25.905	-

<sup>14</sup> Launatekjur bera hærri skatt heldur en fjármagnstekjur og því er þessi forsenda ekki fyllileg raunsæ. Hins vegar er fyrirséð að fjármagnstekjur muni rýrna talsvert á árinu. Fjármálaráðuneytið hefur til að mynda áætlað að fjármagnstekjur muni rýrna um u.þ.b. 90% á árinu. Þannig mun forsendan um að allar tekjur séu launatekjur ólíklega raska niðurstöðum mikið.




Á mynd 3 má sjá barnatengdar greiðslur einstæðra öryrkja eftir barnafjölda, annars vegar miðað við núverandi kerfi barnabóta, örorkulífeyris, mæðra- og feðralauna og hins vegar miðað við barnatryggingar. Þar má sjá að barnatengdar greiðslur eru hærri í núverandi kerfi, enda fellur barnalífeyrir upp á 22.000 krónur niður. Tekið skal fram að á myndinni er gert ráð fyrir því að börnin séu eldri en sjö ára. Það er hins vegar greidd viðbót vegna barna yngra en sjö ára í núverandi barnabótakerfi sem er 5.099 krónur á mánuð fyrir hvert barn.

Nefndin telur rétt að lífeyrisþegum verði bætt upp þessi lækkun, en á annan hátt en í formi sérstakra barnagreiðslna. Nefndin telur afar mikilvægt að hverfa ekki frá því sjónarmiði að tryggja öllum barnafjölskyldum lágmarksframfærslu og að sá stuðningur verði veittur óháð stöðu foreldranna eða hvaðan tekjur þeirra eru fengnar.

### Mynd 3. Barnatengdar greiðslur einstæðra öryrkja í núverandi kerfi og með barnatryggingar.


Einstaklingur með fullan örorkulífeyri er með 155.000 krónur í ráðstöfunartekjur (180.000 krónur fyrir skatt).



Á mynd 4 eru barnatengdar greiðslur einstæðra foreldra á fullum atvinnuleysisbótum annars vegar miðað við núverandi kerfi og hins vegar miðað við barnatryggingakerfið. Þar má sjá að foreldrar græða talsvert ef breytt yrði yfir í barnatryggingar. Hér er einnig miðað við að öll börn séu eldri en sjö ára.

**Mynd 4. Barnatengdar greiðslur einstæðra foreldra á atvinnuleysisbótum í núverandi kerfi og með barnatryggingar.**

Einstaklingur með fullar atvinnuleysisbætur er með 136.000 krónur í ráðstöfunartekjur (150.000 krónur fyrir skatt).




Breytingar á barnabótakerfinu myndu fela í sér að lægstu tekjuhóparnir myndu fá hærri greiðslur vegna framfærslu barna þar sem þeim yrði tryggð lágmarksframfærsla. Engin fjölskylda myndi því fara niður fyrir það sem skilgreint er sem lágtekjumörk.

### 3.7.3 Hjón og sambúðarfolk

Í þessum hluta verður annars vegar fjallað um hið nýja barnatryggingakerfi og hins vegar um áhrif breytinganna á ráðstöfunartekjur foreldra. Á mynd 5 má sjá fjárhæð barnatrygginga hjá hjónum fyrir eitt, tvö, þrjú og fjögur börn eftir sameiginlegum ráðstöfunartekjum hjóna.

**Mynd 5. Barnatrygging hjá hjónum eftir tekjum og fjölda barna.**



Í töflu 7 má sjá breytingar á barnatengdum greiðslum hjá hjónum við upptöku barnatrygginga, annars vegar miðað við núverandi kerfi barnabóta (nefnt fyrir í töflunni) og hins vegar miðað við barnatryggingar (nefnt eftir í töflunni). Í töflunni er gert ráð fyrir því að öll börn séu eldri en sjö ára en þau hafa í núverandi kerfi viðbót upp á 5.099 krónur á mánuði fyrir hvert barn.

Í töflunni má sjá að í barnatryggingakerfinu falla greiðslur niður við mun lægri tekjumörk en í barnabótakerfinu, enda er það ætlunarverk barnatrygginga að tryggja kjör tekjulægstu fjölskyldna.

**Tafla 7. Barnatengdar greiðslur hjóna eftir sameiginlegar ráðstöfunartekjur bæði í núverandi kerfi og með barnatryggingar.**

Sameiginlegar ráðstöfunartekjur (tekjur f. skatt innan sviga)	Eitt barn		Tvö börn		Þrjú börn		Fjögur börn	
	Eftir	Fyrir	Eftir	Fyrir	Eftir	Fyrir	Eftir	Fyrir
200.000 (200.000)	40,140	12,694	80,280	27,805	120,420	42,915	160,560	58,025
250.000 (263.678)	30,280	12,694	67,955	27,805	105,630	42,915	145,770	58,025
300.000 (343.296)	20,280	12,103	55,455	26,326	90,630	40,845	130,770	55,955
350.000 (422.914)	10,280	10,574	42,955	22,505	75,630	35,495	115,770	50,605
400.000 (502.532)	280	9,046	30,455	18,683	60,630	30,145	100,770	45,255
450.000 (582.150)	0	7,517	17,955	14,861	45,630	24,794	85,770	39,905
500.000 (661.768)	0	5,988	5,455	11,040	30,630	19,444	70,770	34,554
550.000 (710.385)	0	4,460	0	7,218	15,630	14,094	55,770	29,204
600.000 (821.003)	0	2,931	0	3,396	630	8,743	40,770	23,854
650.000 (900.621)	0	1,402	0	0	0	3,393	25,770	18,503
700.000 (980.239)	0	0	0	0	0	0	10,770	13,153
750.000 (1.059.857)	0	0	0	0	0	0	0	7,803

Tafla 8 sýnir mismun á barnatryggingum og núverandi kerfi barnagreiðslna hjá hjónum eftir barnafjölda. Í töflunni má einnig sjá hversu margar fjölskyldur eru u.þ.b. í hverju tekjubili. Í töflunni eru sýnd bæði tekjur fyrir og eftir skatt en það er gert ráð fyrir að allar tekjur séu launatekjur og skattlagðar samkvæmt því. Jákvæð gildi þýða hækkun á greiðslu fyrir hjón ef skipt yrði yfir í barnatryggingakerfið. Þar má sjá að lægstu tekjuhóparnir myndu hagnast á því að breyta kerfinu á meðan tekjuhærri hópar myndu fá lægri greiðslur.


**Tafla 8. Mismunur á barnatryggingum og núverandi kerfi barnagreiðslna.**

Sameiginlegar ráðstöfunar-tekjur (tekjur f. skatt innan sviga)	Eitt barn		Tvö börn		Þrjú börn		Fjögur börn	
	Mis-munur	Fjöldi barna	Mis-munur	Fjöldi barna	Mis-munur	Fjöldi barna	Mis-munur	Fjöldi barna
200.000 (200.000)	27,446	859	52,476	457	77,505	218	102,535	36
250.000 (263.678)	17,586	1,054	40,151	747	62,715	295	87,745	87
300.000 (343.296)	<b>8,177</b>	1,791	29,129	1,421	49,785	649	74,815	133
350.000 (422.914)	-294	2,426	20,450	2,278	40,135	912	65,165	161
400.000 (502.532)	-8,766	2,273	11,772	2,399	30,485	1,031	55,515	156
450.000 (582.150)	-7,517	1,821	<b>3,094</b>	2,018	20,836	798	45,865	126
500.000 (661.768)	-5,988	1,201	-5,585	1,284	11,186	577	36,216	86
550.000 (710.385)	-4,460	751	-7,218	867	<b>1,536</b>	346	26,566	40
600.000 (821.003)	-2,931	0	-3,396	0	-8,113	0	16,916	0
650.000 (900.621)	-1,402	0	0	0	-3,393	0	<b>7,267</b>	0
700.000 (980.239)	0	0	0	0	0	0	-2,383	0
750.000 (1.059.857)	0	0	0	0	0	0	-7,803	0

Mynd 6 sýnir barnatengdar greiðslur hjá hjónum þar sem annað þeirra er örorkulífeyrisþegi og hitt með lágar tekjur, greint eftir barnafjölda, annars vegar miðað við núverandi kerfi barnabóta og örorkulífeyris og hins vegar miðað við barnatryggingar. Þar má sjá að barnatengdar greiðslur eru aðeins hærrí núverandi kerfi. Ástæðan fyrir því er að barnalífeyrir upp á 22.000 krónur fellur niður. Tekið skal fram að á myndinni er gert ráð fyrir því að börnin séu eldri en sjö ára. Það er hins vegar greidd viðbót vegna barna yngra en sjö ára í núverandi barnabótakerfi sem er 5.099 krónur á mánuð fyrir hvert barn.

### Mynd 6. Barnatengdar greiðslur hjóna, annað er örorkulífeyrisþegi og vinnandi.


Hjónin eru með 323.000 krónur á mánuði í ráðstöfunartekjur (örorkulífeyrir er 180.000 krónur fyrir skatt og makinn er með 200.000 krónur fyrir skatt).



Á mynd 7 eru barnatengdar greiðslur hjóna sem bæði eru með óskertar grunnatvinnuleysisbætur, annars vegar miðað við núverandi kerfi og hins vegar miðað við barnatryggingakerfið. Þar má sjá að foreldrar græða talsvert ef breytt yrði yfir í barnatryggingar. Hér er einnig miðað við að öll börn séu eldri en sjö ára.

**Mynd 7. Barnatengdar greiðslur hjóna þar sem báðir aðilar fá atvinnuleysisbætur í núverandi kerfi og með barnatryggingar.**


Hjónin fá óskertar grunnatvinnuleysisbætur, samtals 280.000 krónur í ráðstöfunartekjur (300.000 krónur fyrir skatt).



Mynd 8 sýnir barnatengdar greiðslur, annars vegar miðað við núverandi kerfi og hins vegar miðað við barnatryggingakerfið þegar annar aðilinn er með óskertar grunnatvinnuleysisbætur og hinn með meðallaun á almennum vinnumarkaði.

**Mynd 8. Barnatengdar greiðslur hjóna þar sem einn aðili fær atvinnuleysisbætur og hinn meðallaun í núverandi kerfi og með barnatryggingar.**

Ráðstöfunartekjur hjónanna eru 396.000 krónur á mánuði (496.000 krónur fyrir skatt).



Breytingar á barnabótakerfinu myndu fela í sér að lægstu tekjuhópar hjóna myndu fá hærri greiðslur vegna framfærslu barna þar sem þeim yrði tryggð lágmarksframfærsla. Engin fjölskylda myndi því fara niður fyrir það sem hér hefur verið skilgreint sem lágtekjumörk.



### **3.8 Ábendingar um skiptingu aðstoðar við rúma umgengi**

Tímabært er orðið að við stuðning stjórnvalda til barnafjölskyldna sé tekið mið af þeirri staðreynd að talsvert er um það að barn eigi lögheimili hjá öðru foreldri en umgangist hitt foreldrið mikið og búi þar í raun að hluta til eða til jafns á við hitt heimilið. Hafa þarf þennan veruleika í huga þegar greiddar eru bætur til foreldra vegna barna.

*Umönnunarbætur almannatrygginga* vegna veikra eða fatlaðra barna eru í dag greiddar á eitt heimili. Við framangreindar aðstæður þyrfti að taka til athugunar að skipta greiðslunum á bæði heimilin eða veita báðum heimilum umbeðna aðstoð. Eins á þetta við um hjálpartæki sem ekki eru færanleg milli heimila.

Markmið *húsaleigubóta* er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda. Við útreikning á húsaleigubótum er tekið mið af leigufjárhæð, tekjum, eignum og framfærslu barna. Grunnfjárhæð á hverja íbúð er 13.500 krónur. Viðbót vegna barna sem eru með lögheimili í íbúðinni er 14.000 krónur vegna fyrsta barns, 8.500 krónur vegna annars barns og 5.500 krónur vegna þriðja barns. Húsaleigubætur geta mest orðið 46.000 krónur á mánuði en þó aldrei hærri en 50% af leigufjárhæð. Þegar svo háttar til að barn á lögheimili hjá öðru foreldri en umgangst hitt foreldri mikið, og báðir foreldrar eiga rétt á húsaleigubótum, telur nefndin rétt að íhugaðir verði eftirfarandi þrjár möguleikar:

- Húsaleigubótum verði skipt jafnt á bæði heimilin.
- Greiddar verði tvöfaldar húsaleigubætur, einar á hvort heimili.
- Farin verði sú millileið að hvort heimili um sig fái rúmlega helming húsaleigubóta.

## **FYLGISKJAL I: Rannsókn Hagstofu Íslands**

### **Hagstofa Íslands**

14. nóvember 2008

# **Tekjur og efnahagur barnafjölskyldna árið 2007**

## **Rannsókn á ráðstöfunartekjum, eignum og skuldum eftir sambúðarstöðu foreldra og því hvar börn þeirra búa**

Skýrsla unnin fyrir

Nefnd um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra (og foreldra með sameiginlega forsjá) og réttarstöðu barna þeirra

Vinnsluaðilar:

Magnús S. Magnússon

Ólöf Garðarsdóttir

Guðjón Hauksson

Helga Katrín Tryggvadóttir

Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir

Stefán Þór Jansen

# Efnisyfirlit

## Markmið

## Inngangur

### I. Sambúðarstaða foreldra

### II. Tekjur, eignir og skuldir eftir sambúðarstöðu foreldra

#### Töflur í aðalhluta skýrslu

- Tafla 1.1. Sambúðarstaða feðra og mæðra með börn 18 ára og yngri 1. janúar 2008.
- Tafla 1.2. Einstæðir foreldrar eftir því hvort eigin börn 18 ára og yngri hafa lögheimili hjá þeim
- Tafla 1.3. Foreldrar í sambúð (eða giftir) eftir því hvort eigin börn eiga lögheimili hjá þeim eða ekki.
- Tafla 1.4. Foreldrar í sambúð (eða giftir) eftir því hvort eigin börn eða stjúpbörn eiga lögheimili hjá þeim.
- Tafla 1.5. Meðalfjöldi barna 18 ára og yngri eftir sambúðarstöðu foreldra
- Tafla 2.1. Fjöldi fullorðinna einstaklinga, í tekjurannsókn miðað við upphaflegan hóp foreldra.
- Tafla 2.2. Tekju- og eignaupplýsingar. Nokkrar skilgreiningar.
- Tafla 2.3. Barnafjölskyldur 1. janúar 2008 í tekju- og eignahluta rannsóknar.
- Tafla 2.4. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu tekjuárið 2007. Samanburður aðferða I–III.
- Tafla 2.5. Röðun foreldra í tekjuhópa (tekjufimmtunga) eftir sambúðarstöðu. Samanburður aðferða I–III. Tekjuár: 2007
- Tafla 2.6. Skuldir og eignir eftir sambúðarstöðu foreldra í árslok 2007

#### Skýringarmyndir í aðalhluta skýrslu

- Mynd 2.1. Ráðstöfunartekjur heimila á neyslueiningu (miðgildi) samkvæmt aðferð I og II.
- Mynd 2.2. Röðun foreldrahópa í tekjufimmtunga samkvæmt aðferð I.
- Mynd 2.3. Röðun foreldrahópa í tekjufimmtunga samkvæmt aðferð II.
- Mynd 2.4. Fjöldi foreldra og barna í neðsta tekjufimmtungi.
- Mynd 2.5. Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu eftir sambúðarstöðu og aldri foreldra.
- Mynd 2.6. Hlutfall foreldra undir þrítugu sem lenda í tveimur neðstu tekjufimmtungunum.
- Mynd 2.7. Íbúðarlánaskuldir sem hlutfall af eign, %
- Mynd 2.8. Aðrar skuldir í hlutfalli af heildarskuldum, %
- Mynd 2.9. Heildarskuldir í hlutfalli af eign, %
- Mynd 2.10. Eignir umfram skuldir í hlutfalli af eign, %

#### Töflur í viðauka

- Viðaukatafla 1. Barnafjölskyldur eftir aldri foreldra 1. janúar 2008.
- Viðaukatafla 2. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu með samanburði aðferða I–II. Röðun foreldra í tekjuhópa (tekjufimmtunga) eftir sambúðarstöðu, aldri og því hvort börn búa á heimili viðkomandi. Tekjuár: 2007.
- Viðaukatafla 3. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eftir sambúðarstöðu, aldri og því hvort börn búa á heimili viðkomandi. Röðun tekna. Tekjuárið 2007.
- Viðaukatafla 4. Skuldir og eignir eftir sambúðarstöðu og aldri foreldra í árslok 2007.
- Viðaukatafla 5. Röðun foreldra og barna í tekjuhópa (tekjufimmtunga) eftir sambúðarstöðu foreldra og fjölda barna á heimili og utan þess. Tekjuár: 2007.

## Markmið

Að beiðni nefndar um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra (og foreldra með sameiginlega forsjá) og réttarstöðu barna þeirra, sem félagsmálaráðherra skipaði 9. nóvember 2007, hefur Hagstofa Íslands tekið saman meðfylgjandi skýrslu. Markmiðið var að kanna fjölda foreldra eftir sambúðarstöðu þeirra, aldri og því hvort börn búa hjá þeim eða ekki. Jafnframt var Hagstofan beðin að kanna möguleika þess að afla upplýsinga um hagi foreldra í því skyni að varpa ljósi á mismunandi fjárhagsstöðu foreldra, eftir því hvort þeir voru í sambúð eða einstæðir og því hvort börn þeirra bjuggu á heimili þeirra eða ekki. Einnig var þess óskað þess að kannað væri samhengið milli aldurs foreldra og ráðstöfunartekna þeirra auk eigna og skulda heimilanna eftir sambúðarstöðu foreldra. Skýrsla þessi tekur mið af stöðu foreldra barna, 18 ára og yngri, 1. janúar 2008 og skiptist í aðalatriðum í tvo hluta: Í fyrri hlutanum er fjallað um hina ýmsu foreldrahópa eftir sambúðarstöðu þeirra og því hvort börn þeirra eiga lögheimili hjá þeim eða annars staðar. Í síðari hlutanum eru foreldrahóparnir kannaðir út frá fjárhagslegum atriðum, einkum ráðstöfunartekjum tekjuárið 2007 auk eigna og skulda í árslok 2007.

## Inngangur

### Um forsjá og forsjárfyrirkomulag

Ekki er tekið tillit til forsjárfyrirkomulags í þessari úttekt. Börn eru þannig talin eiga heimili þar sem lögheimili þeirra er skráð. Eins og fram hefur komið í útgáfum Hagstofunnar á undanförunum misserum er sameiginleg forsjá nú regla fremur en undantekning við skilnað og sambúðarslit. Samkvæmt bráðbirgðatölum Hagstofunnar fyrir árið 2007 fóru 83,2% foreldra sameiginlega með forsjá barns eftir skilnað og sambúðarslit. Gera má ráð fyrir að þar sem foreldrar fara með sameiginlega forsjá hafi börn oft á tíðum í reynd tvö heimili. Hér er rétt að taka fram að þótt forsjáin sé sameiginleg heyrir til undantekninga að börn hafi lögheimili hjá föður við skilnað eða sambúðarslit. Árið 2007 var lögheimili barnsins eftir skilnað eða sambúðarslit í 91,9% tilvika hjá móður þess.

### Heimildir rannsóknarinnar og uppbygging gagnagrunns

Neðangreindar niðurstöður byggja í aðalatriðum á þremur meginstöðum upplýsinga: Í fyrsta lagi á upplýsingum skattframtala um tekjur, eignir og skuldir; í öðru lagi á árlegum upplýsingum úr þjóðskrá, og í þriðja lagi hvílir rannsóknin á viðamikilli uppbyggingu Hagstofunnar á gagnagrunni um fjölskyldur, foreldra og börn þeirra undanfarna áratugi.

Gagnagrunnurinn, sem fyrri hluti þessarar skýrslu byggir á, geymir upplýsingar um 44.604 feður og 46.586 mæður. Þar eru upplýsingar um fjölda barna sem einstaklingar eignuðust á árabílinu 1989–2007 og um þau börn (eigin börn og stjúp börn) sem hafa lögheimili hjá viðkomandi 1. janúar 2008. Rétt er að hafa í huga að ekki eru til upplýsingar um barneignir hafi barnið ekki verið skráð í íbúaskrá þjóðskrár (sem yfirleitt merkir að það hafi aldrei flutt til Íslands).

Í fyrsta hluta þessarar samantektar er gerð grein fyrir sambúðarstöðu foreldra. Upplýsingarnar eru greindar eftir kyni og því hvort eigin börn og/eða stjúpbörn hafi lögheimili hjá viðkomandi. Í seinni hluta samantektarinnar er gerð grein fyrir tekjum, eignum og skuldum þessara hópa og upplýsingar greindar eftir aldri foreldranna. Þó ber að hafa í huga að þar sem ekki voru tiltækar fullnægjandi upplýsingar á skattframtali varðandi 7% foreldranna eru færri einstaklingar á bak við rannsóknina í tekjuhlutanum. Nánari grein er gerð fyrir þessu brottfalli aftar í skýrslunni.

## I. Sambúðarstaða foreldra

Tafla 1.1. sýnir skiptingu 44.604 feðra og 46.586 mæðra, sem eignuðust börn árin 1989–2007, eftir sambúðarstöðu 1. janúar 2008. Óvígð sambúð og hjónaband eru hér lögð að jöfnu og kallað sambúð. Feður í sambúð (ýmist með barnsmóður eða öðrum einstaklingi) voru 34.738 sem samsvarar til 77,9% allra feðra. Mæður í sambúð voru 34.802 eða 74,7% allra mæðra. Einstæðar mæður eru talsvert stærri hópur en einstæðir feður. Einstæðar mæður voru 11.504 (24,7% mæðra alls) en einstæðir feður 9.624 (21,6% feðra alls). Upplýsingar vantar um sambúðarstöðu 522 foreldra (242 feður og 280 mæður) og er þeim sleppt í athugininni hér á eftir.

**Tafla 1.1. Sambúðarstaða feðra og mæðra með börn 18 ára og yngri (fædd árin 1989–2007) 1. janúar 2008.**

	Alls	Í sambúð	Einstæðir foreldrar	Óupplýst
Feður	<b>44.604</b>	34.738	9.624	242
Mæður	<b>46.586</b>	34.802	11.504	280
<b>Hlutföll, %</b>				
Feður	<b>100,0</b>	77,9	21,6	0,5
Mæður	<b>100,0</b>	74,7	24,7	0,6

Sé hópur einstæðra foreldra skoðaður sérstaklega kemur í ljós að mun algengara er að öll börn móður búi hjá henni en að börn föður búi hjá honum (tafla 1.2). Þar kemur fram að 10.433 einstæðar mæður (90,7%) hafa öll eigin börn skráð á heimili þeirra. Hið sama á við um einungis 1.138 einstæða feður (11,8%). 4,9% einstæðra mæðra hafa hluta barna sinna á heimili en 6,3% einstæðra feðra. Í sömu töflu kemur einnig skýrt fram að flestir einstæðu feðranna hafa ekkert eigið barn á heimili. Fjöldi feðra í slíkri stöðu var 7.883 (81,9% af einstæðum feðrum). Fjöldi þeirra einstæðu mæðra sem ekkert eigið barn hafði á heimilinu var 503 eða 4,4% af heild (tafla 1.2).

**Tafla 1.2. Einstæðir foreldrar eftir því hvort eigin börn 18 ára og yngri hafa lögheimili hjá þeim**

	Einstæðir foreldrar alls	Öll eigin börn á heimili	Einhver eigin börn á heimili	Ekkert eigið barn á heimili
Feður	<b>9.624</b>	1.138	603	7.883
Mæður	<b>11.504</b>	10.433	568	503
<b>Hlutföll, %</b>				
Feður	<b>100,0</b>	11,8	6,3	81,9
Mæður	<b>100,0</b>	90,7	4,9	4,4

Sambúðarfólk var einnig skoðað eftir því hvort eigin börn bjuggu hjá þeim eða ekki (tafla 1.3) Þar kemur í ljós að langalgengast er að mæður sem eru í sambúð (með barnsföður eða öðrum) hafi öll eigin börn hjá sér (98,6%). Taflan sýnir einnig að af þeim feðrum sem eru í sambúð hafa 88,7% öll eigin börn hjá sér. Þar að auki hafa 2.656 feður í sambúð (7,6%) hluta barna sinna á lögheimili sínu og 1.272 feður í sambúð (3,7%) eiga ekkert eigið barn á heimili. Mæður sem eru í sambúð og hafa annað hvort ekkert eigið barn eða hluta barna sinna á eigin heimili eru hins vegar örfá hundruð (1,4%).

**Tafla 1.3. Foreldrar í sambúð eftir því hvort eigin börn (18 ára og yngri) eiga lögheimili hjá þeim eða ekki.**

	Í sambúð alls	Öll eigin börn á heimili	Einhver eigin börn (en ekki öll eigin börn) á heimili	Ekkert eigið barn á heimili
Feður	<b>34.738</b>	30.810	2.656	1.272
Mæður	<b>34.802</b>	34.324	337	141
<b>Hlutföll, %</b>				
Feður	<b>100,0</b>	88,7	7,6	3,7
Mæður	<b>100,0</b>	98,6	1,0	0,4

Tafla 1.4 sýnir að langflest sambúðarfólk býr einungis með eigin börnum. Hjá feðrum í sambúð er þetta hlutfall 87,7% en hjá mæðrum er hlutfallið 98,4%. Einungis 1,2% mæðra í sambúð búa með stjúpbörnum og 9,8% feðra. Karlar í sambúð sem eiga börn 18 ára og yngri og búa á barnlausu heimili eru 863 (2,5%). Hið sama á við um 138 mæður (0,4%).

**Tafla 1.4. Foreldrar í sambúð eftir því hvort eigin börn eða stjúpbörn 18 ára og yngri eiga lögheimili hjá þeim.**

	Í sambúð alls	Einungis eigin börn á heimili	Eigin börn og stjúpbörn á heimili	Einungis stjúpbörn á heimili	Engin börn á heimili
Feður	<b>34.738</b>	30.482	2.984	409	863
Mæður	<b>34.802</b>	34.255	406	3	138
<b>Hlutföll, %</b>					
Feður	<b>100,0</b>	87,7	8,6	1,2	2,5
Mæður	<b>100,0</b>	98,4	1,2	0,0	0,4

Tafla 1.5 sýnir meðalbarnaeign ólíkra hópa sem og meðalfjölda barna sem hafa lögheimili hjá viðkomandi og meðalfjölda þeirra barna sem búa annars staðar. Taflan sýnir að fólk í sambúð á að meðaltali fleiri börn en hinir sem eru einstæðir. Meðalfjöldi barna sem konur í sambúð eiga er 1,86, og 1,82 hjá körlum (tafla 1.5). Þá er það algengara að börn karla búi ekki á heimili þeirra. Mæður sem ekki eru í sambúð eiga að meðaltali 1,57 börn og eru 1,47 með lögheimili á þeirra heimili. Feður sem ekki eru í sambúð eiga 1,58 börn en einungis 0,23 eru með lögheimili á þeirra heimili.

**Tafla 1.5. Meðalfjöldi barna 18 ára og yngri (fædd 1989–2007) eftir sambúðarstöðu foreldra**

	Fjöldi barna		
	Barnaeign alls	Þar af börn á heimili	Þar af börn utan heimilis
<b>Einstæðar mæður</b>			
Alls	<b>1,57</b>	1,47	0,10
Með börn á heimili	<b>1,58</b>	1,53	0,05
án barna á heimili	<b>1,31</b>	•	1,31
<b>Einstæðir feður</b>			
alls	<b>1,58</b>	0,23	1,35
með börn á heimili	<b>1,78</b>	1,29	0,49
án barna á heimili	<b>1,54</b>	•	1,54
<b>Fólk í sambúð</b>			
alls	<b>1,84</b>	1,78	0,06
konur	<b>1,86</b>	1,85	0,01
karlar	<b>1,82</b>	1,71	0,11

## **II. Tekjur, eignir og skuldir eftir sambúðarstöðu foreldra**

Í þessum hluta skýrslunnar eru bornar saman ráðstöfunartekjur, eignir og skuldir ólíkra foreldrahópa. Einstaklingum er skipt í fimm hópa: (1) sambúðarfólk, (2) einstæðar mæður með börn á heimili, (3) einstæðar mæður án barna á heimili, (4) einstæða feður með börn á heimili og (5) einstæða feður án barna á heimili. Þá er öllum þessum hópum skipt í þrjá aldurshópa: (i) foreldra undir þrítugu, (ii) foreldra á aldrinum 30–39 ára, og (iii) foreldra 40 ára og eldri.

Athugun á skattagögnum leiddi í ljós að nauðsynlegt reyndist að sleppa allnokkrum einstaklingum úr rannsókninni. Við samkeyrslu gagna bættust reyndar nokkrir einstaklingar við sambúðarfólkið, þ.e.a.s þeir sambúðaraðilar sem sjálfir eiga ekki börn. Eftirfarandi ástæður liggja að baki því að einstaklingum var sleppt úr rannsókninni: 1) Einstaklingur skilaði ekki skattskýrslu og upplýsingar um tekjur liggja því ekki fyrir. 2) Einstaklingur bjó í útlöndum 1. janúar 2007 og hafði þar af leiðandi ekki tekjur hér á landi allt skattaárið 2007. 3) Maki bjó í útlöndum 1. janúar 2008.

Tafla 2.1 sýnir upphaflegan fjölda foreldra samkvæmt fyrri hluta þessarar skýrslu til samanburðar við þá sem eru með í síðari hlutanum varðandi fjárhagslegu þættina.



**Tafla 2.1. Fjöldi fullorðinna einstaklinga í tekjurannsókn miðað við upphaflegan hóp foreldra.**

	Upphaflegur fjöldi foreldra í þýði	Fjöldi í tekjuathugun	Í tekjuathugun sem hlutfall af upphaflegum fjölda, %
<b>Fjöldi</b>			
<b>Alls í rannsókn</b>	<b>90.668</b>	<b>84.495</b>	<b>93,2</b>
Sambúðarfólk alls	69.540	66.220	95,2
Karlur	34.738	33.110	95,3
Konur	34.802	33.110	95,1
Einstæðar mæður með börn	11.001	10.151	92,3
Einstæðar mæður án barna	503	414	82,3
Einstæðir feður með börn	1.741	1.402	80,5
Einstæðir feður án barna	7.883	6.308	80,0
<b>Hlutfallsleg skipting, %</b>			
<b>Alls í rannsókn</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	•
Sambúðarfólk alls	76,7	78,4	•
karlar	38,3	39,2	•
konur	38,4	39,2	•
Einstæðar mæður með börn	12,1	12,0	•
Einstæðar mæður án barna	0,6	0,5	•
Einstæðir feður með börn	1,9	1,7	•
Einstæðir feður án barna	8,7	7,5	•

Við úrvinnslu skýrslunnar á tekjum, eignum og skuldum foreldra voru skattframtöl einstaklinga tekjuárið 2007 lögð til grundvallar. Úrvinnsla upplýsinga um eignir og skuldir var tiltölulega einföld í framkvæmd. Aftur á móti stóð Hagstofan frammi fyrir álitafnum varðandi upplýsingar um tekjur einstaklinga. Til að geta borið saman fjárhagslega afkomu mismunandi hópa foreldra þarf auk launa og lífeyrisgreiðsla að taka tillit til millifærslna og bótagreiðslna hins opinbera og almannatryggingakerfisins.

### Hugtakið ráðstöfunartekjur

Í þessari rannsókn á tekjum foreldra hefur að mestu verið notast við sambærilega tekjuskilgreiningu og notast er við í Evrópsku lífshjararannsókninni (EU-SILC, European Survey on Income and Living Conditions), sem Hagstofa Íslands tekur virkan þátt í. Til að reikna út ráðstöfunartekjur eru lagðar saman launatekjur, lífeyris- og bótagreiðslur og hlunnindi foreldra og barna undir lögaldri, ennfremur fjáreignatekjur (þó ekki hagnaður af söluandvirði hlutabréfa) og aðrar tekjur ef einhverjar eru. Frá þessum tekjum dragast svo greiddir skattar og greitt meðlag, en þar sem upplýsingar um það koma ekki fram á skattframtölum hefur það verið áætlað í þessari rannsókn. Gert er ráð fyrir að sá

framteljandi sem á barn sem ekki býr á hans lögheimili, greiði einfalt meðlag að fjárhæð 18.284 krónur á mánuði árið 2007.

Vegna rannsóknarinnar á tekjum mismunandi foreldrahópa hafa grunngögnin í vinnslu Hagstofunnar verið aðlöguð þörfum verkefnisins. Hjá þeim foreldrum sem eru í sambúð eru tekjur einstaklings helmingur samanlagðra tekna beggja. Rannsókn þessi fyrir foreldranefndina vikur í tveimur atriðum frá Evrópsku lífshagráðuneytinu hvað meðferð tekna varðar: 1) Tekjur barna á heimilinu eru ekki meðtaldar. 2) Gert er ráð fyrir að allir skattar séu greiddir á tekjuárinu en ekki að hluti þeirra geti verið eftirgreiddir.

Tafla 2.2. dregur saman í eina töflu upplýsingar um tekjur, eignir og skuldir sem notaðar eru í rannsókninni og hvar í skattagrunni RSK má finna grunngögnin.

### Tafla 2.2. Tekju- og eignaupplýsingar. Nokkrar skilgreiningar.

Ráðstöfunartekjur	Allar tekjur og bótagreiðslur að frádregnum kostnaði, fjáreignatekjur (þó ekki söluhagnaður af andvirði hlutabréfa) að frádregnum sköttum og að viðbættum barnabótum og vaxtabótum
Skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun	Að stærstum hluta móttakið meðlag
Eignir	Eignir alls. Hafa þarf í huga að hlutabréf eru talin fram á nafnvirði
Skuldir vegna íbúðarkaupa	Reitur 45 á framtali
Aðrar skuldir	Reitir 165 og 168 á framtali
Meðlagsgreiðslur til foreldris sem barn býr hjá	Meðlag sem foreldri greiðir til hins foreldrisins. Kemur ekki fram á framtali, en gengið út frá því að foreldri sem barn býr ekki hjá greiði einfalt meðlag

### Hugtakið neyslueining

Vegna þess að heimili eru misstór og ólík í samsetningu geta skapast vandamál þegar afkoma þeirra er borin saman. Ein aðferð til að leysa þetta er að búa til vogir sem taka tillit til mismunandi samsetningar heimilanna. Útgjöld heimila þurfa ekki að aukast í réttu hlutfalli við fjölda heimilismanna. Ef tekið er dæmi má nefna þá viðteknu skoðun að útgjöld vegna barna – einkum þeirra yngri – eru talin nema lægri fjárhæðum en útgjöld vegna fullorðinna. Þá er ekki síður nauðsynlegt að taka tillit til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Útgangspunkturinn er því sá að einstaklingar á heimili stofna til misjafnlega mikilla útgjalda af ráðstöfunartekjum þess. Með því að umreikna stærð heimilis í neyslueiningar

er tekið tillit til þess að stór heimili eru að öllu jöfnu hagkvæmari í rekstri en lítil og að útgjöld vegna barna eru talin vera minni en útgjöld vegna fullorðinna.

Neyslueining er reiknuð sem stuðull fyrir sérhvert heimili í rannsókninni á þann veg að fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimili er gefinn stuðullinn 1, maka stuðullinn 0,5 og hverju barni stuðullinn 0,3. Heimili sem samanstendur af sambúðarfólki og þremur börnum reiknast sem 2,4 neyslueiningar ( $1+0,5+0,3+0,3+0,3=2,4$ ) en heimili einstæðrar móður með eitt barn telst með sömu aðferð vera 1,3 neyslueiningar ( $1+0,3=1,3$ ). Þessi nálgun er í stórum dráttum hin sama og notuð er hjá Eurostat (hagstofu Evrópusambandsins). Hún vísar þó frá viðmiðunum Eurostat að því leyti að börn foreldra á heimili, 18 ára og eldri, eru ekki með í þessari athugun. Þá hefur Hagstofan í þessari rannsókn gefið öllum börnum stuðulinn 0,3 óháð aldri þeirra. Hjá Eurostat er gengið út frá því að börn yngri en 14 ára fái stuðulinn 0,3 en börn 14 ára og eldri stuðulinn 0,5.

### Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (equivalised disposable income) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur deilt með neyslueiningunni sem reiknast fyrir tiltekið heimili. Ef vikið er að ráðstöfunartekjum þeirra tveggja heimila sem að ofan er getið og hvernig þær skiptast á heimilisfólki má segja að heimili með hjón og þrjú börn sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi 208 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu ( $500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3 + 0,3) = 500 / 2,4 = 208$ ). Heimili einstæðrar móður með eitt barn og 250 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur hefði samkvæmt sömu reikniformúlu 192 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu ( $(250 / (1 + 0,3)) = 250 / 1,3 = 192$ ). Með þessu móti er mögulegt að bera saman afkomu milli ólíkra heimilistegunda. Hér eftir verður þessi aðferð kölluð Aðferð I.

Hagstofan var beðin um að kanna fleiri kosti við að reikna út ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en þá sem lýst er hér að ofan (Aðferð I). Ókostur Aðferðar I er sá að ekki tekið tillit til forsjáfyriřkomulags við skilgreiningu hópanna. Flokkurinn „einstætt foreldri án barna á heimili“ samanstendur þannig af forsjárlausum foreldrum og foreldrum sem hafa valið sameiginlega forsja en þar sem barnið hefur lögheimili hjá hinu foreldrinu. Einstæðir foreldrar sem valið hafa sameiginlega forsja og þar sem barnið hefur lögheimili hjá hinum aðilanum teljast því að öllu jöfnu hafa hærri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en hinir foreldrarnir sem hafa börnin hjá sér. Því er í seinni nálguninni (Aðferð II) gengið út frá því að allir foreldrar beri jafnan kostnað af framfærslu barna óháð því hvort börnin hafa lögheimili hjá viðkomandi eða ekki. Út frá þessum rökum eru börn samkvæmt aðferð II ekki höfð með við útreikninga á ráðstöfunartekjum á neyslueiningu. Áfram er þó gert ráð fyrir þeirri hagkvæmni sem felst í því að tveir fullorðnir búi saman. Stuðullinn 1,5 ( $1+0,5$ ) er því notaður til að reikna ráðstöfunartekjur sambúðarfólks.

Aðferð III. Þá kannaði Hagstofa kosti þess að beita aðferð II í breyttri útfærslu þar sem ekki er gert ráð fyrir stærðarhagkvæmni heimila. Hefur aðferðin (líkt og aðferð II) áhrif á ráðstöfunartekjur foreldra sem búa í sambúð. Stuðullinn fyrir fólk í sambúð samkvæmt aðferð III er því 2,0 ( $1,0+1,0$ ). Óhætt er að fullyrða að aðferð III megi telja lakasta kostinn til að bera saman hinar ólíku fjölskyldugerðir í rannsókninni. Hagstofan mælir því ekki með aðferð III við samanburðarathuganir á ráðstöfunartekjum heimila.

**Helstu niðurstöður varðandi ráðstöfunartekjur, eignir og skuldir**

Einstaklingar í afkomuhluta þessarar skýrslu eru 84.495 talsins (sjá töflu 2.1). Alls tilheyrðu 66.220 fullorðnir hópi sambúðarfólks sem jafnframt var langstærsti hópur fjölskyldufólks eða 78,4% fullorðinna einstaklinga. Einstæðar mæður með börn á heimili voru næst stærsti hópurinn, 12% af fullorðnum, og þriðji stærsti hópurinn var heimili einstæðra feðra án barna á heimili (7,5%). Ef miðað er við fjölda heimila sem tekjurannsóknin tók til var heildarfjöldi þeirra 51.385. Langflest heimilanna tilheyra sambúðarfólki eða 33.110 (64,4%). Næst koma heimili einstæðra mæðra sem búa með börnum sínum eða 10.151 (19,8%). Þriðji stærsti hópurinn eru feður án barna á heimili, alls 6.308 (12,3%) (tafla 2.3.).


**Tafla 2.3. Barnafjölskyldur 1. janúar 2008 í tekju- og eignahluta rannsóknar**

	Heimili alls	Fjöldi fullorðinna	Börn 18 ára og yngri	Fjöldi alls á heimili
<b>Allir foreldrahópar</b>	51.385	84.495	78.986	163.481
Hlutfall af heild, %	100,0	100,0	100,0	100,0
<b>Sambúðarfólk (giftir og í sambúð)</b>	33.110	66.220	61.664	127.884
Hlutfall af heild, %	64,4	78,4	78,1	78,2
<b>Einstæðar mæður með börn á heimili</b>	10.151	10.151	15.515	25.666
Hlutfall af heild, %	19,8	12,0	19,6	15,7
<b>Einstæðar mæður án barna á heimili</b>	414	414	•	414
Hlutfall af heild, %	0,8	0,5	•	0,3
<b>Einstæðir feður með börn á heimili</b>	1.402	1.402	1.807	3.209
Hlutfall af heild, %	2,7	1,7	2,3	2,0
<b>Einstæðir feður án barna á heimili</b>	6.308	6.308	•	6.308
Hlutfall af heild, %	12,3	7,5	•	3,9

Ef skoðaðar eru almennar niðurstöður um afkomu heimilanna greinir rannsóknin fyrst frá ráðstöfunartekjum heimilanna en síðar í skýrslunni verður greint frá eignum og skuldum. Hagstofan kannaði ráðstöfunartekjur á neyslueiningu með hliðsjón af aðferðum I–III til að meta áhrif mismunandi voga á innbyrðis hlutföll teknanna eftir sambúðarstöðu og fjölda

barna á heimili (tafla 2.4). Nokkrar töflur og myndrit í skýrslunni sýna niðurstöður ýmist sem meðalgildi eða miðgildi.<sup>15</sup>

Ef ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru skoðaðar fyrst út frá aðferð I eru meðaltekjur heildarinnar 3.616.131 krónur árið 2007 eða sem jafngildir 301 þúsund krónum á mánuði (tafla 2.4.) Foreldrahópunum í töflunni (sjá einnig mynd 2.1 sem notast við miðgildi) hefur verið raðað eftir tekjum og sést þá að sambúðarfólk hefur hæstar meðaltekjur árið 2007, 3.827.610 eða tæplega 319 þús. á einstakling á mánuði. Einstæðir foreldrar raðast neðar sbr. vísitölur sem sýna tekjur í samanburði við alla foreldrana í heild (=100). Þá sést að ráðstöfunartekjur á neyslueiningu hjá foreldrum í sambúð sýna vísitöluna 105,8; einstæðir feður án barna: 95,5, einstæðir feður með börn: 83,7 og einstæðar mæður með börn með vísitöluna 68,5. Einstæðar mæður án barna á heimili hafa tekjuvísitöluna 60,3 og leiða allar útreikningsaðferðir til þeirrar niðurstöðu að sá hópur sýnir lægstu ráðstöfunartekjurnar. Það bendir til þess að sá hópur um 400–500 mæðra búi við nokkra sérstöðu. Lök staða þessa hóps kemur enn betur í ljós í viðaukatöflu 2a og 2b.



Hagstofan reiknaði einnig ráðstöfunartekjur á neyslueiningu samkvæmt aðferð II sem þýðir að litið er framhjá börnum og að eingöngu er tekið tillit til fullorðinna á heimili og að sambúðarfólk njóti hagkvæmninnar af því að búa undir sama þaki (einstaklingur=1 og maki = 0,5). Niðurstaðan er sýnd í öðrum hluta töflu 2.4. Það sem breytist í töflunni er að

<sup>15</sup> Miðgildi er það gildi í gagnasafni sem er í miðju þess ef tölunum hefur verið raðað frá þeirri lægstu til þeirrar hæstu. Miðgildið er harðger mælikvarði á miðsækni talna í gagnasafni og er því ekki sérlega næmt fyrir einförum og skekkjum í dreifingu eins og meðalgildið. Þess vegna getur miðgildi stundum verið heppilegri kostur en meðalgildi, einkum við athuganir á tekjum og öðrum fjármálastærðum sem geta orðið afar háar. Miðgildið í tilteknu talnasafni getur því oft og tíðum lýst „dæmigerðu“ ástandi betur en meðalgildið. Upplýsingar sem byggja á miðgildi eru varasamar ef notandinn vill afstemma eða villuprófa tölur, og er þá öruggara að notast við meðalgildið. Miðgildið er stök tala í safni á meðan allar tölur safnsins hafa áhrif á meðalgildið.

einstæðir feður með börn færast ofar í tekjuröð og lenda í öðru sæti á eftir sambúðarfólki (sem heldur efsta sætinu). Niðurstaðan í þeim hluta töflunnar sýnir að öðru leyti að einstæðir foreldrar án barna, bæði mæður og feður, hafa lægstu ráðstöfunartekjurnar. Hafa ber í huga þá forsendu að börn hafa í þessum töfluhluta engin áhrif á ráðstöfunartekjur foreldra þeirra. Af því leiðir að ráðstöfunartekjur foreldra með börn á heimili eru verulega hærri í öðrum hluta töflunnar en í þeim fyrsta. Um þriðja hluta töflunnar (aðferð III) sem til álita kom við útreikning á ráðstöfunartekjum á neyslueiningu telur Hagstofan að sú útfærsla geti vart talist trúverðug í samanburði við aðferð I og aðferð II.

**Tafla 2.4 Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu tekjuárið 2007. Samanburður aðferða I–III.**

	Fullorðnir á heimili	Árstölur, kr.		Á mánuði, kr.		Vísitölur: Alls = 100	
		Miðgildi	Meðaltal	Miðgildi	Meðaltal	Miðgildi	Meðaltal
<b>Aðferð I</b>							
<b>Ráðstöfunartekjur þegar allir á heimili eru í útreikningi</b>							
<b>Einstaklingur=1, Maki=0,5, Barn 0,3</b>							
<b>Alls</b>	<b>84.495</b>	<b>2.990.182</b>	<b>3.616.131</b>	<b>249.182</b>	<b>301.344</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Sambúðarfólk	66.220	3.149.176	3.827.610	262.431	318.968	105,3	105,8
Einstæðir feður án barna	6.308	2.748.924	3.451.614	229.077	287.635	91,9	95,5
Einstæðir feður með börn	1.402	2.580.701	3.027.755	215.058	252.313	86,3	83,7
Einstæðar mæður með börn	10.151	2.317.333	2.478.557	193.111	206.546	77,5	68,5
Einstæðar mæður án barna	414	1.880.337	2.181.454	156.695	181.788	62,9	60,3
<b>Aðferð II</b>							
<b>Ráðstöfunartekjur þegar börn eru ekki í útreikningi</b>							
<b>Einstaklingur=1, Maki=0,5</b>							
<b>Alls</b>	<b>84.495</b>	<b>4.085.221</b>	<b>4.863.968</b>	<b>340.435</b>	<b>405.331</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Sambúðarfólk	66.220	4.323.636	5.221.579	360.303	435.132	105,8	107,4
Einstæðir feður með börn	1.402	3.549.990	4.219.072	295.832	351.589	86,9	86,7
Einstæðar mæður með börn	10.151	3.342.007	3.607.233	278.501	300.603	81,8	74,2
Einstæðir feður án barna	6.308	2.748.924	3.451.614	229.077	287.635	67,3	71,0
Einstæðar mæður án barna	414	1.880.337	2.181.454	156.695	181.788	46,0	44,8
<b>Aðferð III</b>							
<b>Ráðstöfunartekjur þegar börn eru ekki í útreikningi</b>							
<b>Einstaklingur=1, Maki=1</b>							
<b>Alls</b>	<b>84.495</b>	<b>3.225.197</b>	<b>3.840.911</b>	<b>268.766</b>	<b>320.076</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Einstæðir feður með börn	1.402	3.549.990	4.219.072	295.832	351.589	110,1	109,8
Sambúðarfólk	66.220	3.242.727	3.916.184	270.227	326.349	100,5	102,0
Einstæðar mæður með börn	10.151	3.342.007	3.607.233	278.501	300.603	103,6	93,9
Einstæðir feður án barna	6.308	2.748.924	3.451.614	229.077	287.635	85,2	89,9
Einstæðar mæður án barna	414	1.880.337	2.181.454	156.695	181.788	58,3	56,8

(Skýring við töflu: Hópum foreldra er raðað eftir tekjum (samkvæmt dálkinum meðaltal).

## Skipting ráðstöfunartekna í tekjuhópa

Skiptingin í tekjufimmtunga þarfnast skýringa. Tafla 2.5 byggir á röðun allra foreldra eftir ráðstöfunartekjum á neyslueiningu. Þvínæst er öllum foreldrum skipt upp í fimm jafn fjölmenna hópa, s.k. tekjufimmtunga, og að lokum er talið upp úr hverjum tekjufimmtungi hvað margir foreldrar tilheyra hverjum foreldrahópi (tafla 2.5.).

**Tafla 2.5. Röðun foreldra í tekjuhópa (tekjufimmtunga) eftir sambúðarstöðu. Samanburður aðferða I–III. Tekjuár: 2007**

	Fjöldi fullorðinna					Hlutfall innan foreldrahóps, %				
	Einstæðar mæður með börn	Einstæður mæður án barna	Einstæðir feður með börn	Einstæðir feður án barna	Sambúðar-fólk	Einstæðar mæður með börn	Einstæður mæður án barna	Einstæðir feður með börn	Einstæðir feður án barna	Sambúðar-fólk
<b>Aðferð I</b>										
<b>Alls</b>	<b>10.151</b>	<b>414</b>	<b>1.402</b>	<b>6.308</b>	<b>66.220</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	4.121	253	465	2.070	9.990	40,6	61,1	33,2	32,8	15,1
2. fimmtungur	2.917	62	317	1.017	12.586	28,7	15,0	22,6	16,1	19,0
3. fimmtungur	1.810	40	254	930	13.865	17,8	9,7	18,1	14,7	20,9
4. fimmtungur	886	39	202	1.057	14.715	8,7	9,4	14,4	16,8	22,2
5. fimmtungur	417	20	164	1.234	15.064	4,1	4,8	11,7	19,6	22,7
<b>Aðferð II</b>										
<b>Alls</b>	<b>10.151</b>	<b>414</b>	<b>1.402</b>	<b>6.308</b>	<b>66.220</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	3.491	328	451	3.360	9.269	34,4	79,2	32,2	53,3	14,0
2. fimmtungur	2.633	49	311	1.205	12.701	25,9	11,8	22,2	19,1	19,2
3. fimmtungur	1.977	18	239	717	13.948	19,5	4,3	17,0	11,4	21,1
4. fimmtungur	1.388	10	209	516	14.776	13,7	2,4	14,9	8,2	22,3
5. fimmtungur	662	9	192	510	15.526	6,5	2,2	13,7	8,1	23,4
<b>Aðferð III</b>										
<b>Alls</b>	<b>10.151</b>	<b>414</b>	<b>1.402</b>	<b>6.308</b>	<b>66.220</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	1.993	276	271	2.365	11.994	19,6	66,7	19,3	37,5	18,1
2. fimmtungur	1.754	56	204	1.112	13.773	17,3	13,5	14,6	17,6	20,8
3. fimmtungur	1.888	36	217	901	13.857	18,6	8,7	15,5	14,3	20,9
4. fimmtungur	2.381	26	299	866	13.327	23,5	6,3	21,3	13,7	20,1
5. fimmtungur	2.135	20	411	1.064	13.269	21,0	4,8	29,3	16,9	20,0

Hvort sem aðferð I eða II er beitt virðast einstæðar mæður án barna koma langverst út og ráðast 61,1% þeirra í lægsta tekjufimmtunginn skv. aðferð I og 79,2% skv. aðferð II. Meðal einstæðra feðra án barna lenda 32,8% í neðsta fimmtungi miðað við aðferð I en 53,3% miðað við aðferð II. 40,6% einstæðra mæðra með börn hafna í neðsta fimmtungnum skv. aðferð I en 34,4% sé tekið mið af aðferð II. Þá hafna 33,2% einstæðra feðra með börn í neðsta fimmtungnum samkvæmt aðferð I en samkvæmt aðferð II er hlutfallið 32,2%. Og að lokum er hlutfall sambúðarfólks í þessum neðsta fimmtungi mun lægra en einstæðra foreldra (15,1% skv. aðferð I og 14,0% skv. aðferð II). Rétt er þó að hafa í huga að þar sem þetta er langfjölmennasti foreldrahópurinn er




hér um rúmlegan helming einstaklinga í lægsta tekjufimmtungnum að ræða. Einstaklingar í sambúð sem búa við þessar lágu tekjur eru þannig fleiri en einstaklingar í öðrum hópum foreldra. Samkvæmt aðferð I raðast 9.990 einstaklingar í sambúð í neðsta fimmtunginn.


Í viðaukatöflu 2 er tilraun gerð til þess að lýsa hvernig ráðstöfunartekjur foreldrahópanna greinast eftir aldurshópunum þremur: undir þrítugu; á fertugsaldri, og fertugir og eldri. Augljóslega er jákvæð fylgni milli aldurs foreldra og ráðstöfunartekna; hækkandi aldur foreldra fer saman við hækkandi ráðstöfunartekjur. Þessi niðurstaða á við um alla hópa foreldra samkvæmt viðaukatöflu 2a og 2b. Foreldrar undir þrítugu eru 14,9% af heildinni en hvort sem litið er til einstæðra foreldra eða foreldra í sambúð raðast hátt hlutfall þessara foreldra í neðsta tekjufimmtunginn. Samkvæmt aðferð I lenda 69,7% einstæðra mæðra undir þrítugu með börn á heimili í þessum lægsta tekjufimmtungi (1.882 heimili), 76,8% einstæðra mæðra án barna (53 heimili) og rúmlega 43,4% einstæðra feðra án barna á heimili (584 heimili) og 46,4% einstæðra feðra með börn á heimili (90 heimili).

Taflan undirstrikar mikilvægi aldurs sem skýringarbreytu þegar ráðstöfunartekjur foreldra eru skoðaðar. Svo virðist sem að aldursþátturinn hafi minna gildi fyrir mæður án barna á heimili og feður með börn á heimili (tveir fámennustu foreldrahóparnir) en hjá hinum stærri foreldrahópum hver svo sem skýringin kann að vera. Þegar þessi niðurstaða er skoðuð með hliðsjón af bæði meðalgildi og miðgildi tekna hjá foreldrahópunum er vart hægt að sjá að niðurstaðan sé marktæk nema hvað varðar einstæðar mæður með börn á heimili. Svo er að sjá að hagur þeirra, mældur sem ráðstöfunartekjur á neyslueiningum (án tillits til útreikningsaðferða I og II), vænkist umfram aðra foreldrahópa með hækkandi aldri mæðranna.


**Mynd 2.2. Röðun foreldra í tekjufimmtunga.  
Aðferð I**




**Mynd 2.3. Röðun foreldra í tekjufimmtunga.  
Aðferð II**




**Mynd 2.4. Fjöldi foreldra og barna í neðsta tekjufimmtungi**



**Mynd 2.5 Miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu eftir sambúðarstöðu og aldri foreldra**





## Skuldir og eignir

Staða foreldrahópanna er mjög misjöfn hvað varðar eignastöðu og skuldir í árslok 2007 (tafla 2.6. og viðaukatafla 4).

**Tafla 2.6. Skuldir og eignir eftir sambúðarstöðu foreldra í árslok 2007**  
**Meðalgildi og miðgildi á hvert heimili. Allar fjárhæðir í krónum**

	Einstæðar mæður með börn á heimili	Einstæðar mæður án barna á heimili	Einstæðir feður með börn á heimili	Einstæðir feður án barna á heimili	Sambúðar- fólk (giftir og í sambúð)	Allir foreldra- hópar
<b>Miðgildi</b>						
Eignir	12.702.958	774.991	13.160.965	4.153.175	28.672.371	25.065.882
Skuldir v/íbúðakaupa	5.632.536	0	6.302.898	0	11.315.900	10.179.626
Aðrar skuldir	1.370.938	198.467	1.498.539	1.027.223	3.619.784	2.979.726
Skuldir alls	8.213.224	1.320.161	9.479.717	4.035.153	16.733.326	14.871.430
Eignir umfram skuldir	417.953	0	602.347	90.000	8.963.748	6.302.802
<b>Meðalgildi</b>						
Eignir	14.520.916	8.265.234	16.780.725	12.844.259	36.043.159	31.269.895
Skuldir v/íbúðakaupa	6.909.603	4.186.712	7.658.937	5.360.938	12.351.084	11.057.649
Aðrar skuldir	2.894.038	1.980.730	4.126.993	3.813.356	7.437.856	6.539.712
Skuldir alls	9.803.641	6.167.442	11.785.930	9.174.294	19.788.940	17.597.361
Eignir umfram skuldir	4.717.275	2.097.792	4.994.795	3.669.965	16.254.219	13.672.534
<b>Hlutföll, %</b>						
Íbúðarlánaskuldir sem hlutfall af eign	47,6	50,7	45,6	41,7	34,3	35,4
Heildarskuldir í hlutfalli af eign	67,5	74,6	70,2	71,4	54,9	56,3
Aðrar skuldir í hlutfalli af heildarskuldum	29,5	32,1	35,0	41,6	37,6	37,2
Eignir umfram skuldir í hlutfalli af eign	32,5	25,4	29,8	28,6	45,1	43,7

## Eignir

Sambúðarfólk (hjón meðtalin) átti eignir metnar að verðmæti 36,0 milljónir að meðaltali á hvert heimili í árslok 2007. Einstæðir feður með börn á heimili áttu að meðaltali eignir að verðmæti 16,8 milljónir og einstæðar mæður með börn á heimili áttu 14,5 milljónir í eignum að meðaltali. Minnstar eignir áttu einstæðir feður og einstæðar mæður án barna á heimili, feður áttu að meðaltali eignir að verðmæti 12,8 milljónir og mæður áttu 8,3 milljónir í eignum.


## **Skuldir**

Ef skuldir foreldrahópanna eru skoðaðar er ljóst að allir hóparnir skulda verulegar fjárhæðir, en einkum vegna íbúðarkaupna. Skuldir sambúðarfólks vegna íbúðarkaupna námu að meðaltali 12,4 milljónum. Einstæðir feður með börn á heimili skulduðu vegna íbúðarkaupna 7,7 milljónir og einstæðar mæður með börn 7,0 milljónir. Einstæðir foreldrar án barna á heimili skulduðu umtalsvert vegna íbúðarkaupna, feður skulduðu 5,4 milljónir, mæður 4,2 milljónir. Almennnt voru íbúðarskuldir einstæðra foreldra um 42–50% af eignum þess samanborið við 34% hjá sambúðarfólki. Þessa þróun má einnig greina ef eignir og skuldir eru skoðaðar eftir aldri foreldra (sjá viðaukatöflu 4 og myndir 2.7–2.10). Foreldrar undir þrítugu, óháð foreldrastöðu (einstæðar mæður án barna á heimili víkja frá þessu en þetta er minnsti hópurinn), skulda til íbúðarkaupna að meðaltali um 65% af eignum þess. Þetta hlutfall lækkar hratt eftir aldri hjá sambúðarfólki, sem bendir til verulegrar eignarmyndunar eftir því sem foreldrar verða eldri. Hins vegar lækkar skuldahlutfall einstæðra foreldra mun hægar eftir aldri.


## **Eignir umfram skuldir**

Svo er að sjá að fram undir fertugt er hrein eign einstæðra foreldra næsta óveruleg ef meðaleign þeirra er skoðuð eða á bilinu ½ milljón til 2 milljónir á hvert heimili einstæðra foreldra (viðaukatakafla 4). Annað augljóst einkenni sem greinir foreldrahópanna almennnt að er sú niðurstaða að meirihluti einstæðra foreldra undir fertugu á engar eignir umfram skuldir. Hins vegar á dæmigert sambúðarfólk á fertugsaldri um 5,6 milljónir í hreinni eign. Ef litið er til þess að eignamyndun fer vaxandi með hækkandi aldri foreldra og að hlutfallslega fleiri foreldrar eru í sambúð eftir fertugt má draga af því ályktun að lítil eignamyndun helst í hendur við félagslega stöðu einstæðra foreldra. Um þetta verður þó ekki mikið fjölyrt án þess að kannaðir séu aðrir undirliggjandi þættir sem geta haft veruleg áhrif á tekjur og þar með eignamyndun. Má þar nefna sem dæmi þýðingu menntunarstigs til að skýra að hluta mismunandi kjör foreldra.


**Mynd 2.7. Íbúðarlánaskuldir sem hlutfall af eign, %**




**Mynd 2.8. Aðrar skuldir í hlutfalli af heildarskuldum, %**



Mynd 2.9. Heildarskuldir í hlutfalli af eign, %



Mynd 2.10. Eignir umfram skuldir í hlutfalli af eign, %





**Viðaukatala 1. Barnafjölskyldur eftir aldri foreldra 1. janúar 2008.**

	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls
<b>Sambúðarfólk (giftir og í sambúð)</b>				
Heimili	4.161	11.838	17.111	<b>33.110</b>
Fjöldi fullorðinna	8.322	23.677	34.221	<b>66.220</b>
Börn 18 ára og yngri	6.060	25.276	30.328	<b>61.664</b>
Fjöldi alls á heimili	14.382	48.953	64.549	<b>127.884</b>
Meðalfjöldi barna	1,46	2,14	1,77	<b>1,86</b>
<b>Einstæðar mæður með börn á heimili</b>				
Heimili	2.699	3.412	4.040	<b>10.151</b>
Fjöldi fullorðinna	2.699	3.412	4.040	<b>10.151</b>
Börn 18 ára og yngri	3.487	6.011	6.017	<b>15.515</b>
Fjöldi alls á heimili	6.186	9.423	10.057	<b>25.666</b>
Meðalfjöldi barna	1,29	1,76	1,49	<b>1,53</b>
<b>Einstæðar mæður án barna á heimili</b>				
Heimili	69	99	246	<b>414</b>
Fjöldi fullorðinna	69	99	246	<b>414</b>
Börn 18 ára og yngri	0	0	0	<b>0</b>
Fjöldi alls á heimili	69	99	246	<b>414</b>
Meðalfjöldi barna	0,00	0,00	0,00	<b>0,00</b>
<b>Einstæðir feður með börn á heimili</b>				
Heimili	194	449	759	<b>1.402</b>
Fjöldi fullorðinna	194	449	759	<b>1.402</b>
Börn 18 ára og yngri	210	600	997	<b>1.807</b>
Fjöldi alls á heimili	404	1.049	1.756	<b>3.209</b>
Meðalfjöldi barna	1,08	1,34	1,31	<b>1,29</b>
<b>Einstæðir feður án barna á heimili</b>				
Heimili	1.346	2.093	2.869	<b>6.308</b>
Fjöldi fullorðinna	1.346	2.093	2.869	<b>6.308</b>
Börn 18 ára og yngri	0	0	0	<b>0</b>
Fjöldi alls á heimili	1.346	2.093	2.869	<b>6.308</b>
Meðalfjöldi barna	0,00	0,00	0,00	<b>0,00</b>

<b>Allir foreldrahópar</b>				
Heimili	8.469	17.891	25.025	<b>51.385</b>
Fjöldi fullorðinna	12.630	29.730	42.135	<b>84.495</b>
Börn 18 ára og yngri	9.757	31.887	37.342	<b>78.986</b>
Fjöldi alls á heimili	22.387	61.617	79.477	<b>163.481</b>
Meðalfjöldi barna	1,15	1,78	1,49	<b>1,54</b>

**Viðaukatala 2a. Ráðstöfunartekjur á neyslueningu með samanburði aðferða I-II. Röðun foreldra í tekjuhópa (tekjufimmtunga) eftir sambúðarstöðu, aldri og því hvort börn búa á heimili viðkomandi. Tekjuár: 2007. Aðferð I**

	Fjöldi fullorðinna				Hlutfallsleg skipting, %			
	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls
<b>Einstæðar mæður með börn á heimili</b>	<b>2.699</b>	<b>3.412</b>	<b>4.040</b>	<b>10.151</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	1.882	1.213	1.026	<b>4.121</b>	69,7	35,6	25,4	<b>40,6</b>
2. fimmtungur	540	1.071	1.306	<b>2.917</b>	20,0	31,4	32,3	<b>28,7</b>
3. fimmtungur	186	710	914	<b>1.810</b>	6,9	20,8	22,6	<b>17,8</b>
4. fimmtungur	53	307	526	<b>886</b>	2,0	9,0	13,0	<b>8,7</b>
5. fimmtungur	38	111	268	<b>417</b>	1,4	3,3	6,6	<b>4,1</b>
<b>Einstæðir feður með börn á heimili</b>	<b>194</b>	<b>449</b>	<b>759</b>	<b>1.402</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	90	135	240	<b>465</b>	46,4	30,1	31,6	<b>33,2</b>
2. fimmtungur	47	108	162	<b>317</b>	24,2	24,1	21,3	<b>22,6</b>
3. fimmtungur	26	102	126	<b>254</b>	13,4	22,7	16,6	<b>18,1</b>
4. fimmtungur	22	66	114	<b>202</b>	11,3	14,7	15,0	<b>14,4</b>
5. fimmtungur	9	38	117	<b>164</b>	4,6	8,5	15,4	<b>11,7</b>
<b>Fólk í sambúð</b>	<b>8.322</b>	<b>23.677</b>	<b>34.221</b>	<b>66.220</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	2.163	3.688	4.139	<b>9.990</b>	26,0	15,6	12,1	<b>15,1</b>
2. fimmtungur	2.348	5.144	5.094	<b>12.586</b>	28,2	21,7	14,9	<b>19,0</b>
3. fimmtungur	1.880	5.464	6.522	<b>13.866</b>	22,6	23,1	19,1	<b>20,9</b>
4. fimmtungur	1.297	5.084	8.333	<b>14.714</b>	15,6	21,5	24,4	<b>22,2</b>
5. fimmtungur	634	4.297	10.133	<b>15.064</b>	7,6	18,1	29,6	<b>22,7</b>
<b>Einstæðar mæður án barna á heimili</b>	<b>69</b>	<b>99</b>	<b>246</b>	<b>414</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	53	69	131	<b>253</b>	76,8	69,7	53,3	<b>61,1</b>
2. fimmtungur	8	11	43	<b>62</b>	11,6	11,1	17,5	<b>15,0</b>
3. fimmtungur	4	9	27	<b>40</b>	5,8	9,1	11,0	<b>9,7</b>
4. fimmtungur	1	7	31	<b>39</b>	1,4	7,1	12,6	<b>9,4</b>
5. fimmtungur	3	3	14	<b>20</b>	4,3	3,0	5,7	<b>4,8</b>
<b>Einstæðir feður án barna</b>	<b>1.346</b>	<b>2.093</b>	<b>2.869</b>	<b>6.308</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	584	617	869	<b>2.070</b>	43,4	29,5	30,3	<b>32,8</b>
2. fimmtungur	265	342	410	<b>1.017</b>	19,7	16,3	14,3	<b>16,1</b>
3. fimmtungur	205	339	386	<b>930</b>	15,2	16,2	13,5	<b>14,7</b>
4. fimmtungur	174	381	502	<b>1.057</b>	12,9	18,2	17,5	<b>16,8</b>
5. fimmtungur	118	414	702	<b>1.234</b>	8,8	19,8	24,5	<b>19,6</b>

<b>Alls</b>	<b>12.630</b>	<b>29.730</b>	<b>42.135</b>	<b>84.495</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	4.772	5.722	6.405	<b>16.899</b>	37,8	19,2	15,2	<b>20,0</b>
2. fimmtungur	3.208	6.676	7.015	<b>16.899</b>	25,4	22,5	16,6	<b>20,0</b>
3. fimmtungur	2.301	6.624	7.974	<b>16.899</b>	18,2	22,3	18,9	<b>20,0</b>
4. fimmtungur	1.547	5.845	9.507	<b>16.899</b>	12,2	19,7	22,6	<b>20,0</b>
5. fimmtungur	802	4.863	11.234	<b>16.899</b>	6,3	16,4	26,7	<b>20,0</b>

**Viðaukatafla 2b. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu með samanburði aðferða I–II. Röðun foreldra í tekjuhópa (tekjufimmtunga) eftir sambúðarstöðu, aldri og því hvort börn búa á heimili viðkomandi. Tekjuár: 2007. Aðferð II**

	Fjöldi fullorðinna				Hlutfallsleg skipting, %			
	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls
<b>Einstæðar mæður með börn á heimili</b>	<b>2.699</b>	<b>3.412</b>	<b>4.040</b>	<b>10.151</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	1.773	873	845	<b>3.491</b>	65,7	25,6	20,9	<b>34,4</b>
2. fimmtungur	562	906	1.165	<b>2.633</b>	20,8	26,6	28,8	<b>25,9</b>
3. fimmtungur	227	789	961	<b>1.977</b>	8,4	23,1	23,8	<b>19,5</b>
4. fimmtungur	88	607	693	<b>1.388</b>	3,3	17,8	17,2	<b>13,7</b>
5. fimmtungur	49	237	376	<b>662</b>	1,8	6,9	9,3	<b>6,5</b>
<b>Einstæðir feður með börn á heimili</b>	<b>194</b>	<b>449</b>	<b>759</b>	<b>1.402</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	98	130	223	<b>451</b>	50,5	29,0	29,4	<b>32,2</b>
2. fimmtungur	47	102	162	<b>311</b>	24,2	22,7	21,3	<b>22,2</b>
3. fimmtungur	21	97	121	<b>239</b>	10,8	21,6	15,9	<b>17,0</b>
4. fimmtungur	18	72	119	<b>209</b>	9,3	16,0	15,7	<b>14,9</b>
5. fimmtungur	10	48	134	<b>192</b>	5,2	10,7	17,7	<b>13,7</b>
<b>Fólk í sambúð</b>	<b>8.322</b>	<b>23.677</b>	<b>34.221</b>	<b>66.220</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	2.463	2.927	3.880	<b>9.270</b>	29,6	12,4	11,3	<b>14,0</b>
2. fimmtungur	2.618	4.676	5.406	<b>12.700</b>	31,5	19,7	15,8	<b>19,2</b>
3. fimmtungur	1.764	5.358	6.826	<b>13.948</b>	21,2	22,6	19,9	<b>21,1</b>
4. fimmtungur	982	5.565	8.229	<b>14.776</b>	11,8	23,5	24,0	<b>22,3</b>
5. fimmtungur	495	5.151	9.880	<b>15.526</b>	5,9	21,8	28,9	<b>23,4</b>
<b>Einstæðar mæður án barna á heimili</b>	<b>69</b>	<b>99</b>	<b>246</b>	<b>414</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	62	80	186	<b>328</b>	89,9	80,8	75,6	<b>79,2</b>
2. fimmtungur	4	13	32	<b>49</b>	5,8	13,1	13,0	<b>11,8</b>
3. fimmtungur	0	3	15	<b>18</b>	0,0	3,0	6,1	<b>4,3</b>
4. fimmtungur	1	1	8	<b>10</b>	1,4	1,0	3,3	<b>2,4</b>
5. fimmtungur	2	2	5	<b>9</b>	2,9	2,0	2,0	<b>2,2</b>
<b>Einstæðir feður án barna á heimili</b>	<b>1.346</b>	<b>2.093</b>	<b>2.869</b>	<b>6.308</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	912	1.053	1.395	<b>3.360</b>	67,8	50,3	48,6	<b>53,3</b>
2. fimmtungur	237	429	539	<b>1.205</b>	17,6	20,5	18,8	<b>19,1</b>
3. fimmtungur	105	276	336	<b>717</b>	7,8	13,2	11,7	<b>11,4</b>
4. fimmtungur	52	181	283	<b>516</b>	3,9	8,6	9,9	<b>8,2</b>
5. fimmtungur	40	154	316	<b>510</b>	3,0	7,4	11,0	<b>8,1</b>
<b>Alls</b>	<b>12.630</b>	<b>29.730</b>	<b>42.135</b>	<b>84.495</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
1. fimmtungur	5.308	5.062	6.529	<b>16.899</b>	42,0	17,0	15,5	<b>20,0</b>
2. fimmtungur	3.468	6.127	7.304	<b>16.899</b>	27,5	20,6	17,3	<b>20,0</b>
3. fimmtungur	2.117	6.523	8.259	<b>16.899</b>	16,8	21,9	19,6	<b>20,0</b>
4. fimmtungur	1.141	6.426	9.332	<b>16.899</b>	9,0	21,6	22,1	<b>20,0</b>
5. fimmtungur	596	5.592	10.711	<b>16.899</b>	4,7	18,8	25,4	<b>20,0</b>

**Viðaukatafla 3. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eftir sambúðarstöðu, aldri og því hvort börn búa á heimili viðkomandi. Röðun tekna. Tekjuárið 2007.**

	Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu, krónur				Vísitölur: Allir foreldrahópar = 100			
	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls
<b>stuðlar: einstaklingur=1, maki=0,5, barn á heimili=0,3</b>								
<b>Meðaltal</b>								
<b>Allir foreldrahópar</b>	<b>2.600.645</b>	<b>3.455.808</b>	<b>4.033.646</b>	<b>3.616.131</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Fólk í sambúð	2.857.601	3.634.343	4.197.220	<b>3.827.610</b>	109,9	105,2	104,1	<b>105,8</b>
Einstæðir feður án barna á heimili	2.521.775	3.225.232	4.053.002	<b>3.451.614</b>	97,0	93,3	100,5	<b>95,5</b>
Einstæðir feður með börn á heimili	2.354.198	2.770.280	3.352.229	<b>3.027.755</b>	90,5	80,2	83,1	<b>83,7</b>
Einstæðar mæður með börn á heimili	1.883.452	2.491.628	2.865.087	<b>2.478.557</b>	72,4	72,1	71,0	<b>68,5</b>
Einstæðar mæður án barna á heimili	1.894.749	1.970.785	2.346.653	<b>2.181.454</b>	72,9	57,0	58,2	<b>60,3</b>
<b>Miðgildi</b>								
<b>Allir foreldrahópar</b>	<b>2.399.821</b>	<b>2.915.804</b>	<b>3.269.760</b>	<b>2.990.182</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Fólk í sambúð	2.627.859	3.023.967	3.416.097	<b>3.149.176</b>	109,5	103,7	104,5	<b>105,3</b>
Einstæðir feður án barna á heimili	2.322.406	2.856.849	2.927.027	<b>2.748.924</b>	96,8	98,0	89,5	<b>91,9</b>
Einstæðir feður með börn á heimili	2.176.480	2.632.210	2.637.666	<b>2.580.701</b>	90,7	90,3	80,7	<b>86,3</b>
Einstæðar mæður með börn á heimili	1.799.632	2.397.509	2.573.881	<b>2.317.333</b>	75,0	82,2	78,7	<b>77,5</b>
Einstæðar mæður án barna á heimili	1.593.849	1.736.005	2.032.256	<b>1.880.337</b>	66,4	59,5	62,2	<b>62,9</b>
<b>stuðlar: einstaklingur=1, maki=0,5</b>								
<b>Meðaltal</b>								
<b>Allir foreldrahópar</b>	<b>3.306.827</b>	<b>4.839.911</b>	<b>5.347.697</b>	<b>4.863.968</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Fólk í sambúð	3.671.396	5.165.711	5.637.213	<b>5.221.579</b>	111,0	106,7	105,4	<b>107,4</b>
Einstæðir feður með börn á heimili	3.118.410	3.850.854	4.718.226	<b>4.219.072</b>	94,3	79,6	88,2	<b>86,7</b>
Einstæðar mæður með börn á heimili	2.623.880	3.782.960	4.115.769	<b>3.607.233</b>	79,3	78,2	77,0	<b>74,2</b>
Einstæðir feður án barna á heimili	2.521.775	3.225.232	4.053.002	<b>3.451.614</b>	76,3	66,6	75,8	<b>71,0</b>
Einstæðar mæður án barna á heimili	1.894.749	1.970.785	2.346.653	<b>2.181.454</b>	57,3	40,7	43,9	<b>44,8</b>
<b>Miðgildi</b>								
<b>Allir foreldrahópar</b>	<b>3.093.257</b>	<b>4.142.522</b>	<b>4.383.580</b>	<b>4.085.221</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Fólk í sambúð	3.405.023	4.320.276	4.590.666	<b>4.323.636</b>	110,1	104,3	104,7	<b>105,8</b>
Einstæðir feður með börn á heimili	2.846.496	3.614.538	3.679.689	<b>3.549.990</b>	92,0	87,3	83,9	<b>86,9</b>
Einstæðar mæður með börn á heimili	2.471.892	3.622.021	3.704.619	<b>3.342.007</b>	79,9	87,4	84,5	<b>81,8</b>
Einstæðir feður án barna á heimili	2.322.406	2.856.849	2.927.027	<b>2.748.924</b>	75,1	69,0	66,8	<b>67,3</b>
Einstæðar mæður án barna á heimili	1.593.849	1.736.005	2.032.256	<b>1.880.337</b>	51,5	41,9	46,4	<b>46,0</b>

	Miðgildi				Meðalgildi			
	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls	<30 ára	30-39 ára	>39 ára	Alls
<b>Sambúðarfólk (giftir og í sambúð)</b>								
Eignir	19.411.788	26.660.912	34.556.590	<b>28.672.371</b>	19.612.190	32.187.775	42.721.386	<b>36.043.159</b>
Skuldir v/íbúðakaupa	13.484.416	13.809.554	9.069.018	<b>11.315.900</b>	12.681.599	14.669.410	10.663.761	<b>12.351.084</b>
Aðrar skuldir	2.892.622	3.924.390	3.630.836	<b>3.619.784</b>	4.771.290	7.713.263	7.897.148	<b>7.437.856</b>
Skuldir alls	17.005.186	19.161.050	14.777.074	<b>16.733.326</b>	17.452.889	22.382.673	18.560.909	<b>19.788.940</b>
Eignir umfram skuldir	844.155	5.561.182	16.775.662	<b>8.963.748</b>	2.159.301	9.805.102	24.160.477	<b>16.254.219</b>
<b>Einstæðar mæður með börn á heimili</b>								
Eignir	658.584	13.632.071	19.200.602	<b>12.702.958</b>	5.582.922	13.099.824	21.692.305	<b>14.520.916</b>
Skuldir v/íbúðakaupa	0	7.720.114	8.036.561	<b>5.632.536</b>	3.800.779	7.923.980	8.129.817	<b>6.909.603</b>
Aðrar skuldir	840.421	1.758.034	1.479.911	<b>1.370.938</b>	1.925.749	3.190.280	3.290.730	<b>2.894.038</b>
Skuldir alls	1.600.691	10.396.973	10.395.935	<b>8.213.224</b>	5.726.528	11.114.260	11.420.546	<b>9.803.641</b>
Eignir umfram skuldir	0	220.259	4.691.445	<b>417.953</b>	-143.606	1.985.564	10.271.759	<b>4.717.275</b>
<b>Einstæðar mæður án barna á heimili</b>								
Eignir	19.000	440.000	5.796.238	<b>774.991</b>	2.019.908	6.445.489	10.749.308	<b>8.265.234</b>
Skuldir v/íbúðakaupa	0	0	0	<b>0</b>	982.042	4.006.384	5.158.153	<b>4.186.712</b>
Aðrar skuldir	0	228.347	352.271	<b>198.467</b>	955.756	1.861.781	2.316.093	<b>1.980.730</b>
Skuldir alls	0	921.131	3.276.102	<b>1.320.161</b>	1.937.798	5.868.164	7.474.246	<b>6.167.442</b>
Eignir umfram skuldir	0	0	186.204	<b>0</b>	82.110	577.325	3.275.062	<b>2.097.792</b>
<b>Einstæðir feður með börn á heimili</b>								
Eignir	8.007.652	13.265.000	15.590.641	<b>13.160.965</b>	9.453.832	15.475.442	19.425.639	<b>16.780.725</b>
Skuldir v/íbúðakaupa	3.686.007	7.796.547	5.250.720	<b>6.302.898</b>	6.806.159	8.440.017	7.414.845	<b>7.658.937</b>
Aðrar skuldir	1.349.477	1.844.378	1.394.834	<b>1.498.539</b>	2.648.250	5.043.068	3.963.039	<b>4.126.993</b>
Skuldir alls	8.300.240	11.379.516	8.600.000	<b>9.479.717</b>	9.454.409	13.483.085	11.377.884	<b>11.785.930</b>
Eignir umfram skuldir	0	275.000	2.322.774	<b>602.347</b>	-576	1.992.357	8.047.755	<b>4.994.795</b>
<b>Einstæðir feður án barna á heimili</b>								
Eignir	956.827	4.253.096	10.700.000	<b>4.153.175</b>	6.037.428	10.656.929	17.633.411	<b>12.844.259</b>
Skuldir v/íbúðakaupa	0	0	0	<b>0</b>	3.657.835	5.975.271	5.711.784	<b>5.360.938</b>
Aðrar skuldir	917.018	1.355.464	856.486	<b>1.027.223</b>	2.333.154	3.716.614	4.578.373	<b>3.813.356</b>
Skuldir alls	1.719.802	4.683.320	5.741.019	<b>4.035.153</b>	5.990.989	9.691.885	10.290.157	<b>9.174.294</b>
Eignir umfram skuldir	0	0	620.851	<b>90.000</b>	46.439	965.044	7.343.254	<b>3.669.965</b>
<b>Allir foreldrahópar</b>								
Eignir	14.774.365	23.908.421	30.428.666	<b>25.065.882</b>	14.920.541	28.145.672	38.387.218	<b>31.269.895</b>
Skuldir v/íbúðakaupa	9.828.951	12.638.330	8.605.916	<b>10.179.626</b>	9.671.284	13.154.522	9.992.439	<b>11.057.649</b>
Aðrar skuldir	2.089.322	3.385.962	3.040.586	<b>2.979.726</b>	3.850.934	6.853.520	7.125.459	<b>6.539.712</b>
Skuldir alls	12.935.985	17.382.418	13.604.630	<b>14.871.430</b>	13.522.217	20.008.043	17.117.898	<b>17.597.361</b>
Eignir umfram skuldir	91.088	3.931.408	13.286.172	<b>6.302.802</b>	1.398.324	8.137.629	21.269.320	<b>13.672.534</b>

Viðaukatala 4. Skuldir og eignir eftir sambúðarstöðu og aldri foreldra í árslok 2007.

Viðaukatafla 5a. Röðun foreldra og barna í tekjuhópa (tekjufimmtunga) eftir sambúðarstöðu foreldra og fjölda barna á heimili og utan þess. Tekjuár: 2007. Aðferð I

	Fjöldi foreldra	Fjöldi barna á heimili	Meðalfjöldi barna á heimili	Fjöldi barna utan heimilis	Meðalfjöldi barna utan heimilis
<b>Heimili einstæðra mæðra með börn</b>	<b>10.151</b>	<b>15.515</b>	<b>1,53</b>	<b>550</b>	<b>0,05</b>
1. fimmtungur	4.121	6.198	1,50	283	0,07
2. fimmtungur	2.917	4.671	1,60	140	0,05
3. fimmtungur	1.810	2.850	1,57	68	0,04
4. fimmtungur	886	1.247	1,41	34	0,04
5. fimmtungur	417	549	1,32	25	0,06
<b>Heimili einstæðra feðra með börn</b>	<b>1.402</b>	<b>1.807</b>	<b>1,29</b>	<b>684</b>	<b>0,49</b>
1. fimmtungur	465	612	1,32	230	0,49
2. fimmtungur	317	433	1,37	164	0,52
3. fimmtungur	254	319	1,26	129	0,51
4. fimmtungur	202	250	1,24	81	0,40
5. fimmtungur	164	193	1,18	80	0,49
<b>Heimili einstæðra mæðra án barna</b>	<b>414</b>	<b>•</b>	<b>•</b>	<b>544</b>	<b>1,31</b>
1. fimmtungur	253	•	•	342	1,35
2. fimmtungur	62	•	•	78	1,26
3. fimmtungur	40	•	•	54	1,35
4. fimmtungur	39	•	•	41	1,05
5. fimmtungur	20	•	•	29	1,45
<b>Heimili einstæðra feðra án barna</b>	<b>6.308</b>	<b>•</b>	<b>•</b>	<b>9.719</b>	<b>1,54</b>
1. fimmtungur	2.070	•	•	3.256	1,57
2. fimmtungur	1.017	•	•	1.565	1,54
3. fimmtungur	930	•	•	1.341	1,44
4. fimmtungur	1.057	•	•	1.620	1,53
5. fimmtungur	1.234	•	•	1.937	1,57
<b>Heimili sambúðarfólks</b>	<b>66.220</b>	<b>61.664</b>	<b>1,86</b>	<b>4.238</b>	<b>0,13</b>
1. fimmtungur	9.990	10.067	2,02	715	0,14

2. fimmtungur	12.586	12.812	2,04	890	0,14
3. fimmtungur	13.865	13.333	1,92	892	0,13
4. fimmtungur	14.715	12.829	1,74	860	0,12
5. fimmtungur	15.064	12.623	1,68	881	0,12

**Viðaukatala 5b. Röðun foreldra og barna í tekjuhópa (tekjufimmtunga) eftir sambúðarstöðu foreldra og fjölda barna á heimili og utan þess. Tekjuár: 2007. Aðferð II**

	Fjöldi foreldra	Fjöldi barna á heimili	Meðalfjöldi barna á heimili	Fjöldi barna utan heimilis	Meðalfjöldi barna utan heimilis
<b>Heimili einstæðra mæðra með börn</b>	<b>10.151</b>	<b>15.515</b>	<b>1,53</b>	<b>550</b>	<b>0,05</b>
1. fimmtungur	3.491	4.368	1,25	241	0,07
2. fimmtungur	2.633	3.779	1,44	142	0,05
3. fimmtungur	1.977	3.326	1,68	92	0,05
4. fimmtungur	1.388	2.712	1,95	42	0,03
5. fimmtungur	662	1.330	2,01	33	0,05
<b>Heimili einstæðra feðra með börn</b>	<b>1.402</b>	<b>1.807</b>	<b>1,29</b>	<b>684</b>	<b>0,49</b>
1. fimmtungur	451	546	1,21	231	0,51
2. fimmtungur	311	371	1,19	164	0,53
3. fimmtungur	239	321	1,34	128	0,54
4. fimmtungur	209	302	1,44	78	0,37
5. fimmtungur	192	267	1,39	83	0,43
<b>Heimili einstæðra mæðra án barna</b>	<b>414</b>	•	•	<b>544</b>	<b>1,31</b>
1. fimmtungur	328	•	•	437	1,33
2. fimmtungur	49	•	•	60	1,22
3. fimmtungur	18	•	•	19	1,06
4. fimmtungur	10	•	•	15	1,50
5. fimmtungur	9	•	•	13	1,44
<b>Heimili einstæðra feðra án barna</b>	<b>6.308</b>	•	•	<b>9.719</b>	<b>1,54</b>
1. fimmtungur	3.360	•	•	5.220	1,55
2. fimmtungur	1.205	•	•	1.788	1,48
3. fimmtungur	717	•	•	1.099	1,53
4. fimmtungur	516	•	•	811	1,57



5. fimmtungur	510	•	•	801	1,57
<b>Heimili</b>					
<b>sambúðarfólks</b>	<b>66.220</b>	<b>61.664</b>	<b>1,86</b>	<b>4.238</b>	<b>0,13</b>
1. fimmtungur	9.269	7.458	1,61	721	0,16
2. fimmtungur	12.701	11.381	1,79	910	0,14
3. fimmtungur	13.948	13.221	1,90	891	0,13
4. fimmtungur	14.776	14.332	1,94	873	0,12
5. fimmtungur	15.526	15.272	1,97	843	0,11

## FYLGISKJAL II: Dagskrá málþings um fjölskyldumál

### Málþing um fjölskyldumál á Íslandi

„Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi?“

Mánudaginn 27. október 2008 á Grand Hótel kl. 12.30–17.00

12.30 Málþing sett

Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra.

Kynning á starfi nefndar um einstæða og forsjárlausa foreldra og stjúpfóreltra og réttarstöðu barna þeirra.

- Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndarinnar.

13.00 Félagsleg staða barna í mismunandi fjölskyldum

– *líðan barna - að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi – „réttur“ foreldra vs. „réttur barns“ – ráðgjöf og fræðsla*

- Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

- Ársæll Már Arnarsson, lektor í sálfræði við Háskólann á Akureyri.

- Gunnar Hersveinn heimspekingur.

Umræður eftir hvert framsöguerindi.

14.00 Lagaleg staða barna eftir mismunandi fjölskyldugerðum

– *sameiginleg forsjá – lögheimili – umgengni – stjúpfjölskyldur – forsjárlausir foreldrar – sáttaleiðir – heimildir dómara*

- Valborg Snævarr lögmaður.

- Dögg Pálsdóttir lögmaður.

- Jóhann Loftsson sálfræðingur.

Umræður eftir hvert framsöguerindi.

15.00 Kaffi.

15.30 Fjárhagsleg staða barna eftir mismunandi fjölskyldugerðum

– *fátæk börn – meðlag – barnabætur – fjárhagsaðstoð – sérstakur stuðningur ríkis og sveitarfélaga*

- Guðný Björk Eydal, deildarforseti félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands.

- Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

- Laufey Ólafsdóttir, formaður Félags einstæðra foreldra.

Umræður eftir hvert framsöguerindi.

16.30 Barnið í framtíðarfjölskyldunni

- Ragnhildur Sverrisdóttir, blaðamaður, Morgunblaðinu.

16.45 Ráðstefnuslit.

Ráðstefnustjóri er Lára Björnsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Málþingið er opið öllum og er aðgangur ókeypis.